



# FRÉTTABLAÐIÐ

11. mars 2006 — 69. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

**Draumalandið**

Andri Snær Magnason gefur út sjálfshjálparbók fyrir hrædda þjóð.

VIÐTAL 26

**Mikil flökkukind**

Nýr þáttur hefur göngu sína á NFS sem Halla Gunnarsdóttir stýrir en þar verða kynnt lönd sem eru okkur framandi.

FÓLK 54

**El Salvador**


Gengið verður til þing- og borgarstjórnarkosninga á morgun í El Salvador. Ljóst er að mikill vandi bíður þeirra sem halda munu um stjórnar- taumana þar í landi.

HELGAREFNI 28

**Fjalar á förum frá Þrótti?**

Markaðurinn Fjalar Þorgeirsson hefur hug á að yfirgefa Þrótt og spila í efstu deild með Fylki. Fjalari gengur illa að losna frá liðinu en Fylkismenn og Þróttarar hafa átt í viðræðum um kaupverðið á markmanninum sem vill ekki framlengja samning sinn við Þrótt.

ÍPRÓTTIR 50

**VEÐRIÐ Í DAG**

**VÍÐA EINHVER VÆTA** – Í dag verður nokkuð stíf suðaustlæg átt austan til, annars hægar. Rigning eða skúrir, sist norðvestan til. Híti 1-6 stig að deginum, svalast á Vestfjörðum.

VEDUR 4

## Háskólinn þiggur 25 kennarastöður

Fyrirtæki og stofnanir greiða alls 130 milljónir króna til að kosta stöðugildi innan Háskóla Íslands. Leitum óhikað til fyrirtækja og þau til okkar, segir rektor.

**MENNTAMÁL** Mikil aukning hefur orðið á kostuðum stöðum hjá Háskóla Íslands síðustu árin en þær eru 25 í dag en voru aðeins níu fyrir sex árum. Tæplega tuttugu fyrirtæki eða stofnanir greiða laun kennara í sex deildum skólans þessa önn. Mest er um að greidd séu laun lektora. Kostnaður vegna þessa er um 130 milljónir króna.

Fullt stöðugildi kostar hvert fyrirtæki um sex milljónir króna og er því um talsverða hagsmuni fyrir Háskólann að ræða. Flestar kostaðar stöður eru í hugvísinda- deild, átta sendikennarar auk eins

lektors í japönsku. Í félagsvísinda- deild eru kostuð stöðugildi 6,5 talsins. Tvö stöðugildi prófessora eru kostuð við raunvísindadeild og að auki greiða fyrirtæki stöður í guðfræði-, lækna- og viðskipta- og hagfræðideild.

Ríkisstofnanir greiða allnokkrar stöður. Seðlabanki Íslands greiðir þannig tvær stöður í viðskipta- og hagfræðideild. Annað er kennarastarf en einnig er 2,4 milljóna króna framlag til rannsókna á íslenskum verðbréfum. Trygginga- stofnun kostar hálfa stöðu dósents við læknadeild og Umhverfisstofn-

un greiðir heila stöðu í dyrafræði við raunvísindadeild.

KB banki hefur þó vinninginn með stærsta framlagið, alls fimmtán milljónir króna, vegna meistaranáms í fjármálafræði.

Kristín Ingólfssdóttir rektor segir þetta eina leið skólans til að ná í fjármagn aukalega til að styrkja innviði hans og takast á við ný verkefni. „Við leitum óhikað til fyrirtækja og þau til okkar enda er um að ræða talsverðar upphæðir sem virkilega munar um í starfi skólans.“

albert@frettabladid.is



TOPPNUM LYFT Efsti hlutinn er samsettur úr tveimur einingum sem samtals veiga 93 tonn.

Álver í Reyðarfirði:

### Tröllvaxinn reykháfur

**STÓRIÐJA** Starfsmenn Bechtel hafa lokið við að koma fyrir 78 metra háum reykháfi við lofthreinsibúnað álvers Alcoa í Reyðarfirði. Reykháfurinn var smíðaður í Portúgal og fluttur til Íslands í fimm hlutum en heildarþyngd hans er 385 tonn.

Björn S. Lárusson, samskipta- stjórnari Bechtel, segir reykháfinn hæsta óstagaða mannvirkni á Íslandi en til að koma honum á sinn stað var notast við krana sem lyft getur allt að 600 tonnum.

Til að draga úr slyshættu voru stigar, pallar og ljós sett á reykháfinn áður en hann var reistur. - kk

Krónan og hlutabréf lækka:

### Dollarinn yfir 70 krónur

**GENGISMÁL** Hlutabréf héldu áfram að lækka í gær og nam lækkun gærdagsins 1,23 prósentum.

Krónan veiktist einnig og fór gengisvísitala hennar yfir 117 stig. Hærrí vísitala þýðir veikari króna.

Gengi dollarans fór yfir sjötíu krónur og er það í fyrsta skiptið síðan í október 2004. Gott uppgjör FL Group náði ekki að lyfta brún markaðarins, en meðal neikvæðra tíðinda var að verðbólga í mánuðnum var 1,12 prósent, en greiningardeildir bankanna höfðu búið við 0,7 til 0,9 prósentna verðbólgu. - hh / sjá síðu 10



ÓEIRÐIR Í PARÍS Stúdentar við hinn fræga Sorbonne háskóla í París gripu til gamalkunngra ráða þegar þeir mótmæltu lögum um starfsráðningu fólks undir 26 ára aldri. Lögin heimila atvinnurekendum að segja upp fólki án fyrirvara á fyrstu tveim árum ráðningar. Hér byggja stúdentarnir sér virki úr borðum og stólum til að verjast lögreglu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Rúmlega tvítugur maður dæmdur fyrir kynferðisbrot:

## Árs fangelsi fyrir misbeitingu

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítugur maður var í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær dæmdur í tólf mánaða óskil- orðsbundið fangelsi fyrir að hafa fært sér í nyt ölvunarástand sextán ára stúlku og haft við hana samræði í stigagangi fjölbýlishúss í Reykjavík.

Verknaðurinn átti sér stað í apríl árið 2005. Ákærði ók stúlkunni heim úr partíi og bar vitnum saman um að hún hefði verið ofur- ölv. Að sögn stúlkunnar man hún aðeins parta úr kvöldinu. Ákærði ákvað að fylgja stúlkunni inn svo að hún kæmist klakklaustr upp á þriðju hæð. Þegar stúlkan sofnaði áfengisdauða á leiðinni mun ákærði hafa átt við hana samræði



HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR Ákærði krafðist sýknu og frávisun bótakröfu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

í stigaganginum.


Ákærði var einnig dæmdur til að greiða stúlkunni 700.000 krónur

með dráttarvöxum í skaðabætur. Skaðabætur voru miðaðar út frá lýsingum stúlkunnar og móður hennar á afleiðingum háttseminnar. Þær benda eindregið til að verknaðurinn hafi markað djúp spor í lífi stúlkunnar og leitt til umtalsverðra breytinga á líðan hennar og högum. Einnig var tekið tillit til þess að maðurinn var 19 ára þegar verknaðurinn var framinn og er í senn eignalaus og efnalítill. Ákærði var jafnframt dæmdur til að greiða 507.000 krónur í sakarkostnað, þar með talin 325.000 króna málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns og 150.000 krónur í þóknun réttargæslu- manns stúlkunnar. - sdg

**HEILBRIGÐUR ÚTBOÐS- MARKAÐUR?**

Ráðstefna SI á stórsýningunni Verk og Vit 2006

Nánari upplýsingar, dagskrá og skráning á [www.si.is](http://www.si.is)



$$2 + 6 = 1$$



## SPURNING DAGSINS

Þórður, var þetta trúðasýning?

Nei, þetta var töfframannasýning.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, var ásamt Bjarna Ármannssyni, Hannesi Smárasyni, Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og Ágústi Guðmundssyni í Tívoliinu í Kaupmannahöfn að kynna íslensku útrásina fyrir Dönunum í fyrradag.

Leikfélag Akureyrar:

## Sölumet í Borgarleikhúsinu

**LEIKHÚS** Vinsælasta sýning Leikfélags Akureyrar, gamanleikritið Fullkomið brúðkaup, hefur slegið sölumet í Borgarleikhúsinu. Í gær hófst miðasala og voru rúmlega



MAGNÚS GEIR ÞÓRÐARSON

4.000 miðar seldir í lok dags. Að sögn Guðjóns Pedersen, leikhússtjóra Borgarleikhússins, sprakk símkerfið undan álagi um morguninn. Fullkomið brúðkaup sló öll aðsóknarmet á Akureyri og er vinsælasta sýningin í sögu leikhússins. Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri LA og leikstjóri verksins, segist hlakka til að koma suður og kitla hláturtaugar borgarbúa. - sdg

Fótboltabullur varaðar við:

## Nasistakveðja ekki liðin

**BRETLAND** Englendingar sem verða uppvísir að því að heilsa með nasistakveðju á Heimsmeistarameginu í Þýskalandi sem fram fer í sumar verða ákærðir að sögn breska innanríkisráðuneytisins.

Gert er ráð fyrir að um hundrað þúsund enskir stuðningsmenn geri sér ferð til Þýskalands vegna mótsins. Geri stuðningsmennirnir sig seka um skrífshátt eða sýni með einhverjum hætti hollustu við eitthvað sem tengist nasistatímanum verður þeim meinað að sækja leiki Englands og alla leiki heima fyrir að auki. ■

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ekið á gangandi vegfaranda

Ekið var á mann við Langaríma í Grafarvogi en hann var á leið eftir pitsu sem hann hafði pantað. Sjúkrabíll kom á staðinn en að sögn vaktstjóra slökkviliðsins afþakkaði maðurinn liðsinni sjúkraliðsmanna og hélt ótrauður áfram eftir kvöldverði sínum.

Fjúkandi snæri skera börn á háls í Pakistan:

## Flugdrekur bannaðir í Lahore

**PAKISTAN, AP** Flugdrekur hafa verið bannaðir í Lahore í Pakistan eftir að snæri úr flugdrekum sem dýft hefur verið í glerduft hafa orðið sjö manns að bana. Tvö fórnarlambanna voru börn.

Halda átti árlega flugdrekahátíð í Lahore á sunnudag, en hátíðin er aldagömul hefð sem markar vorkomu í Pakistan. Hingað til hafa þúsundir flugdrekur svifið um loftin blá þann dag. Seinustu árin hafa flugdrekakappar hins vegar tekið upp á að festa víra á strengi sína eða dýfa þeim í glerduft í þeim tilgangi að vinna einvígi við aðra áhugamenn, en í loftinu skera styrktu strengirnir dreka andstæðinganna lausa.

Stjórnmál í landinu bönnuðu drekana síðdegis á fimmtudag, þremur dögum eftir að snæri fók á fjögurra ára gamlan dreng sem var farþegi á mótorhjólí föður síns. Snærið skar barnið á háls, en drengurinn var sá sjöundi á tveimur vikum sem fórst á þennan hátt. Öll fórnarlömbin hafa setið á mótorhjólum þegar spottarnir fuku á þau. Lögreglan segist hafa í síðustu viku handtekið 1.100 manns grunaða um að selja glerduftspakið snæri eða verið á annan hátt tengdir þessum hættulegu spottum. - smk

**FLUGDREKUR BRENNDIR** Pakistanar brenna flugdrekur, en hættuleg snæri úr þeim hafa orðið sjö manns að bana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Enn brotnar af Kolbeinsey:

## Þyrlupallurinn brátt horfinn

**KOLBEINSEY** Tæplega helmingur af þyrlupalli Kolbeinseyjar er hrunninn og er ekki lengur hægt að lenda þyrlu á eyjunni. Þetta kom í ljós í venjubundnu eftirlitsflugi Landhelgisgæslunnar.

Áhöfn varðskipisins Óðins og starfsmenn Vita- og hafnamálastofnunar byggðu þyrlupallinn árið 1989 og hefur eyjan minnkað jafnt og þétt síðan þá. Þyrlupallurinn er hæsti punktur eyjarinnar. Nú má sjá steypustyrktarjárnin stingast út úr pallinum þar sem hann brotnaði. Syn flaug yfir Kolbeinsey fyrir einum og hálfum mánuði og var þyrlupallurinn þá í heilu lagi. - ghs

# Vatnalagafrumvarp rætt áfram í dag

Hart var deilt um þingstörf og meðferð frumvarps til vatnalaga á Alþingi í gær. Stjórnarandstæðingar eru tortryggir og telja óþarft að hrófla við gildandi lögum. Iðnaðarráðherra segir aðeins um formbreytingar að ræða á lögumum.

**STJÓRNMÁL** Þingfundi um breytingar á vatnalögum var frestað síðdegis í gær og hefst fundur á ný klukkan ellefu í dag.

Stjórnarliðar saka stjórnarandstöðuna um málþóf í annarri umræðu um málið sem hófst á miðvikudag. Sólveig Pétursdóttir, forseti Alþingis, ákvað að halda þingfund seint á fimmtudag gegn hördum mótmælum stjórnarandstæðinga. Sá fundur stóð fram yfir miðnætti. Langar umræður urðu um þingstörfin og verkstjórn forseta í gær. Að þeim loknum var tekið til við umræður um breytingar á vatnalögum og ákveðið að halda þeim áfram í dag.

Stjórnarandstæðingar leggja stundum gegn breytingum á vatnalögumum sem sett voru árið 1923. Með frumvarpinu sé hróflað með óábyrgum og óvarlegum hætti við farsælli niðurstöðu Alþingis um nýtingarrétt á vatni. Enn tagna þvi á sjónarmið sem þá voru uppi um séreign eða sameign þjóðarinnar á vatni. Þá telja stjórnarandstæðingar meinaþugi vera á því að breyta vatnalögum áður en sett verða lög til samræmis við vatnatilskipun Evrópusambandsins. Nægur tími sé þvi til stefnu.



KARL AXELSSON LEKTOR VIÐ LAGA-DEILD HÍ Vatnalögin frá 1923 eru barn síns tíma segir Karl.

Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra leggur áherslu á að



SÓLVEIG PÉTURSDÓTTIR FORSETI ALÞINGIS Stjórnarliðar saka stjórnarandstæðinga um málþóf, en þeir beina spjótum að fundarstjórn forseta. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFAN

breytingarnar á lögumum snerti aðeins formið en ekki efni laganna.

Karl Axelsson, lektor við laga-deild Háskóla Íslands, sagði í opnum fyrirlestri í gær að lögin frá 1923 væru barn síns tíma og næðu tæplega yfir viðamikil mál samtímans eins og flutning á jökulvatni úr einum farvegi í annan eins og við á um Jökulsá á Dal með gerð Kárahnjúkavirkjunar. Karl taldi jafnframt að það sem helst færi fyrir brjóstið á mönnum varðandi vatnalagafrumvarpið væri sú formbreyting sem mælt

sé fyrir um í fjórðu grein. Þar er kveðið á um að í eignarhaldi á landi felist eignarréttur að vatni, eins og öðrum náttúruauðindum sem þar finnist. „Við mat á þessari breytingu verður að hafa það í huga að um formbreytingu er að ræða en ekki efnislega breytingu á inntaki eignarráða fasteignar-eiganda yfir vatni,“ sagði Karl. Hann sagði að tími gildandi vatnalaga væri liðinn og endurskoðunin hefði verið nauðsynleg. Karl Axelsson var formaður þeirrar nendar sem samdi frumvarpið. johannah@frettabladid.is / sjá síðu 18



ABU GHRAIB Bandaríkjaher hyggst hætta rekstri fangelsisins illræmda. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandaríkjaher:

## Hætta rekstri Abu Ghraib

**ÍRAK, AP** Bandaríkjaher hyggst flytja þúsundir fanga úr hinu illræmda Abu Ghraib fangelsi í Írak í nýtt fangelsi á næstu mánuðum, og setja rekstur fangelsisins í hendur Íraskra stjórnvalda. Byrjað verður að flytja fyrstu fangana eftir þrjá mánuði, að sögn talsmanna Bandaríkjahers í gær.

Bandaríkjaher hefur síðan árið 2003 ítrekað verið ásakað um pyntingar á fóngum í fangelsinu, en áður var fangelsið alræmt fyrir pyntingarsalína sem undirmenn Saddam Hussein voru sagðir reka þar. Um 5.000 fangar dúsa í fangelsinu, eða um þriðjungur allra fanga hersins í landinu. - smk

Innbrot í Hlíðunum:

## Tveir gripnir

**LÖGREGLUMÁL** Tilkynnt var um innbrot í íbúð í Hlíðahverfi í Reykjavík rétt fyrir klukkan tíu í gærmorgun og hafði lögregla skömmu síðar hendur í hári tveggja manna sem grunaðir eru um verknáðinn.

Voru þeir færðir til yfirheyrslu en grunur leikur á að sömu menn hafi verið viðriðir önnur innbrot í höfuðborginni fyrir um nóttina. Um er að ræða menn sem áður hafa komið við sögu lögreglu. - aðe

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ök á ljósastaur og valt

Ökumaður ók á ljósastaur og velti bifreið sinni við Gullinbrú um kvöldmatarleytið í gær. Bifreiðin er illa farin en ökumaður slapp án teljandi meiðsla.

Settur saksóknari biður lögreglu um að rannsaka nokkur atriði í Baugsmáli:

# Tölvugögn enn til athugunar

**BAUGSMÁL** Tveir dómkvaddir menn, sem falið var að meta trúverðuleika tölvugagna viðvíkjandi Baugsmálinu, hafa ekki enn skilað niðurstöðum sínum. Upphaflega var gert ráð fyrir að niðurstaða þeirra lægi fyrir 23. febrúar.

Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari í Baugsmálinu, segir að á mánudag verði farið yfir málið með matsmönnum. „Þar er ætlunin að svara spurningum matsmannanna varðandi athugun þeirra á tölvugögnunum.“


Sigurður hefur enn fremur óskað eftir því að lögregla afli gagna varðandi nokkur atriði sem tengjast ákæruliðunum 32, sem vísað var frá dómi í Baugsmálinu. Sigurður kveðst enga ákvörðun enn hafa tekið um afdrif þessara

ákæruliða. „Ég þarf að spyrja spurninga og kanna hluti.“

Þriggja vikna frestur, sem Héraðsdómur Reykjavíkur hefur til þess að kveða upp dóm um ákæruliðina átta í Baugsmálinu, rennur út næstkomandi fimmtudag. Í stórum málum getur dómurinn þó tekið sér lengri frest.

Sigurði Tómasi, settum saksóknara, þykir einsýnt að ákvörðun um afdrif ákæruliðanna, sem vísað var frá dómi, verði tekin eftir að héraðsdómur hefur fellt dóm sinn um ákæruliðina átta. - jh

**SIGURÐUR TÓMAS MAGNÚSSON SETTUR SAKSÓKNARI** Endanlegt mat á gildi tölvugagna í Baugsmáli liggur ekki enn fyrir.



**T.E.C. HJÓLHÝSIN**  
hafa slegið í gegn!

SÝNING  
LAUGARDAG  
OG SUNNUNADAG  
KL. 12-16



Sýnum hin stórglæsilegu TEC HJÓLHÝSI um helgina. Opnið kl. 12-16 laugardag og sunnudag. Verið velkomin!



www.seglagerdin.is

EYJARSLÓÐ 5 • SÍMI 511 2203

Í Blómavali Skútuvogi

# Brúðkaups- sýningin

10.-12. mars

Já

## Brúðkaupsævintýrið frá upphafi til enda

Matur og vín, fatnaður, skartgripir,  
snyrtivörur, hárgreiðsla, gjafavörur,  
ljósmyndir, prentun, skreytingar,  
gisting, bílar, blóm, munaður,

**Allt til alls fyrir draumabruðkaupið!**



Kristall og postulín - Prima Embla ferðaskrifstofa  
Brúðarkjólaleiga Dóru - Skemmtilegt tjaldaleigan  
Seating Concept- Brudkaup.is - Mæja listakona  
Lín design - World Class - Konditori Kopenhagen  
Skrautritun - Gréta ljósmyndari - Gk - Gagnvirkni  
Sony center - Brúðkaupsvideo - Borð fyrir tvo  
Hekla - Textilline - Kokkur án Bumbu - Salka  
Vín tríó - Ljósmyndaver Hörpu Hrundar - Isis  
Draumarúm - Skjár Einn/ Brúðkaupsþátturinn Já



## GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 10.3.2006

## KAUP SALA

|   |                 |        |        |
|---|-----------------|--------|--------|
|  | Bandaríkjadalur | 70,24  | 70,58  |
|  | Sterlingspund   | 121,98 | 122,58 |
|  | Evra            | 83,7   | 84,16  |
|  | Dönsk króna     | 11,219 | 11,285 |
|  | Norsk króna     | 10,51  | 10,572 |
|  | Sænsk króna     | 8,916  | 8,968  |
|  | Japanskt jen    | 0,5935 | 0,5969 |

SDR 100,82 101,42

## Gengisvísitala krónunnar

117,6202

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Enginn hörgull á eiturlyfjum þó að lögregla finni stórar sendingar:

## Nóg framboð af fíkniefnum

**LÖGREGLA** „Við höfum ekki heyrð um neina þurrð á fíkniefnamarkaðnum,“ segir Þórarinn Tyrfingsson forstöðumaður á Vog, spurður um hvort fíkniefnaneytendur sem komið hafa að undanfögnu í meðferð þar tjái sig um áhrif árangursríkra aðgerða lögreglu og tollgæslu við að stöðva tilraunir til fíkniefnasmygls.

Fram kom í Fréttablaðinu í gær, að samtals 23,5 kíló af fíkniefnum hafa verið gerð upptæk það sem liðið er af þessu ári. Samanburðartölur frá sama tímabili í fyrra eru 6,3 kíló. „Við erum alveg hissa á því hversu lítil áhrif það virðist hafa í þjóðfélaginu að

svona mikið magn fíkniefna er tekið,“ segir Þórarinn. „Það er undrunarefni hve þessi markaður er stöðugur og sterkur. Engu líkara er en að hann reikni með því að eitthvert magn sé gert upptækt á hverjum tíma. Þessi neysla er orðin hluti af þjóðfélaginu.“

Þórarinn segir starfsfólk Vogs ekki undrandi á því mikla magni amfetamíns, á níunda kíló, sem tekið hefur verið að undanfögnu, það fari saman við það sem starfsfólkið sér og tölur til benda til frá ári til árs. Örvandi vímuefnaneysla sé að aukast hér. Þótt kókín hafi sótt á sé amfetamín enn mest notaða vímuefnið. - jss



**ÞÓRARINN TYRFINGSSON** Undrast hversu stöðugur og sterkur íslenski fíkniefnamarkaðurinn er. Engu líkara sé en að reiknað sé með að ákveðið magn sé gert upptækt á hverjum tíma.

Barn fannst í mosku:

## Móðirin skildi barnið eftir

**SVÍPJÓÐ** Nýfætt barn fannst yfirgefið í mosku í hverfinu Södermalm í Stokkhólmi á miðvikudag. Barninu fylgdi, að sögn vefútgáfu Aftonbladet, bréf með ósk um að einhver tæki barnið að sér.

Í bréfinu kom fram að bréfritarinn hefði hitt móðurina fyrir utan moskuna. Hún hefði beðið sig um að halda á barninu meðan hún skryppi aðeins frá. Hún hefði hins vegar ekki komið til baka og því hefði bréfritarinn farið inn með barnið og skilið það þar eftir. „Ég kann ekkert á börn,“ sagði í bréfinu.

Lögreglan leitar nú að foreldrum barnsins. ■

Lögreglan í Kópavogi:

## Fjölgun fíkniefnamála

**LÖGREGLUMÁL** Mikil fjölgun fíkniefnamála hefur orðið í umdæmi lögreglunnar í Kópavogi en á síðasta ári komu upp 123 slík á móti aðeins 39 málum árið 2003.

Fjölgun mála hefur haldist í hendur við meira magn haldgæðra fíkniefna. Árið 2003 var lagt hald á 12 alsælupillur en 225 stykki á síðasta ári. Einnig jókst til muna magn haldgæðs hass og kókaíns á sama tímabili. - aðe

Blindrafélag Íslands:

## Mótmælir frumvarpi

**BLINDRAFÉLAGIÐ** Félagsmenn Blindrafélagsins skora á heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis að afgreiða ekki frumvarp um sameiningu Heyrnar- og talmeinafnefndar Íslands og Sjónstöðvar Íslands úr nefndinni í andstöðu við félag nafnda.

Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra kom á fund í Blindrafélaginu sem samþykkti ályktun til að mótmæla vinnubrögðum við gerð frumvarpsins. Blindir telja ekkert tillit tekið til athugasemda stjórnar Blindrafélagsins og segja mikla andstöðu við frumvarpið í sínum röðum enda engar nýjungar í þjóntustu í því. - ghs

## SVEITARFÉLÖG

**Húnavetningar kjósa** Íbúar Húnavatns- og Áshrepps kjósa í dag um sameiningu sveitarfélaganna. Íbúafjöldi hreppanna er lítlegra 470 manns. Lagt er til að nýtt sveitarfélag kallist Húnavatnsahreppur.

## LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu 2. mars birtist pistill undir yfirkritinni „Skemmdur matur eða hollustuvara.“ Pistillinn var sagður eftir Hólmfríði Þorgeirsdóttur matvæla- og næringarfræðing en það er rangt. Pistillinn skrifaði Sigurgeir Höskuldsson matvælafræðingur. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

## Starfsmenn SP lýsa vantrausti á Annan

Starfsfólk Sameinuðu þjóðanna hefur lýst yfir vantrausti á Kofi Annan, framkvæmdastjóra SP, vegna breytinga innan samtakanna. Annan vill nota féð sem sparast til að hjálpa nauðstöddum, en starfsfólkið óttast um störf sín.


**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP** Starfsmannafélag Sameinuðu þjóðanna lýsti á fimmtudag yfir vantrausti á Kofi Annan, framkvæmdastjóra SP, og nánustu samstarfsmenn hans vegna áætlana um að stökka upp rekstur SP. Félagið telur að breytingarnar geti leitt til umfangsmiklis niðurskurðar, og sérstaklega sögðust félagsmenn óttast áætlanir um fækkun starfsmanna og um að þjóða út verk svo sem þýðingar og reikningshald.

Þetta er eitt af mörgum áföllum sem Annan hefur þurft að þola undanfarna mánuði, en meðal annars hefur hann og stjórn SP sætt ádeilum vegna matarúthlutunar í Írak, kynferðisglæpa friðargæsluliða SP og gruns um spillingu í úthlutun á starfssamningum SP.

Annan lagði tillögur sínar fyrir allsherjarþing SP á þriðjudag og bað þingið að fara yfir þær. Hann hvatti meðlimi þess, 191 talsins, að styðja stjórnunarbæturnar svo hægt væri að eyða því fé sem sparast til hjálpar þeim sem eru í nauðum staddir vegna hungursneyðar, sjúkdóma, ofbeldis og hryðjuverka.

Tillöggunum um uppstokkunina var upphaflega vel tekið af Bandaríkjunum og Evrópusambandinu, en starfsfólk SP mótmælti þeim harðlega á fundi sem haldinn var á þriðjudag.

Alls starfa yfir 30.000 manns hjá SP, en í starfsmannafélaginu eru um 5.000 starfsmenn höfuðstöðva SP í New York. Tíundi hluti þeirra mætti á háværan fund á þriðjudag og var vantraustsýfir-



**DEILT Á ANNAN** Starfsmannafélag Sameinuðu þjóðanna hefur lýst yfir vantrausti á framkvæmdastjóra SP, Kofi Annan, vegna tillagna hans um uppstokkun og endurskipulagningu á rekstri samtakanna. - nordicphotos/afp

lýsingin samþykkt af öllum viðstöddum nema tveim, en tæplega tíu tóku ekki afstöðu.

Talsmaður samtakanna segir yfirlýsinguna ekki endurspeglar skoðanir meirihluta starfsmanna SP, því flestir styðji Annan og telji að breytingarnar leiði að lokum til bættra vinnuskilyrða og minni hættu á spillingu. Jafnframt sagði hann óbreytt starfsfólk SP sem ekki er staðsett í New York hafa sýnt Annan mikinn stuðning á fjarfundi sem hann

hélt með þeim í gær með aðstoð myndavéla, en meðal annars leggur Annan til að laun óbreytts starfsfólks verði hækkuð. Stephanie Dujarric, yfirmaður hjá SP, sagði mikinn skilning vera meðal stjórnenda á öryggisleysi starfsfólks og að fundir væru fyrirhugaðir um breytingarnar.

Vantraustsýfirlýsing starfsmannafélagsins hefur engin áhrif á uppstokkunaráætlunina, þar hefur allsherjarþingið úrslita-vald. - smk@frettabladid.is



**LYSTARSTOLI** Rannsóknir sýna að fleira liggi að baki lystarstoli en eingöngu lífsstill og umhverfisáhrif. - nordicphotos

Ný rannsókn í Svíþjóð:

## Lystarstol er arfgengt

**SVÍPJÓÐ** Helmingur allra þeirra sem þjást af lystarstoli væri ekki með hann ef ekki kæmu til erfðarfræðilegir þættir.

Þetta er niðurstaða vísindamanna við Karólínsku stofnunina í Svíþjóð eftir ítarlega rannsókn á yfir 30 þúsund tvíbörum. Þykja niðurstöðurnar benda til að áhrif umhverfis séu mun minni áhættuþáttur en áður hefur verið haldið og fullyrða vísindamennirnir að 56 prósent allra tilfella séu eingöngu vegna erfðabáttar. - aðe

Atvinnuleysi innan ESB:

## Mest í Póllandi og Slóvakíu

**BRUSSEL** Atvinnuleysi innan landa Evrópusambandsins er langverst í Póllandi og Slóvakíu samkvæmt nýjustu tölum tölfræðideildarinnar Eurostat.

Tæp 20 prósent vinnufærra kvenna í Póllandi eru án atvinnu og tæp 17 prósent kvenna í Slóvakíu og rúm 15 prósent karlmannna í báðum löndum eru atvinnulaus. Best er ástandið í Danmörku og Írlandi en atvinnuleysi beggja kynja er innan við fimm prósent í báðum löndunum. - aðe


## VEÐURSPÁ

um hádegi &gt;&gt;

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VESTFIRDIRNIR EINNA BESTIR** Það eru leifar af úrkomusvæði að mjakast yfir Norðaustur- og Austurland í dag með rigningu. Þá er veiklegt skúraloft yfir suðvestanverðu landinu. Þetta þýðir því að búast má við vætu hér og hvar í dag en síst þó á Vestfjörðum og jafnvel gæti ræst úr þeirri gulu þar. Ég mæli því með Vestfjörðum í dag.


**HÖFUDBORGIN Í DAG** Hæg suðaustlæg átt. Úrkomulífið með morgninn en skúrir eftir hádegi. Hiti 2-4 stig.



|               |                 |           |                 |                 |                 |
|---------------|-----------------|-----------|-----------------|-----------------|-----------------|
| Kaupmannahöfn | -2°C hálfskýjað | Paris     | 6°C alskýjað    | Alicante        | 21°C hálfskýjað |
| Oslo          | -2°C hálfskýjað | Berlin    | 1°C alskýjað    | Milano          | 6°C hálfskýjað  |
| Stokkhólmur   | -4°C alskýjað   | Frankfurt | -1°C snjóól     | New York        | 16°C léttskýjað |
| Helsinki      | -9°C hálfskýjað | Madrid    | 16°C hálfskýjað | San Francisco   | 10°C þrumur     |
| London        | 7°C léttskýjað  | Barcelona | 15°C hálfskýjað | Orlando/Florida | 29°C hálfskýjað |

\* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

&gt;&gt; á morgun



Strekkingur austan til, annars hægari.

&gt;&gt; mánudagur



Fremur hægur vindur.



Verk og vit 2006

## Stórsýningin Verk og vit

- íslenskur byggingariðnaður, skipulagsmál og mannvirkjagerð í Laugardalshöllinni.

16.-19. mars 2006

Misstu ekki af glæsilegri sýningu

verkogvit.is

# 0 kr. alltaf

Viðskiptavinir í **Og1** greiða nú ekkert fyrir takmarkalausar notkun milli allra heimasíma innanlands.

Heimili sem eru með allt hjá **Og Vodafone**, GSM, Heimasíma og Internet geta skráð sig í **Og1**.

**Auðvelt að skipta.**

Það er ekkert mál að skipta um símafyrirtæki eða almennt að skrá sig í **Og1**. Hringdu núna í **1414** eða smelltu þér á [www.ogvodafone.is](http://www.ogvodafone.is) og skráðu þig og þína. Mánaðargjald heimasíma er 1.340 kr.

Og1



**Og Vodafone** hefur leitt samkeppni á íslenska fjarskiptamarkaðnum og fært neytendum betri þjónustu og lækkað verð.

Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í **1414** eða smelltu þér á [www.ogvodafone.is](http://www.ogvodafone.is) fyrir nánari upplýsingar og skráningu í **Og1**.



Heyrumst!



## KJÖRKASSINN

Ætlaðu að fjárfesta í hlutabréfum á næstu vikum?

|     |       |
|-----|-------|
| Já  | 29,7% |
| Nei | 70,3% |

### SPURNING DAGSINS Í DAG

Eiga Íslendingar að taka upp evruna?

Segðu þína skoðun á Vísir.is



lðnaðar- og viðskiptaráðherra sáttur við smásölu raforkufyrirtækja ríkisins:

# Lykill að samkeppni orkuveitna

**RAFORKUMÁL** Sameiginlegt smásölu-fyrirtæki Landsvirkjunar, Orkubús Vestfjarða og RARIK er lykilatriði þess að samkeppni myndist á raforkumarkaði, segir Valgerður Sverrisdóttir, lðnaðar- og viðskiptaráðherra.



**PÁLL GUNNAR PÁLSSON** Forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

„Með smásölu-fyrirtækinu er brugðist við nýjum aðstæðum á raforkumarkaði og fyrirtækjunum gert kleift að taka þátt í samkeppnisumhverfinu sem orðið er til.“



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR** lðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir að vel

kunni að vera að smásölu-fyrirtækji komi til skoðunar eftirlitsins. Valgerður segir það ekki valda sér áhyggjum að Samkeppniseftirlitið hafi augastað á áformunum: „Samkeppniseftirlitið hlýtur þá einnig að skoða hvort Reykjavíkurborg geti átt 45 prósent í Landsvirkjun á sama tíma og hún á Orkuveitu Reykjavíkur, því fyrirtækin keppa á markaði.“

Páll Gunnar segir eignartengslin á sama hátt geta komið til skoðunar Samkeppniseftirlitsins.

Smásölu-fyrirtækið var stofnað í gær. RARIK og Orkubúið eiga 36 prósent hlut í fyrirtækinu og Landsvirkjun 28 prósent.

- gag

Mansal í Finnlandi:

## Gagnrýni frá Bandaríkjunum

**FINNLAND** Bandaríska utanríkisráðuneytið gagnrýnir finnsk stjórnvöld fyrir að vinna ekki nógu vel gegn mansali frá ríkjum fyrrum Sovétríkjanna, sérstaklega Rússlandi og Eyrstrasaltsríkjunum. Þetta kemur fram í árlegri mannréttindaskýrslu bandarískra stjórnvalda.

Finnskum stjórnvöldum hefur ekki tekist að spyrna nógu vel gegn mansali, sem fram fer í gegnum Finnland og í Finnlandi. Talið er að hundruð tilvika eigi sér stað í landinu á hverju ári, að sögn Hufvudstadsbladet, en Finnum hefur ekki tekist að upplýsa eitt einasta tilfelli.

- ghs



**GARÐABÆR** Minnihlutinn býður sameiginlega fram í fyrsta sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Bæjarmál í Garðabæ:

## Minnihlutinn sameinast

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Framsóknarflokkur, Samfylking og óflokksbundnir munu bjóða fram sameinadír í sveitarstjórnarkosningum í Garðabæ í vor og er þetta í fyrsta skipti sem þessir hópar sameinast um framboð. Um algjöra endurnýjun er að ræða þar sem fráfarandi bæjarfulltrúar eru í neðstu sætum.

Steinþór Einarsson skipar efsta sæti listans og þar á eftir koma Sigrún Aspelund, Hjördís Eva Þórðardóttir og Þorgeir Pálsson.

- sdg

## NOREGUR


**Bankaræningi fangelsaður** David Alexander Toska, höfuðpaurinn að baki bankaránninu í Stavangri í Noregi fyrir tveimur árum, var í gær dæmdur í níttán ára fangelsi fyrir ránið. Toska játaði aðild sína að ránninu, en í því var lögregluþingur skotinn til bana. Tólf aðrir ákærðir voru dæmdir í allt að sautján ára fangelsi.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Fíkniefnamisferli í Keflavík** Einn ökuþingur var stöðvaður í Keflavík við eftirlit lögreglu og fannst lítið magn tóbaksblandaðs hass í fórum hans. Annar ökuþingur var handtekinn skömmu síðar vegna gruns um ölvun við akstur.

## PAKISTAN

**Brúðkaupsgestir týna lífi** Sprengja sem sprakk í gærmorgun í suðvesturhluta Pakistans varð minnst 26 manns að bana og særði sjö. Fólkið, aðallega konur og börn, var á leið í brúðkaup þegar rútan sem það ferðaðist í ók yfir sprengju ætlaða skriðdrekkum með fyrrgreindum afleiðingum. Lögreglunni hefur ekki tekist að finna út hver stöð að baki árásinni.



**BUBBI MORTHENS ÁSAMT VERJANDA SÍNUM** Bubbi Morthens ræðir hér málin við verjanda sinn, Sigríði Rut Júlíusdóttur, í dómssal í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Bubbi vill tuttugu milljónir í bætur

Bubbi Morthens krefst þess að ummælin „Bubbi fallinn!“, sem prýddu forsíðu tímaritsins Hér og nú á síðasta ári, verði dæmd dauð og ómerk. Garðar Örn Úlfarsson segir málið mikilvægt fyrir blaðamannastéttina í heild sinni.

**DÓMSMÁL** „Þetta er að mörgu leyti svolítið Bubba-leg fyrirsögn“, sagði Eiríkur Jónsson, blaðamaður á DV, í dómssal en aðalmeðferð í máli Bubba Morthens gegn Garðari Erni Úlfarssyni, fyrrverandi ritstjóra Hér og nú, og 365-prentmiðlum fór fram í gær.

Þess er krafist af hálfu Bubba Morthens og lögmanns hans, Sigríðar Rutar Júlíusdóttur, að ummælin „Bubbi fallinn!“, sem birtust á forsíðu blaðsins Hér og nú hinn 16. júní 2005, verði dæmd dauð og ómerk.

Að auki er krafist tuttugu milljóna króna í miskabætur vegna þess tjóns sem Bubbi varð fyrir vegna fyrirsagnarinnar og mynda sem birtust með fréttinni.

Bubbi bar því við að mannsorð sitt hefði beðið hnekki vegna fyrirsagnarinnar og að hann hefði þurft að ganga á fund viðsejanda sinna, til dæmis forsvarsmanna Íslandsbanka og Idol-stjórnuleitar, og greina þeim frá því að hann væri ekki byrjaður að neyta fíkniefna að nýju, eins og skilja hefði mátt af fyrirsögninni. „Dóttir mín varð



**EIRÍKUR JÓNSSON** Sagði Bubba Morthens vera það fyrir Reykjavík sem Brad Pitt væri fyrir Hollywood. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

fyrir aðkasti vegna þessa máls og þetta reyndi mikið á mína fjölskyldu“, sagði Bubbi meðal annars fyrir dómi.

Garðar Örn Úlfarsson sagði fyrirsögnina ekki hafa verið setta fram til að skapa misskilning. „Okkur datt það ekki í hug að fólk myndi misskilja þessa fyrirsögn, þar sem myndin af honum með sigarettu í munnvikinu gaf ekki tilfærni til annars en að Bubbi væri byrjaður að reykja“, sagði Garðar

fyrir dómi.

Garðar sagði enn fremur að þetta dómssmál væri mikilvægt mál fyrir blaðamannastéttina. „Ég held að það sé ekki nokkur vafi á því að þetta mál er mikilvægt fyrir blaðamannastéttina í heild sinni. Þetta er spurning um eðlilegt tjáningarfrelsi fjölmiðla og ef dómurinn félli okkur í óhag í starfi þá yrði væntanlega að hætta að nota íslensku sem tungumál í blaðamennsku.“

Eiríkur Jónsson sagði í dómssal að „Bubbi Morthens væri fyrir Reykjavík það sem Brad Pitt væri fyrir Hollywood“, og vitnaði þar til bandaríska leikarans góðkunna. Eiríkur sagði Bubba lengi hafa verið einn vinsælasta mann landsins og því væri það eðlilegt að fjallad væri um það í blöðum ef hann byrjaði að neyta tóbaks, þar sem hann hefði lengi verið „frægur fyrir að vera hættur eiturylfjanotkun, drykkju og tóbaksnotkun.“ Fyrirsögnin „Bubbi fallinn!“ hefði því verið eðlileg í samhengi við fréttina og myndina sem fylgdi með.

magnush@frettabladid.is

Útboð á umtöluðum lóðum í Úlfarsfelli:

## Tíu einbýlis- og parhús seld

**LÓÐAÚTHLUTUN** Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar hefur farið í gegnum tilboð tíu hæstbjóðenda í einbýlis- og parhúsalóðirnar í Úlfarsfelli. Byggingaverktakinn Benedikt Jósefsson, systir hans og faðir hafa þegar valið sér lóð.

Benedikt, sem átti hæsta tilboð í 39 af 40 einbýlishúsalóðum, segir að hann hafi enn ekki gert upp við sig hvort hann skoði réttarstöðu

sína en útilokar það ekki. Hann hafi sitthvað út á lóðamál í borginni að setja, hann hafi ætlað að hætta við öll tilboðin en svo ákveðið að standa við eitt.

Bjarni Tómasson og félagi hans, Gunnar Jónasson, sem áttu flest hæstu tilboðin í parhúsalóðirnar hafa valið eina. Þeir hyggjast ekki stefna borginni.

- gag



**ÚLFARSFELL** Borgin opnaði kauptilboðin 17. febrúar og er búin að ganga frá tilboðum í 10 af 83 par- og einbýlishúsalóðum.

**iSoft**

Kynnir næstu námskeið

20. - 24. mars.

Developing E-Business Solutions Using Microsoft BizTalk Server 2004.

27. - 31. mars.

Solaris 10 New Features for Experienced Solaris System Administrators

3. - 7. apríl.

CMS-A600: Altiris Client Management Suite


10. - 12. apríl.

Designing, Deploying, and Managing a Network Solution for the Small- and Medium-sized Business


Við viljum einnig vekja athygli á Microsoft og Cisco námsbrautum okkar. Skráning fyrir haustönn er hafin.

Kennarar iSoft eru með mikla reynslu, bæði af kennslu og í atvinnulífinu.

Nánari upplýsingar er að finna á <http://www.isoft.is/>



www.isoft • isoft@isoft.is • Sími: 511 3080



# Vortískan í Kringlunni



## Tískudagar um helgina

Vortískan er áberandi í Kringlunni um helgina. Komdu og kynntu þér spennandi línur fyrir vor og sumar 2006. Ýmis tilboð og uppákomur.

## Tískusýning kl. 14.00

Stúlkur af fyrirsætu- og framkomunámskeiði Eskimo sýna fatnað frá Gallerí 17, Deres og Retro.

## Tískuleikur Kringlunnar, Nokia og Icelandair

Komdu og taktu þátt í Tískuleik og þú gætir unnið ferð til hátískuborgarinnar Parísar eða nýjan Nokia L'Amour Collection tískusíma.

Það eina sem þú þarft að gera er að festa kassavittunina þína við þátttökuseðil og skila í kassann á 1. hæð!

**Kringlan**  
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

**Verslanir  
Ævintýraland**

**Mán. til mið.**  
10.00 til 18.30  
14.00 til 18.30

**Fimmtudagur**  
10.00 til 21.00  
14.00 til 19.00

**Föstudagur**  
10.00 til 19.00  
14.00 til 19.00

**Laugardagur**  
10.00 til 18.00  
11.00 til 18.00

**Sunnudagur**  
13.00 til 17.00  
13.00 til 17.00

[www.kringlan.is](http://www.kringlan.is) / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Marmaris og Lemelur sumaríð 2006

# Tyrkland

Fagurt og framandi - fyrir þig!

## Upplifðu hið fullkomna sumarfrí fjölskyldunnar:

- Glæsilegir gististaðir
- Vikulegt leiguflog frá 23. maí
- Ótrúlegt verðlag
- Iðandi mannlíf
- Einstök gestrisni
- Stórkostleg náttúrufegurð
- Óteljandi menningarperlur
- Spennandi skoðunarferðir

Vinsælir gististaðir  
að seljast upp.  
Bókaðu strax!

### Forum

Stórar, glæsilegar  
íbúðir með 2 svefnherb.

**39.800\***

Netverð á mann m.v. 3 fulloröna og  
2 börn, 2ja-11 ára, í íbúð m/2 svefn-  
herbergjum í 7 nætur, 27. júní.

### Faber

Nýtt og notalegt  
íbúðahótel

**42.600\***

Netverð á mann m.v. 2 fulloröna og  
2 börn, 2ja-11 ára, í íbúð m/1 svefn-  
herbergi í 7 nætur, 18. júlí.

\*Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

VISA



Fáðu ferðatilhögun og nánari upplýsingar  
hjá Úrval-Útsýn, Lágmúla 4, sími 585 4000

www.urvalutsyn.is



LOÐNA Engin ólykt berst lengur frá loðnubræðslum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fiskimjölsverksmiðjur ekki mengunarvaldar:

## Lykta alls ekki illa

**FISKVINNSLA** Sendinefnd frá Hjaltlandi hefur nýlengið við að skoða aðbúnað og starfsemi fiskimjölsverksmiðja í Helgavík og í Neskaupstað.

Markmiðið með Íslandsferðinni var að ganga úr skugga um að fiskimjölsverksmiðjur séu ekki illa lyktandi mengunarvaldar eins

og haldið hefur verið fram í umræðunni um starfsleyfi fyrir verksmiðju sem Síldarvinnslan hyggst reisa á Hjaltlandi. Niðurstaða nefndarinnar er sú að engin lykt eða óþefur hefði borist frá verksmiðjunum tveimur og enginn reykur hefði borist frá þeim. Fiskifrétir sögðu frá.

- shá



EFSTU MENN F-LISTANS Frá vinstri: Kjartan Eggertsson, Ásta Þorleifsdóttir, Margrét Sverrisdóttir, Ólafur F. Magnússon, Guðrún Ásmundsdóttir og Anna Sigríður Ólafsdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR

Frjálslyndir og óháðir kynna framboðslista:

## Segja Framsókn aðalkeppinautinn

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Ólafur F. Magnússon borgarfulltrúi skipar efsta sæti F-lista Frjálslyndra og óháðra til borgarstjórnarkosninganna í vor. Annað sætið skipar Margrét K. Sverrisdóttir vara-borgarfulltrúi og skipa konur fjögur af fimm efstu sætum listans.

Ólafur telur að Framsóknarflokkurinn muni verða aðalkeppinautur F-listans um að komast í oddastöðu í borgarstjórn og stillir flokkunum upp sem skýrum andstæðum. F-listi sem umhverfissinnaður flokkur, laus við spillingu og með mjög lítið fjármagn meðan Framsóknarflokkurinn sé mjög andsnúinn umhverfisvernd, afar spilltur og með gnótt fjármuna.

Ólafur gagnrýnir vinstri-græna

einnig fyrir að standa ekki undir nafni sem umhverfissinnaður flokkur og nefnir dæmi um slæga framgöngu þeirra vera húsafríðunarmál, strætómál og að til-laga Ólafs gegn jarðvarmavirkjun í Kerlingarfjöllum hafi verið felld. „F-listinn er eina græna framboðið í Reykjavík og á skilið atkvæði umhverfissinna“, segir Ólafur.

Ólafur telur að F-listi muni taka fylgi af Sjálfstæðisflokknum vegna flugvallamálsins en F-listinn vill einn flokka halda flugvelli-  
num í Vatnsmýrinni.

Umhyggja, hreinskilni og réttlæti verða kjörorð F-listans sem setur velferðarmál á oddinn. Einnig er mikil áhersla lögð á skipulagsmál og umhverfisvernd.

- sdg

ASÍ bendir á að verðbólgan sé enn að aukast:

## Horfur óviðunandi

**EFNAHAGSMÁL** Verðbólgan eykst enn, að því er fram kemur á fréttavef ASÍ. Vísitala neysluverðs var 252,3 stig í mars og hækkaði um 1,12 prósent frá fyrra mánuði. Verðbólgan hefur verið 4,5 prósent síðustu tólf mánuði.

Verðbólgan er langt yfir 2,5 prósentu verðbólgu-markmiði Seðlabanka Íslands, segir á vefnum, og hefur hún verið það í rúm tvö ár. Verðbólgan er yfir efri viki-mörkum verðbólgu-markmiðsins sjöunda mánuðinn í röð.

Vísitala neysluverðs án húsnæðis hækkar meira nú en vísitalan með húsnæði, en það hefur ekki gerst í nokkurn tíma.

Skýringin á aukinni verðbólgu er talin sú að útsölu á fötum og skóm er lokið. Þá hefur húsnæðisliður vísitölunnar hækkað auk ýmissa

vöru- og þjónustuliða. ASÍ telur margt benda til að undirliggjandi verðbólguþrýstingur sé að aukast.

„Veiking krónunnar að undanfögnu mun mögulega skila sér út í verðlagið á næstunni. Það er því útlit fyrir að verðbólguhorfur verði áfram óviðunandi,“ segir á fréttavef ASÍ.

„Þessi staða hlýtur að vekja spurningar um efnahagsstjórnina. Er það viðunandi árangur í stjórn efnahagsmála að mati ríkisstjórnarinnar að verðbólgan sé langt yfir verðbólgu-markmiðinu 25 mánuði í röð og verðbólguhorfur framundan dökkar?“

- ghs

**VERÐBÓLGAN EYKST**  
Alþýðusamband Íslands telur að undirliggjandi verðbólguþrýstingur sé að aukast og verðbólguhorfur verði óviðunandi.

NISSAN PATHFINDER



## ÆVINTÝRI LÍKASTUR

Breyting frá Arctic Trucks

Verðið á Nissan Pathfinder hefur líklega aldrei verið hagstæðara. Með 35" sérhönnuðum breytingum eru gæði þessa skemmtilega jeppa einfaldlega orðin enn meiri. Hann er áfram jafn og þægilegur í akstri og nú ævintýri líkastur.

Lítu inn og berðu hetjuna augum!

Verðið á breyttum Nissan Pathfinder er frá **4.379.000 kr.**

Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opíð: Mán - fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16



# SÚPER-opnun

við Gullinbrú í dag kl. 14!



**-10 kr.** á eldsneytislítrann!



Char-Broil Gasgrill  
**-50%**  
Tilboðsverð 9.900 kr.



Barnaís  
**49 kr.**



Nammibar  
**70%**  
afsláttur



Pylsa og kók  
**50%**  
afsláttur

## Velkomin á SÚPER-opnunarhátíð

Í dag opnum við SÚPER, nýja og glæsilega Olís-stöð við Gullinbrú í Grafarvogi.

Nýja stöðin sameinar bensínstöð, þægindaverslun og veitingastað og býður fjölbættari þjónustu en aðrar Olís-stöðvar, sannkallaða SÚPER-þjónustu.

Í tilefni af opnuninni gefum við SÚPER-afslátt af eldsneyti og verðum með fjölda spennandi SÚPER-tilboða í versluninni og á veitingastaðnum.

Blöðrur og fjör fyrir börnin.



Tilboðin gilda laugardaginn 11. mars og sunnudaginn 12. mars.

**KAUPHÖLL ÍSLANDS** [Hlutabréf]**ICEX-15** 6.194 **-1,23%** Fjöldi viðskipta: 1468  
Velta: 9.019 milljónir**MESTA HÆKKUN**

↑ Avion +0,48%  
Dagsbrún +0,44%  
Marel +0,29%

**MESTA LÆKKUN**

↓ Alfesca -5,26%  
Vinnslustöðin -4,75%  
Mosaic -3,96%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 57,80 -1,20% ... Alfesca 3,60 -5,26% ... Atorka % ... Bakkavör % ... Dagsbrún % ... FL Group 25,50 +0,00% ... Flaga 3,42 -2,29% ... Íslandsbanki 19,20 +0,00% ... KB banki 890,00 -1,11% ... Kögun 65,50 +0,00% ... Landsbankinn 26,80 -1,11% ... Marel 69,00 +0,29% ... Mosaic Fashions 17,00 -3,96% ... Straumur-Burðarás 17,70 -2,75% ... Össur 111,50 -0,45%

**viðskipti**

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

**Peningaskápurinn****Börsen í angist**

Danska blaðið Börsen hefur hingað til haldið ró sinni yfir fjárfestingagleði Íslendinga í Danmörku. Hefur blaðið haldið mun skynsamlegar á umræðu um íslenskt viðskiptalíf, en Berlingske Tidende svo nefndir séu fjölmiðlar utan Íslands. Eitthvað virðist samt Börsen titra yfir umsvifunum því blaðið birti í gær grein þar sem taldir eru upp þeir fjölmörgu Íslendingar sem sitja í stjórnnum danskra fyrirtækja. Blaðið telur að með þessum miklu umsvifum muni það bitna á mörgum dönskum fyrirtækjum ef illa fer. Áhyggur Dana virðast vera mestar yfir krosssegnarhaldi í íslensku viðskiptalífi. Umfang þess er mun minna en hin

lífseigi misstillningur norræna fjölmiðla og jafnvel greiningardeilda fjárfyrirtækja segir til um.

**Yaris í Straumi**

Það hefur ekki farið á milli mála að Magnús Kristinnsson, eigandi Toyota á Íslandi, var afar ósáttur við val á Eggert Magnússyni í varaformannssæti í Straumi. Eggert var kynntur á stjórnarfundinum fulltrúi litla hluthafans, en almennt er hann af þeim sem þekkjast til í viðskiptalífinu talinn fulltrúi Björgólfsfeðga í stjórninni. Magnús hins vegar ekki hafa gert sér grein fyrir því að slagorð sem passar vel við veru Eggerts í stjórn Straums er í eigu Toyota. Það er orðið risasmár, sem er slagorð fyrir Toyota Yaris.



mun

**Meiri verðbólga en búist var við**

Verðbólga milli febrúar og mars jókst um 1,12 prósent samkvæmt mælingu Hagstofu Íslands. Verðbólga síðustu 12 mánuði nemur 4,5 prósentum og er hátt yfir mörkum Seðlabankans um 2,5 prósentu verðbólgu. Í fyrri mánuði var verðbólgan 4,1 prósent.

Síðustu þrjá mánuði hefur verðbólga aukist um 1,4 prósent, en það segir Hagstofan jafngilda 5,6 prósentu

verðbólgu á ári. Verðbólga án húsnæðis hækkaði um 1,17 prósent frá því í febrúar.

Verðbólgan er heldur meiri en þau 0,7 til 0,9 prósent sem greiningardeildir bankanna höfðu spáð. Meiri hækkun er einkum rakin til áhrifa af útsölulokum og þá hækkaði húsnæðisverð umfram það sem spáð hafði verið. Matarverð hélst nánast óbreytt. Hagstofan segir að við lok vetrarútsala hafi verð á fótum og skóm hækkað um 16,9 prósent. Verð á eigin húsnæði í vísitölu neysluverðs hækkaði um 1,1 prósent.

„Vísitala neysluverðs í mars 2006, sem er 252,3 stig, gildir til verðtryggingar í apríl 2006. Vísitala fyrir eldri fjárskuldbindingar, sem breytast eftir lánskjaravísitölu, er 4.982 stig fyrir apríl 2006,“ segir Hagstofan.

„Ljóst er að verðbólgan er nú mjög fjarri markmiði Seðlabankans um 2,5 prósentu verðbólgu og fátt bendir til þess að hún muni minnka á næstu mánuðum. Spá okkar um 0,25 prósentustiga hækkun stýrivaxta 30. mars er óbreytt en líkurnar á meiri hækkun, svo sem um 0,5 prósentustig, hafa aukist umtalsvert síðustu vikurnar,“ segir greiningardeild Íslandsbanka. „Veiking krónunnar upp á síðkastið, auk kerfisbreytinga sem urðu á útreikningum vísitölu neysluverðs fyrir um ári síðan og leiddu til snöggrar lækkunar verðbólgu í kjölfarið, mun hafa neikvæð áhrif á þróun verðbólgunnar á næstu mánuðum og mun verðbólguhraðinn að öllum líkindum fara vaxandi,“ segir greiningardeild KB banka.

Stýrivextir Seðlabankans eru nú 10,75 prósent, en næsti vaxtaákvörðunardagur bankans er fimmtudagurinn 30. mars. - óká



**ÁNÆGDUR MED UPPRÍÐRIÐ** Hannes Smárason, forstjóri FL Group, er ánægður með uppgjör félagsins. Hagnaðurinn var rúmir sautján milljarðar og afkoman það sem af er ári nálgað afkomu ársins í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ / HARI

**Erlendar fjárfestingar stórauknar**

Methagnaður á síðasta ári. Yfir 17 milljarða hagnaður af fjárfestingum frá áramótum. FL Group bætir hlut sinn í easyJet og er stærsti hluthafinn.

FL Group skilaði 17,2 milljarða hagnaði árið 2005 samanborið við 3,6 milljarða hagnað árið 2004.

„Við erum mjög ánægðir með afkomu síðasta árs sem er sú langbesta í sögu félagsins. Við sjáum að hagnaður fyrir skatta var yfir 20 milljarðar króna og þetta ár byrjar mjög vel,“ segir Hannes Smárason, forstjóri FL Group, en afkoman var í takt við væntingar markaðarins.

Hagnaður af fjárfestingastarfsemi bar uppi að mestu afkomu síðasta árs en hann nam 15,4 milljörðum króna. Afkoma af flugrekstri og ferðapjónustu var 1.846 milljónir króna og nam rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) 4.781 milljónum sem er eins prósentu aukning. Hannes er ánægður með hvað þær aðgerðir

sem gripið hefur verið til í flugrekstrinum hafa skilað sér vel og bendir á að þrátt fyrir erfiðar markaðsaðstæður hafi framlegðin hækkað lítillega á milli ára.

Það veur athygli að frá áramótum hefur FL Group stóraukið fjárfestingar sínar í erlendum verðbréfum. Um áramót námu þær 26 prósentum af eignarsafni félagsins en eru nú komnar í 45 prósent eða úr 29,3 milljörðum króna í 67,7. „Það var meðvitund ákvörðun sem við tókum í upphafi árs að auka vægi fjárfestinga erlendis. Við töldum að það væri skynsamlegt,“ segir Hannes.

Frá áramótum er afkoma félagsins af fjárfestingastarfsemi jákvæð um 17,6 milljarða króna. Þrennt skýrir þann mikla hagnað sem hefur orðið á árinu. Í fyrsta lagi hækkaði hlutabréfamörkuðum, í öðru lagi sala á rekstrareiningum á borð við Ferðaskrifstofu Íslands og Bílaleigu Flugleiða og í þriðja lagi veiking á krónunni sem hefur komið sér vel fyrir FL Group.

FL Group hefur aukið hlut sinn í easyJet í 16,9 prósent. Markaðsvirði hlutarins nam í gær tæpum 31 milljarði króna. Með þessu er FL Group orðinn stærsti hluthafi easyJet en stofnandinn, Stelios Haji-Ioannou, á 16,5 prósent. Hannes gat ekki tjáð sig um hvort FL Group hygðist auka hlut sinn frekar.

Auk easyJet eru hlutabréf í Íslandsbanka og KB banka stærstu eignir félagsins um þessar mundir. eggert@frettabladid.is

**Sýnum****allt það nýjasta um helgina****Njóttu þess besta frá Ellingsen Evró - þar sem gæðin eiga heima****Óvenjuhagstæð vagnalán í boði.****Opið laugardag 10-16, sunnudag 12-16**

Upplýsingar hjá sölumönnum í síma 580 8528 og 580 8529

**ELLINGSEN EVRÓ**

Grandagarði 2, sími 580 8500




ARGUS 06-0157

# Ánægjan hvergi meiri!

Þegar IMG Gallup kannaði ánægju viðskiptavina banka og sparisjóða í Reykjavík og nágrenni árið 2005 kom í ljós að ánægjan er mest með SPRON. Komdu í hóp ánægðustu viðskiptavina á höfuðborgarsvæðinu.

**Skiptu við SPRON!**



Ánægjuvog banka og sparisjóða  
– einungis íbúar höfuðborgarsvæðisins 2005



**spron**  
– frelsi í bankaviðskiptum

# skoðun

SJÓNARMÍÐ  
ÞORSTEINN PÁLSSON

Umræða um evrur og krónur.

## Össur slær nýjan tón

Hræringar á fjármálamarkaði hafa fengið Valgerði Sverrisdóttur, viðskiptaráðherra, til þess að setja fram hugmyndir um aðild Íslands að evrópska myntbandalaginu í þeim tilgangi að leysa krónuna af hólmum með evru. Út frá almennu sjónarmiði hreyfir ráðherra hér við álitæfni, sem ærin ástæða er til að brjóta til mergjar þegar til lengri tíma er horft. En hitt er fráleitt að hugsa evruna sem lausn á tímabundnum óróleika, og í sjálfu sér ekki víst að það hafi verið hugsunin. Og sú aðferð, sem ráðherra leggur til, er með öllu óraunhæf.

Aðild að Evrópusambandinu og myntbandalaginu er ekki á dagskrá núverandi ríkisstjórnar. Grein viðskiptaráðherrans breytir engu í því efni. En framhjá því verður hins vegar ekki litið, að það hlýtur að teljast nokkur pólitískur viðburður, þegar viðskiptaráðherra kveður sér hljóðs með svo afgerandi hætti um jafn stórt, viðkvæmt og margslungið mál; ekki síst í ljósi þess hver staða þess er í samstarfi ríkisstjórnarflokkanna. Hvað sem öðru líður hlýtur þetta frumkvæði eigi að síður að vekja upp umræðu um íslensku krónuna í alþjóðlegu samhengi og stöðu efnahagsmálanna.

Viðbrögð Geirs Haarde, utanríkisráðherra, og Sigríðar Önnu Þórðardóttur, umhverfisráðherra, við þessum hugmyndum komu ekki á óvart og eru reyndar í fullu samræmi við stöðu þessa máls innan ríkisstjórnarinnar. Hitt vekur meiri athygli á hvern veg fyrsti þingmaður Reykjavíkurborgar, Össur Skarphéðinsson, tók á málinu þegar það kom umræðu á Alþingi. Þar kvað vissulega við annan tón en venjulega heyrst úr hans herbúðum, þegar Evrópusambandið ber á góma.

Með hliðsjón af stefnu Samfylkingarinnar hefði mátt ætla, að talsmaður hennar hefði átt meiri samleið með ráðherra Framsóknarflokksins en Sjálfstæðisflokksins þegar mál sem þetta ber á góma. En því var ekki að heilsa að þessu sinni. Þannig efaðist þingmaðurinn um tímasetningu þessa útspils viðskiptaráðherra. Taldi það aukheldur bera vott um taugaveiklun og lýsti því sem örþrifaræði. Hvorugt væri til þess fallið að sefa markaðinn.

Sú ályktan verður ekki dregin af þessum ummælum, að Össur Skarphéðinsson hafi skipt um skoðun varðandi aðild Íslands að Evrópusambandinu. En nærlægt er að túlka þau á þann veg, að sannfæring hans um að hræða framvindu þess máls sé ekki eins sterk og áður. Í annan stað geta ummælin bent til þess, að hann vilji stýra umræðunni um Evrópusambandið á þann veg, að það mál útiloki ekki samstarf Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar að loknum næstu kosningum.

Ef hér eru dregnar réttar ályktanir geta viðbrögð Össurar Skarphéðinssonar haft talsvert pólitískt gildi; að því tilskildu, að aðrir forystumenn Samfylkingarinnar slái sama tóninn. Það er raunhæft mat, að breytingar á afstöðu Íslands gagnvart Evrópusambandinu geti aðeins gerst með breiðri samstöðu þjóðarinnar. Það þýðir einfaldlega, að þrjár stærstu flokkarnir þurfa að koma þar að eigi eitthvað að gerast.

Ef sá nýi tónn, sem Össur Skarphéðinsson hefur nú slegið, felur í sér viðurkenningu á þessari staðreynd gæti hann hugsanlega leitt til afslappaðri umræðu og jafnvel málefnalegri um þetta stóra álitæfni. Og því má ekki gleyma, að stjórnarskráin útilokar með öllu Evrópusambandsaðild. Skynsamlegt væri að gera breytingar þar á óháð áformum um að nota þá heimild. Að öllu athuguðu er því einsýnt, að útspil viðskiptaráðherra er ekkert augnabliksmál og ekki líklegt kosningamál.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Tíminn og vatnalög

Þegar þingmenn standa upp úr sætum sínum í dag og yfirgefa þingsalinn hafa þeir rætt breytingar á vatnalögum í 30 til 40 klukkustundir í vikunni. Skipulag umræðunnar og fundarstjórn forseta þingsins varð þingmönnum reyndar umtalsefni lengi vel í gær. Þétur Blöndal, Sjálfstæðisflokkur, vildi gjarnan ræða málið í hörgul. En minnti menn á að eins væri með tímenn og vatnið – hvort tveggja rynnir hjá og kæmi aldrei aftur. Fórum því vel með tímenn, sagði



Pétur. Karl Axelsson, lektor við lagadeild Háskóla Íslands, nefndi í framhjá-hlaupi téðar breytingar á vatnalögum í fyrirlestri. Hann taldi að skipulag stjórnarráðsins væri farið að standa heildstæðri og skynsamlegri löggjöf

á mörgum sviðum fyrir þrifum. Málið er þannig vaxið að málaflakkar geta heyrð undir fleiri en eitt ráðuneyti. Oft rekast hagsmunir eða skoðanir á milli ráðuneyta og lagasmíð á vegum eins þeirra veldur vanda á öðru sviði og í öðru ráðuneyti eða hættu á ósamkvæmni og ósamræmi.

#### Dragbítur lagasetningar

Oft gerist það að lagasetning sem varðar ekki aðeins eina stofnun heldur margar verður torveld einmitt af þeim sökum. Þegar semja skal lagafrumvarp um lax- og silungusveidi upphéfst togstreita milli iðnaðarráðuneytis sem fer með vatnamál og landbúnaðarráðuneytis sem fer með veiðimál. Stofnunum fjólar, háskólar heyrja undir fleiri en eitt ráðuneyti, matvælaeftirlit og hollustumál heyrja undir mismunandi stofnanir og svona mætti áfram telja. Þetta leiðir hugann að því að forsæt-

isráðherra mæltist bréflaga til þess við ráðherra sína í ágúst í fyrra að þeir hugðu að endurskoðun á skipan ráðuneyta með fækkun þeirra í huga. Geir H. Haarde, formanni Sjálfstæðisflokksins, hugnast einnig að sameina ráðuneyti og fækka ráðherrum í níu. Á þessu hafði hann orð í áramótageirnum. Þegar líðinn var janúarmánuður höfðu ráðherrarnir Björn Bjarnason og Árni Magnússon, sem falin var ábyrgð á málinu, ekki haldið einn einasta fund. Ef til vill eru ráðherrarnir ekkert sérstaklega áfram um það sjálfir að semja tillögur um fækkun ráðherrastóla. Næsta ljóst er að ef til uppstokkunar kemur verða málefni sjávarútvegs, iðnaðar og landbúnaðar sameinuð í einu atvinnuvega-ráðuneyti. Skyldi málið vera endanlega sofnad nú þegar Árni er hættur?

johannh@frettabladid.is

## „Því Maúmet gjörir þeim tál“

Í bernsku heyrði ég einu sinni brandara um Carter Bandaríkjaforseta og Brezhnev Sovétleiðtoga. Hann hljóðaði svo: „Brezhnev var eitt sinn í opinberri heimsókn í Bandaríkjunum. Carter vildi að sjálfsgöðu sýna hversu frjálst samfélagið á Vesturlöndum væri þannig að hann benti út um gluggann á Hvíta húsinu á mann sem stóð fyrir utan með mótmælaspjald sem á stóð: Carter er fifl. Sérðu þetta, sagði Carter. Þetta má segja í Bandaríkjunum. Það er nú ekkert merkilegt, sagði Brezhnev. Það má hver sem vill í Sovétríkjunum standa á Rauða torginu með spjald þar sem stendur: Carter er fifl.“

Burtséð frá því að vera fyndinn hafði þessi brandari ákveðinn bók-skap. Málfræsi getur nefnilega verið tvenns konar. Annars vegar er málfræsi í skilningi Brezhnevs: Fræsið til að tala illa um fólk sem býr í fjarlægum löndum og hefur engin ítök í manns eigin samfélagi. Hins vegar er fræsið sem Carter vildi benda á: Fræsið til að gagnrýna eigin stjórnvöld. Í þessu tvennu felst munurinn á frjálsum samfélagum og ófrjálsum.

Málfræsið í þeim skilningi sem Carter talar fyrir í brandaranum er tiltölulega ný uppfinning. Meðal þeirra sem börðust fyrir því er t.d. franskir þjóðfélagsrýnirinn Voltaire sem reyndi á þanþól ritaskoðunar í einveldissamfélagi 18. aldar. Annar hugsuður sem bardist ótullaða fyrir rétti manna til að gagnrýna eigin stjórnvöld var John Stuart Mill. Hann hélt því fram að slík gagnrýni hlýti jafnan að leiða til betra samfélags og þá skipti engu máli hvort hún ætti rétt á sér eða ekki. Á Vesturlöndum hafa ýmiss konar lýðræðissamfélög miklast af því að fylgja sömu viðmiðum og þeir Voltaire og Mill. Jafnvel þekktast þær öfgar að þessi gildi séu kölluð „vest-

#### Í DAG TJÁNINGARFRELSI



SVERRIR  
JAKOBSSON

*Rétturinn til að tala illa um múslima á sér rótfasta hefð sem nær aftur til miðalda. Hugmyndir þeirra Voltaires og Johns Stuarts Mills snúa hins vegar að annars konar málfræsi.*

ræn“ eins og þau geti verið einkamál einhverrar þjóðar eða heims-luta.

Málfræsið í hinni merkingunni þekktist hins vegar í öllum samfélögum og skiptir þá engu máli hversu fornescjuleg þau eru að öðru leyti. Á miðöldum hafði almenningur í Evrópu t.d. mikið og ríkulegt fræsi til að gagnrýna trúarbrögð – annarra. Við þekkingu dæmi úr íslenskum miðaldaritum þar sem Múhameð spámanni er iðulega lýst sem djöfli eða falsara. Í Rémundar sögu keisarasonar segir t.d. að múslimar séu með „bannsetta sál því Maúmet gjörir þeim tál“.

Þannig er til tvenns konar málfræsi. Annað hefur náðst eftir töluverða þróun í sögu mannsandans og fyrir því þarf reglulega að berjast. Undanfarin ár hefur þetta brot-hætta málfræsi – rétturinn til að gagnrýna eigin stjórnvöld – verið í töluverðri kreppu í þeim löndum þar sem það hefur hingað til staðið hvað styrkstum fótum. Löggjöf sem í orði kveðnu á að vera innlegg

í „stríð gegn hryðjuverkum“ beinist ekki hvað síst gegn þessum rétti. Þessi lög eru orðuð með löðnum hætti þannig að hægt er að túlka hvers konar gagnrýni og samfélagsádeilu sem „hvatningu til hryðjuverka“. Þannig hugsanaháttur er ekki bundinn við sérvitringa eða öfgamenn. Í nýrri löggjöf sem liggur núna fyrir alþingi eru dregin upp fornescjuhugtök eins og „landráð“ sem ganga þvert á nútímahugmyndir um einstaklingsfræsi, þar sem trúnaður fólks á að vera við aðrar manneskjur en ekki land eða ríki.

Hin gerðin af tjáningarfrelsi hefur aldrei verið í neinni kreppu og aldrei hefur þurft að berjast sérstaklega fyrir því. Fyrr en nú. Núna verður ekki þverfótad í íslenskum blöðum fyrir álitstgjöfum sem vilja verja hið dýrmæta málfræsi – í merkingu Brezhnevs og íslenskra miðaldamanna. Réttinn til að tala illa um fólk í fjarlægum löndum, minnihlutahópa og alla þá sem ekki eru hluti af okkar samfélagi eða viðmiði. Svo rammt kveður að þessu að ef einhver slystast til að gefa í skyn að það þurfi nú stundum að sýna öðrum virðingu og tillitssemi þá dugar ekkert minna en að sami einstaklingur birti opinbera afsökunarbeiðni og dragi hinar hræðilegu skoðanir til baka. Málfræsið er jú svo mikilvægt, skilurðu.

Mér er líka annt um málfræsið. Ég hvet hinar nýju frjálssræðishetjur eindregið til að mæta nú reglulega fyrir framan stjórnarráðið og mótmæla Múhameð spámanni, keisararanum í Kína eða hverjum þeim manni úti í heimi sem þær langar til. Sjálfur ætla ég hins vegar að standa þar líka og mótmæla Halldóri Ásgrímssyni, Geir Haarde eða marskálknum á Keflavíkurlflugvelli. Undir mínu spjaldi standa þeir Voltaire og John Stuart Mill. Það gæti verið verra.

### MEST LESNU GREINARNAR Á VÍSI

- Jónínubréf á netið** Tölvupóstur, sem virðist innihalda afar viðkvæmt og persónuleg einkabréf á milli Jónínu Benediktssdóttur og Styrms Gunnarssonar, ritstjóra Morgunblaðsins, var settur á bloggsíðu sem hýst er í Bandaríkjunum.
- Banaslys á Akureyri** Piltur á tvítugsaldri lést þegar bifreið sem hann var farþegi í var ekið á vegg verksmiðjuhúss á Akureyri. Ökumaðurinn slasaðist alvarlega.
- Konur betri ökumenn** Heilastarfsemi kvenna gerir þær að betri ökumönnum samkvæmt ítarlegum prófum og rannsóknum breskra sálfræðinga. Í ljós kom að konur áttuðu sig tvisvar sinnum oft en karlar þegar skipta þurfti um aksturslag.
- 11 ára stúlku nauðgað í Bretlandi** Óhug sló á Breta eftir að ellefu ára stúlku var naugað inni á salerni í matvöruverslun í Warwickshire í Bretlandi.
- Árni Magnússon í Íslandsbanka** Félagsmálaráðherra kvaddi pólitíkina í vikubyrjun og réði sig til starfa sem forstöðumaður á fjárfestinga- og alþjóðasviði Íslandsbanka. Jón Kristjánsson tekur við ráðuneyti Árna en Siv Friðleifsdóttir kemur á ný í ríkisstjórn og tekur við heilbrigðismálum.
- Samtökinn '78 kæra Gunnar í Krossinum** Formaður Samtakanna '78 hefur kært forstöðumann Krossins vegna harðorðrar blaðagreinar hans um samkynhneigða og líf þeirra.
- Jarðskjálfti í nágrenni Krísvíkur** Jarðskjálfti upp á 4,6 á Richterskala skók höfuðborgarsvæðið á mánudag. Skjálftinn fannst allt austur á Selfoss. Överulegt tjón varð af völdum skjálftans.
- Kært fyrir einkadans í lokuðu rými** Eigandi nektardansstaðarins Goldfinger og tvær erlendar dansmeyjar hafa verið ákærðar fyrir að sýna einkadans í lokuðu rými.
- Leggja blóm og kerti við slystað** Mikill fjöldi blóma og kerta var lagður að ljósastaur á mótum Kringlumýrabrautar og Sæbrautar til minningar um Guðrúnu Jónsdóttur sem lést þar í bílslysi í fyrri viku.
- Fráleitt að setja súlu Yoko í Viðey** Ingólfur Margeirsson rithöfundur segir það fráleitt af yfirvöldum að setja upp friðarsúlu Yoko Ono í Viðey. Hann segir uppþæki Yoko einungis fjárplógsstarfsemi í nafni friðaráttaks.

\*Þetta voru tíu mest lesnu greinarnar á Vísir vikuna 4. til 10. mars.

**Lægra verð**  
- allar stöðvar!

**-2 kr**  
í dag

Verð áður: **Bensín 110,3 kr.pr.ltr.**

Verð nú: **Bensín 108,3 kr.pr.ltr.**

Dæluylkill: **Bensín 107,3 kr.pr.ltr.**

Á öllum bensinstöðvum okkar er lækkað verð í dag. Veittur er **2 kr.** afsláttur af hverjum lítra.

Þeir sem hafa Dæluylkil fá svo 1 kr. til viðbótar. Samtals 3 krónur í afslátt.

**Tilnefnd til**  
*Neytendaverðlaun 2006*

**ATLANTSOLIA**

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRNAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRN: Sigrún M. Eglisson AÐSTOÐARRITSTJÓRN: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRN: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRN: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. AÐALSMÍ: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðureyjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# RÓSIR OG RÓMANTÍK

LEYFÐU OKKUR AÐ AÐSTOÐA VIÐ BRÚÐKAUPSUNDIRBÚNINGINN!


Kæru verðandi brúðhjón. Komið og skráið ykkur í gestabók á Brúðkaupshelgi Garðheima og fáiið **15 % afsláttarkortið** "Brúðarvöndurinn og annað fyrir brúðkaupið"

## BRÚÐKAUPS- OG RÓSASÝNING GARÐHEIMA 11. OG 12.mars

- ♥ Kl. 14.30 og 15.30: Brúðarkjólaleiga Dóru / ANNA design og blómameild Garðheima standa fyrir tiskusýningu með *suðrænu ívafi*
- ♥ Háborðsskreytingar: hugmyndir og ráðgjöf
- ♥ Snyrtistofan Mist gefur faglega ráðgjöf um förðun og litaval
- ♥ Skreytingar í sal, bílaskreytingar o.fl.
- ♥ Brúðarvendir
- ♥ Á Föndurloftinu: sýnikennsla í boðskortagerð, gestabókagerð, kertaskreytingar o.fl.
- ♥ Kynningar
- ♥ Lukkupottar -> hver hlýtur:
  - brúðarsvítuna á Grand Hótel
  - brúðarvönd og barmblóm frá Garðheimum
  - inneign hjá Snyrtistofunni Mist
  - inneign hjá Kökuhúsinu
  - inneign hjá Barna og fjölskylduljósmyndum
  - inneign hjá Kristal og postulín
  - inneign hjá Brúðarkjólaleigu Dóru



TE & KAFFI



ASKJA



LJÓSMYNDIR



Kristal & Postulín



Grand HÓTEL REYKJAVÍK



**TILBOÐ**

**ALLAR afskornar  
rósir í blómabúð**

**180kr**

Yfir 60 tegundir af rósum til sýnis um helgina – nú er tækifærið til að velja réttu rósina í brúðarvöndinn!

Njótið þjónustunnar í þægilegu umhverfi Garðheima – og munið: NÆG BÍLASTÆÐI



GARDHEIMAR

heimur heillandi hluta og hugmynda

Skoðanakönnun hvaða nýtt rósaafbrigði viltu sjá á markaðnum á næsta ári? – lukkupottur!



**PUMA FRESH SINCE SS TEE** Bómullarbolur á börn. Litur: Grænn og blár. Stærðir: 128-176 kr. **1.490**

**1.490**  
VERÐ ÁÐUR **1.990**



**1.490**  
VERÐ ÁÐUR **1.890**

**PUMA 360 LOGO SS TEE** Bómullarbolur á stráka. Litur: Blár. Stærðir: 128-176 kr. **1.490**

## FLOTTUR SPORTFATNAÐUR nýjar Puma vörur



**PUMA L LOGO WOV PANT** Buxur á börn. Litur: Bláar. Stærðir: 128-176 kr. **3.990**

**3.990**  
VERÐ ÁÐUR **4.990**



**1.490**  
VERÐ ÁÐUR **1.990**



**PUMA FOIL TEE** Sumarlegur bolur á stúlkur. Litur: Bleikur, gulur, hvítur og grár. Stærðir: 128-176 kr. **1.490**

**PUMA SWEAT JKT** Rennd peysa á stúlkur. Litur: Hvít og bleik. Stærðir: 128-176 kr. **3.990**

**3.990**  
VERÐ ÁÐUR **4.990**



**PUMA LICIOUS TEE** Flottur bolur fyrir stelpur. Litur: Hvítur, gulur og bleikur. Stærðir: 128-176 kr. **1.490**

**1.490**  
VERÐ ÁÐUR **1.990**



**100% ÖRYGGI**

við lofum þér lægra verði!

Við leggjum okkur 100% fram við að bjóða ávallt upp á lægsta verðið. Ef þú hefur keypt vöru í INTERSPORT og finnur sömu vöru á lægra verði í annarri verslun, þá **endurgreiðum** við þér mismuninn. Sýna þarf kassakvittun. **Gildir í tvær vikur frá kaupdegi, gildir um allar vörur nema útsölu- eða tilboðsvörur.**

# HEITUSTU SKÓRNIR FRÁ PUMA Í VOR

Puma  
Libra

**5.990**  
VERÐ ÁÐUR 7.990



**PUMA**

PUMA LIBRA W Leðurskór á dömur  
án reima. Litur: Hvítur. Stærðir:  
36-41 kr. 5.990

**PUMA**

PUMA KART CAT  
Einir vinsælustu  
götuskórnir fyrir sumarið  
á dömur og herra. Litur:  
Svartur. Stærðir: 36-46  
kr. **7.990**



**7.990**  
VERÐ ÁÐUR 9.990



**3.990**  
VERÐ ÁÐUR 4.990

**PUMA**

PUMA ARGON LEATHER Klassískir götuskór úr leðri.  
Litur: Svartir. Stærðir: 38-46 kr. **3.990**



**5.990**  
VERÐ ÁÐUR 7.490



**7.990**  
VERÐ ÁÐUR 9.990

**PUMA**

PUMA KART CAT II Flottir vandaðir götuskór úr leðri. Litur:  
Svartir, hvítir og rauðir. Stærðir: 39-45 kr. **7.990**

**PUMA**

PUMA PUMA 10 Flottir götuskór  
fyrir sumarið. Litur: Bláir, rauðir  
og svartir. Stærðir: 36-46  
kr. **5.990**

Póstverslun  
VIÐ SENDUM HVERT  
Á LAND SEM ER

**INTERSPORT**

**CLUB**  
INTERSPORT

# DV Helgarblað

## SLOPPIN ÚR HEIMI VIMUEFNA



Hefur þú  
séð þú  
DV í dag?

MAÐUR VIKUNNAR

# Ósérhlífin og fylgin sér

GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR  
FORSTÖÐUMAÐUR STÍGAMÓTA

Rúna í Stígamótum er ein þeirra sem þora, vilja og geta. Þeir sem gerst þekkja hana tala um sterkar hugsjónir og ríka réttlætiskennend sem einkenni hana. Einnig að hún sé ósérhlífin og fylgin sér en líka mikil fjölskyldumanneskja og hið mesta tryggðatröll.

Á alþjóðlegum baráttudegi kvenna nú í vikunni fögnuðu Stígamót 16 ára afmæli sínu og birtu um leið skýrslu um starfsemina á liðnu ári um leið og þau opnuðu hús sitt gestum og gangandi. Á hátíðafundi Bríetar, ungra femínista um kvöldið var Rúna ein nokkurrakvenna sem stigu á svið og fluttu gjörning við mikinn fögnuð áhorfenda. Þar flettu þær meðal annars upp peysunum sínum örstutta stund til að sýna hvernig brjóst venjulegra kvenna líta út ef einhver skyldi hafa gleymt því í silíkonæði og útlitsdýrkun nútímans.

Rúna heitir réttu nafni Guðrún og er Jónsdóttir. Rúna-nafnið er til komið vegna þess að þegar hún fór að vinna fyrir Stígamót var þar fyrir skörungur með sama nafni og því þurfti aðgreiningar við.

Rúna er fædd og uppalin í Reykjavík og er næstelst í sex systkina hópi. Sem barn og unglingur dvaldi hún mörg sumur á Húsafelli í Borgarfirði hjá Kristleifi bónda og hans fólki, passaði börnin á bænum og tók þátt í leik og starfi með heimaþólki en á þeim tíma var stundaður þar hefðbundinn búskapur á fjölmönnum heimilum. Hún þótti dugnaðarstelpa í sveitinni, lífleg og skemmtileg og laus við hyskni og matvæðni. Þarna kynntist hún náttúrubörnunum og lærði að lesa í landið. Eflaust hefur sveitadvölin mótað hana á margan hátt og

meðal annars orðið kveikjan að líffræðiáhuga hennar því þegar að því kom að velja sér háskólagrein þá varð líffræðin fyrir valinu.

Rúna hefur alla tíð verið námshestur. Vogaskólinn var hennar

nemendum Reykholtsskóla í Biskupstungum meðan hann lauk námi við íþróttakennaraskólann.

Kvenfrelshugsjónir Rúnu fundu sér farveg innan Kvennalistans. Hún gerðist dyggur liðsmaður þeirra samtaka og starfaði

um tíma á skrifstofu þeirra. Áhuginn fyrir bættum hag kvenna skilaði henni inn í Kvennaathvarfið þar sem krafta hennar var þörf og þegar eiginmaðurinn hélt til náms í Noregi sá hún sér leik á borði að fylgja honum og sérmennta sig í félagsráðgjöf.

Heimkomin lagðist hún á sveif með nöfnu sinni í Stígamótum að berjast fyrir mál-efnum kvenna sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi og þar tók hún forystu fyrir nokkrum árum sem kunnugt er.

Rúna er ávallt tilbúin að berjast fyrir sínum málstað og fyrir sína skjólstaðinga og af fjölmörgum fjölskyldu hana mætti ætla að þar færi hinn mesti vargur. Það er þó ekki álit þeirra sem mest umgangast hana. Þeir lýsa henni sem glaðlyndri og ljúfri konu sem hafi gaman af að elda góðan mat og vera meðal fjölskyldu og vina. Dætur á hún þrjár og þær

hafa fundið góða fyrirmynd í móður sinni. Útivist og göngur eru meðal áhugamála Rúnu en ef frá er talin skíðaiðkun sem hún hefur lítillaga kynnst þá er hún einhver minnsta íþróttakona sem sögur fara af. Eitt sinn ætlaði hún þó að taka sér tak. Dreif sig í Laugardalinn og eftir sundsprett skellti hún sér í jogginggallann og skokkaði út á braut. Skildi ekkert í öllum áhorfendaskaranum í stúkunni og vissi ekki að hún var stödd í miðri keppni á Íslandsmóti í frjálsum íþróttum. Er hún áttaði sig á því var hún studd út af brautinni af öðrum keppendum en áhorfendur höfðu gaman af.

Að loknu námi í líffræði í Háskóla Íslands aðstoðaði hún einn prófessorinn við kennslu um tíma en síðan réðist hún sem kennari við Laugabakkaskóla í Miðfirði, ásamt manni sínum Tómasi Jónssyni. Eftir tveggja ára dvöl í Húnaþingi héldu þau í uppsveitir Árnessýslu og þar kenndi hún



**PÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSIR VEFTV**

**HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!**

**Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir í stafrænum gæðum á vísir.is**

# Innst inni langar alla...

ISLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/BIAS TOY 31129 03/2004



## Næst ekur þú **Avensis**

Stundum er afskaplega erfitt að bæta við. Avensis er þannig bíll. Hann hefur einfaldlega allt sem þú þarft. Hvort sem um er að ræða afl, tækni-búnað, aksturseiginleika eða þægindi. Avensis uppfyllir og fer fram úr væntingum þínum.

Avensis er hugarsmíði þess bílaframleiðanda sem hefur komist í fremstu röð Formúlu 1 á aðeins fimm árum. Við væntum mikils á komandi keppnistímabili og í kjölfar fyrstu keppninnar í Bahrain bjóðum við 42" Panasonic plasmajónvarp að verðmæti 250.000 kr. með öllum Avensis sem afhentir eru fyrir 20. júní n.k.

**Panasonic 42" plasmajónvarp**  
að verðmæti 250.000 kr. fylgir öllum Avensis

Verð frá **2.240.000 kr.**



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota  
Nýbýlavegi 4  
Kópavogur  
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbær  
Sími: 421-4888

Toyota Selfossi  
Fossnesi 14  
Selfoss  
Sími: 480-8000

## UMMÆLI VIKUNNAR

„Hún á hrós skilið fyrir að sjá þetta með köldum og yfirveguðum hætti.“

Össur Skarphéðinsson, Samfylkingunni, hrósaði Sigríði Önnu Þórðardóttur umhverfisráðherra fyrir einarða afstöðu gegn evrutali iðnaðarráðherra.

„Þetta er þörf áminning til þingsins um að fjármálaheimurinn bíður spennur eftir því að geta fengið almannaþignir til ráðstöfunar.“

Kveðja Ögmundar Jónassonar á þingi þegar Árni Magnússon hvarf til starfa í orkugeira Íslands-banka.

# stjórnsmál

stjornmal@frettabladid.is

nánar á vísir.is

## Úr bakherberginu...

### Óraunhæf evra...

Skyndilega skipast veður í lofti. Embættismenn biðja um aukið samstarf við Evrópusambandið um viðbrögð við fjármálaáfallum og Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra hefur ótru á krónunni og vill athuga upp-töku evrunnar, þó án aðildar að sambandinu. Lengra er nú varla hægt að ætlast til



ad gengið sé í einu skrefi af hálfu ráðherra í ríkisstjórn sem hefur ekki á dagskrá að ræða Evrópusambandið. Þó er þess að geta að Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra spáði nýlega aðild þjóðarinnar að ESB eftir tíu ár eða svo. Geir H. Haarde utanríkisráðherra og Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra brugðust ákveðið við útspili Valgerðar og sögðu óraunhæft að taka upp evru hér á landi án aðildar að Evrópusambandinu. Slógu málið herra lofi fyrir djörfung og embættismennina fyrir framsýni. Guð láti gott á vita og sama hvaðan gott kemur. Samfylkingin er nú einu sinni flokkurinn sem hefur aðildarumsókn að

Evrópusambandinu sérstaklega á stefnuskrá sinni. Og aftur hlyti Samfylkingin að hafa fagnað þegar kvísaðist að sendiherra ESB á landinu ætlaði að láta kanna evrumálið nánar í Brussel.

### ... og rödd skynseminnar

En ónei. Á Alþingi sté í ræðustól Össur Skarphéðinsson og kvað Valgerði viðskiptaráðherra hafa farið á taugum yfir sviptingum í fjármálandinu. Össur hallaðist að því að Sigríður Anna hefði rétt fyrir sér; upptaka evru væri óframkvæmanleg án aðildar að Evrópusambandinu. „Hún á hrós skilið fyrir að sjá þetta með köldum og yfirveguðum hætti,“ sagði hann. Sigríður Anna svaraði að málið væri háþólitískt og skiptar skoðanir gætu verið um það innan flokkanna. Hér má spyrja hvort skiptar skoðanir séu ekki einmitt um málið innan Samfylkingarinnar. Hvort flokkurinn, sem látlaust er sakaður um stefnuleysi af stjórnarliðum, hafi ekki misst stefnufestuna og skýrleikann í Evrópumálanum sem löngum hafa þótt skapa honum pólitíska sérstöðu í miðstjórnsmálum samtímans.



## VIKA Í PÓLÍTÍK

JÓHANN HAUKSSON

# Spilling og mútubægni



Því betur sem skýrsla nefndar á vegum Evrópuráðsins um spillingu og mútubægni á Íslandi er lesin, því forvitnilegrí verður hún. Skýrslan er frá árinu 2004 og byggist á því sem sérfræðingar GRECO-nefndarinnar urðu vísari í heimsókn sinni hingað til lands. Skýrslan skiptir einnig máli varðandi fjármál stjórnmalaflokka hér á landi sem eina ferðina enn voru til umræðu á Alþingi í vikunni. Þar var forsætisráðherra spurður hvað liði störfum nefndar sem hann skipaði til verka síðastliðið sumar og skipuð er fulltrúum allra stjórnmalaflokka. Nefndin átti að skila niðurstöðum og tillögum um áramótin en hefur fengið frest til frekari gagnaöflunar og úrvinnslu. Jóhanna Sigurðardóttir, Samfylkingunni, beindi fyrirspurn sinni í vikunni til Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra og sagði efnislega að óþarft væri að leggast undir feld önnur tíu ár eða svo, því allar nauðsynlegar upplýsingar lægju þegar fyrir, meðal annars í gögnum sem nefnd á vegum Davíðs Oddssonar, þáverandi forsætisráðherra, skilaði af sér um

miðjan síðasta áratug.

Sérfræðingar GRECO stöldruðu í einum lið við það sem kalla mætti hagsmunaréykstra en athugun leiddi í ljós að engar reglur eða leiðbeiningar giltu hér á landi um gjafir sem kunna að vera gefnar opinberum embættismönnum eða stjórnmalamönnum. Í skýrslunni er einnig vakin athygli á að engar reglur gilda hér á landi um meðferð embættis- eða stjórnmalamanna á upplýsingum eða þekkingu sem þeir kunna að flytja með sér þegar þeir hætta störfum í almannabágu og hefja störf hjá einkafyrirtækjum. Í raun hafi borgararnir engar tryggningar fyrir því að slíkar upplýsingar séu ekki notaðar þeim í óhag. Sérfræðingum GRECO þykir sérstök ástæða til að huga að þessu atriði á tímum einkavæðingar þegar verkefni eru í stríðum straumi flutt úr opinberum rekstri til einkafyrirtækja.

Þegar grannt er lesið er sem sérfræðingum GRECO þykir íslenska þjóðin vera heldur bláeyg og sjálfsánægð og sannfærð um að allt sé í besta lagi. Þjóð sem vilji ekki vita af spillingu og mútubægni sé ekki líkleg til að reyna að uppræta hana.



KARL AXELSSON LEKTOR FLYTUR FYRIRLESTUR Þingmenn, hæstaréttardómarar og aðrir áhugamenn sóttu fyrirlestur Karls um breytingar á vatnalögum í Háskóla Íslands í gær.

# Vatn og tími þingmanna

**Er hægt að slá eign á vatn? Ef svo er, á vatn að vera þjóðareign eða í einkaeign? Á Alþingi er nú til annarrar umræðu stjórnarfrumvarp til vatnalaga. Stjórnarandstaðan er tortryggin og telur stjórnvöld ætla að tryggja einkaeignarrétt á vatni. Iðnaðarráðherra segir frumvarpið fela að mestu í sér formbreytingar frá gildandi lögum.**

Karl Axelsson, lektor við lagadeild Háskóla Íslands, var formaður þeirrar nefndar sem samdi frumvarpið, en það hefur verið til umræðu nær sleitulaust á Alþingi undanfarna þrjú daga. Karl hélt opinn fyrirlestur um fyrirhugaðar lagabreytingar fyrir fullum sal í Lögbergi í gær.

Á öndverðri síðustu öld bauð ný tækni og verkkunnátta að unnt væri að vinna raforku úr fallvötnum. Selja átti fossa, jafnvel úr landi. Þá þegar voru áleitnar spurningar augljósar. Áttu menn að fylgja allsherjarstefnu og setja þjóðareign á vatni ofar öðrum rétti? Átti að fylgja sér-eignarstefnu eða var vatn hreint út sagt ekki eignarhæft?

### Lögin eru barn síns tíma

Karl sagði frá því að svonefnd fossanefnd hefði klofnað varanlega um þetta atriði og hefði minnihlutinn fylgt séreignarstefnunni en meirihlutinn allsherjarstefnunni. Gat hann þess til fróðleiks að Jón Þorláksson, stofnandi Sjálfstæðis-flokksins, hefði fylgt meirihluta nefndarinnar og þar með allsherjarstefnunni.

Um þetta var síðan gerður greinarmunur á meiriháttar vötnum og minniháttar og er svo gert í gildandi lögum. Þau fjalla fyrst og fremst um fyrrnefndu vötnin.

Hagnýting vatns lýtur forgangsröðun. Heimilisþarfir standa ofar öðrum þörfum, síðan hagnýting til búsparfa og neðstur á blaði er orkunýtingarrétturinn. Hann er þó lög-bundinn og getur eigandi landar-eignar, sem vatnsréttindi fylgja, unnið orku úr vatninu. Í frumvarpinu er í raun ekki talin þörf á þessháttar forgangsröð utan þess sem vatn til heimilisnota hefur áfram forgang.

### Að flytja fljót

Álitamálin eru mörg. Í gildandi lögum er umhverfisréttarákvæði sem þykir afar merkilegt og á rætur að rekja til Grágásar: Öll vötn sem til forna runnu skulu áfram renna, sem merkir til að mynda að sá sem nýttar rennandi vatn efst í dal má ekki með því skerða rétt þess sem utar býr í dalnum. Og hvað með atriði eins og að flytja Jökulsá á Dal úr farvegi sínum með tilkomu Kárahnjúka-virkjunar og láta hana renna til sjávar um farveg Lagarfjótts? „Miklar vangaveltur og spurningar hafa þegar vaknað, annars vegar um réttarstöðu fasteignareigenda við Jökulsá á Dal sem sviptir verða vatni og vatnsréttindum og svo hins vegar um réttarstöðu fasteignareigenda við Jökulsá á Fljótssdal og Lagarfjót þar sem bæta mun í vatn. Gildandi löggjöf, þar með talin vatnalögin, eru einfaldlega ekki þannig úr garði gerð að hún ráði fyllilega við eignarréttarlegar flækjur af þessari stærðargráðu,“ sagði Karl í erindi sínu í gær.

### Frumvarpið rætt einnig í dag

Sú breyting sem frumvarpið boðar og helst virðist fara fyrir brjóstið á stjórnarandstaðingum er að mati Karls Axelssonar sú formbreyting sem felst í 4. grein laganna, en þar er mælt fyrir um þá meginreglu að í eignarhaldi að landi felist eignarréttur að vatni eins og öllum náttúruauðindum sem þar kunnir að finnast. Markmið frumvarpsins er skýrt eignarhald á vatni, skynsamleg vatnsnýting og hagnýting og sjálfbær nýting vatns. „Við hvers konar nýtingu vatnsréttinda samkvæmt lögum þessum skal þess gætt að raska ekki vatni, farvegi þess, lífríki þess, vistkerfum eða landslagi umfram það sem nauðsynlegt er.“

Kolbrún Halldórsdóttir, þingmaður vinstri grænna, hlýddi á fyrirlestur Karls en hún setur spurn-ingamerki við matskennd hugtök. Hún spyr hvað sjálfbærni merki fyrir rétti. Og hver sé skilningurinn á því hvað teljist nauðsynlegt?

Vatnalagafrumvarpið verður rædd áfram í dag. Stjórnarliðar saka andstaðinga frumvarpsins um málþöf. Þeir vilja vísa málinu frá og engu breyta í bili í lögnum frá 1923. Auk þess telja þeir rétt að biða lagasetningar á grundvelli vatnatilskipunar Evrópusambandsins.

johann@frettabladid.is



**RENAULT**  
\*VERTU Á ÖRUGGASTA BILNUM\*



www.renault.is

Með bílinn handa þér

### Kangoo



Renault Kangoo

Verð frá kr. 1.440.000

Verð frá kr. 1.156.527 án vsk

Fjármögnunarleiga kr. 22.582

Fjármögnunarleiga kr. 18.138 án vsk.

### Trafic



Renault Trafic dci100 – Dísel

Verð frá kr. 2.230.000

Verð frá kr. 1.791.165 án vsk

Fjármögnunarleiga kr. 34.696

Fjármögnunarleiga kr. 27.868 án vsk.

### Master



Renault Master

Verð frá kr. 2.390.000

Verð frá kr. 1.919.679 án vsk.

Fjármögnunarleiga kr. 37.224

Fjármögnunarleiga kr. 29.899 án vsk.

\* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 20% útborgun án/vsk.

**HONDA**  
The Power of Dreams



## Accord Öryggi



Accord Executive sjá.fskiptur frá: 2.749.000 kr.

Fjö:stjörnuöryggi, ABS, EBD og hugarró fyrir fjö:sky:duna  
Accord Comfort á Honda: góðu verði frá:

**2.190.000** kr.



Komdu og sannreyndu hvernig spennandi nýjungar gera bílinn, sem kosinn var heimsins besti fjölskyldubíll, enn betri. Fjölstjörnuöryggi, þriðja kynslóð ABS bremsa með EBD ásamt sex loftpúðum og loftpúðagardinum er bara grunnurinn að stöðluðum öryggisbúnaði í Honda Accord. Honda áreiðanleikinn og þægindin hafa aldrei verið meiri. Komdu og opnaðu hurð að öryggi þínu – ræstu Accord.

[honda.is](http://honda.is)



# Munaðarlaus auðæfi og vö

Í Dagbók Práins Bertelssonar er sagt frá tilboði um að ætteleiða munaðarlausu dollara, sagt frá snekkju sem Skattmann heldur að Práinn eigi í Flórída, hringt á lög-regluna og fjallað um völsadýrkun í Viðey, álver í Kolbeinsey og reglugerð nr. 933/1999 með viðaukum.

LAUGARDAGUR, 4. MARS

**Fjórar milljónir dollara**

Það hljóp heldur betur á snærið fyrir mér í dag. Ég fékk tölvupóst frá Abu nokkrum Savimbi sem segist vera nákominn ættingi Jónasar sáluga Savimbi sem var leiðtogi Samfylkingar um algjört sjálfstæði handa Angólu, en Jónas féll í orustu við stjórnarherinn í febrúar 2002. Abu þessi segir að fyrrum aðstoðarmaður Jónasar frænda síns, einn vondur skratti



Dembo að nafni, sitji nú um að myrða sig. Það kærir Abu sig ekki um og því hafi hann laumast burt frá Angólu og eigi nú í vandræðum með 20 milljónir dollara sem hann eignaðist með því að selja demanta sem Jónas heitinn var svo forsjáll að ánafta honum í erfðaskrá sinni.

En Abu segir að kálið sé ekki sopið þótt í ausuna sé komið, því að þessar 20 milljónir séu nú munaðarlausar á vergangi milli bankastofnana og biður mig um að koma til aðstoðar í þessu máli og býður mér 4 milljónir dala í þóknun fyrir ómakíð.

Ég veit því miður ekkert um peningamál og frek-



ar en gera ekki neitt benti ég Abu þessum á netfang Péturs Blöndals alþingismanns en hann hefur oftast en einu sinni tjáð opinberlega áhuga sinn á því að taka munaðarlausu peninga í föstur.

Við Sólveig fórum í bíó að sjá **Hroka og hleypidóma**. Þetta var fyrirtaksmynd og sýningarmanninum tókst að skapa mikla stemmingu og eftirvæntingu í bíóinu með því að byrja að sýna kolvitlausu filmu þar til einhver hljóp upp í sýningarkleffann og bað um að fá að sjá rétta spólu. Þegar sýningarmaðurinn áttáði sig iðraðist hann greinilega mistakanna og sýndi okkur sem nokkurs konar kaupbæti aftur öll myndasýnishornin sem hann hafði rennt í gegn áður og gerðu bíógæstir góðan róm að þessu örlæti.

SUNNUDAGUR, 5. MARS




**Sunnudagssamviska**

Sunnudagar eru kærkomnir. Þetta eru einu dagarnir sem ég fæ ekki samviskubít af því hvað ég er afkastalítil við skrifrit. Í dag nemni ég engu nema elda mat og horfa svo á Króníkuna dönsku. Það eru miklir afbragðsþættir og furdulegt að íslenskar sjónvarpsstöðvar skuli ekki vilja gera skemmtilegt leikið efni sem fólk nennir að horfa á.

MÁNUDAGUR, 6. MARS

**Með köldu blóði**


Ég hitti endurskoðandann minn í morgun. Einyrkjar eru alltaf undir smásjóni hjá skattinum og þurfa að hafa bókhaldið sitt í fullkomnu lagi svo að Skattmann fari ekki að halda því fram að í staðinn fyrir að kaupa bréfa-klemmur hafi maður í raun og veru keypt lysti-snekkju í Flórída og sé þar að þamba kampavín



nema þegar maður kemur við á Íslandi til að svíkja meiri peninga undan skatti.

Endurskoðandanum tókst að róa mig niður og fullvissaði mig um að með sama áframhaldi sé töluvert langt þangað til að skatturinn fari að halda því fram að ég eigi lysti-snekkju í Flórída.

Í kvöld fórum við Sólveig aftur í bíó. Við sáum myndina **Capote**. Ég lærði tvennt: Í fyrsta lagi er Capote borið fram Kapót-e en ekki Kapót. Skrítið, því að Al Capone lúskraði á mönnum ef þeir báru fram e-ið í nafninu hans. En



honum var nú víst líka fremur laus höndin.

Í öðru lagi komst ég að því að Harper Lee sem skrifaði eina frægustu bók tuttugustu aldar, **To Kill a Mockingbird** (Að granda söngfugli) var aðstoðarkona Capotes við gagnasöfnun.

Capote sló nýjan tón þegar hann gaf út bók sem hét „**Með köldu blóði: sönn frásögn af fjöldamorði og afleiðingum þess**“, heimildaskáldsögu um hryllileg ránmorð í friðsælu umhverfi í Kansas. Þá bók las ég á jólanótt árið 1966 og var svo bergnuminn að þegar ég lauk við bókina byrjaði ég strax á henni aftur.

Myndin var fín. Merkileg þæling um tilfinningatengsl listamanns við viðfangsefni sitt og síðferðileg og listræn lögmál.

ÞRIÐJUDAGUR, 7. MARS

**Löggan og reglugerð nr. 933/1999**

Í kvöld þegar við vorum að reyna að svæfa barnabörnin hófust miklir skruðningar við Hlaðvarpabygginguna hérna hinum megin við Fischer-sundið.

Klukkan tíu fóru ýmsir íbúar í Grjótaþorpi að hafa samband við lögreglu og beiðast þess að fá svefnfríð, enda er það yfirleitt ekki til síðs að steypuvinnna fari fram í íbúðahverfum að kvöld- og nætur-lagi. Eithvað voru undirtektir lögreglu í síma misjafnar og einni nágrannakonunni minni var til að mynda tjáð að nýlegar breytingar á reglugerð um mengunarvarnir heimiludu allt að ótakmarkaðan hávaða í íbúðahverfum til klukkan 23.30. (Ég hef reynt að fletta þessum breytingum upp en ekki fundið þær). Alla vegu eru hugmyndir **sím-svarenda Reykjavíkurlögreglunnar** á reiki þegar kemur að því að þagga niður í hávaðabelgum eins og lög gera ráð fyrir og kveðið er á um í reglugerð um heilsuvernd og mengunarvarnir nr. 933/1999 með viðaukum.



Þrátt fyrir mjög dræmar undirtektir í síma komu tveir lögreglu-

menn úr umferðardeild lögreglunnar á vettvang. Þeir sögðust heita **Vignir og Baldvin** og buðu af sér góðan þokka og komu vingjarnlega fram við þá íbúa sem gáfu sig á tal við þá.

Vignir dró upp gemsann sinn og mældi hávaða við glugga á Fischer-sundi 3 klukkan hálflefu Hávaðinn mældist þá 80-82 db. Mesti leyfilegi hávaði í íbúðahverfi er 40db. Annars er þetta skríttinn mælikvarði því að 50db eru helmingi meiri hávaði en 40db og 80db því fimm sinnum meiri hávaði en leyflegur er. Við 85db er hætta á heyrnarskemmdum.

Ekki sögðust lögreglumennirnir vera svo vel inni í reglum um leyflegan hávaða í íbúðabyggð að þeir treystu sér til að gripa inn í og stöðva gauraganginn. Hins vegar veittu þeir því athygli að steypubíll lokaði Fischersundinu fyrir bílaumferð, án þess að farið hefði verið farið fram á leyfi til slíks. Lögreglumennirnir fóru þá fram á að steypumenn hættu að steypa og opnuðu fyrir umferð um götuna.

Djöflaganginum lauk síðan kl. 23.15.

Það var soldið skrítið að eiga við lögguna. Piltarnir sem komu voru afskaplega elskulegir og sögðust ekki þurfa mælitæki til að heyrja að hér væri ekki húsfriður, en þeir sem svara í símann á Löggustöðinni virðast hafa tilhneigingu til að halda að venjulegir borgarar séu að

## Alþjóðaviðskipti

Símennt HR býður upp á hagnýtt námskeið á vorönn 2006 sem er metið til þriggja eininga á háskólastigi:

**Alþjóðaviðskipti**

Á námskeiðinu er farið yfir þróun hnattvæðingar, áhrif menningar á alþjóðleg viðskipti, viðskiptahindranir og bandalög, útrás íslenskra fyrirtækja, þróunarstarf, inn- og útflutning og ýmislegt annað sem tengist viðskiptum á alþjóðavísu.

- Námskeiðið er sniðið fyrir þá sem hafa hug á að byrja í háskólanámi en vilja ekki skrá sig í fullt nám.

Kennsla fer fram í Háskólanum í Reykjavík við Ofanleiti 2. Námskeiðið byrjar 27. mars og stendur til 3. maí 2006, kennt er frá kl. 16:15 - 19:15.

Verð: 65.000,-

Þátttökuskilyrði er stúdentspróf.



Leiðbeinendur: Jón Ormur Halldórsson Ph.D. og Þorgeir Pálsson, ráðgjafi hjá IMG og stundakennari í HR.

Frekari upplýsingar veitir: Þórunn Sigurðardóttir  
Beinn sími: 599 63 53  
thorunns@ru.is  
www.ru.is/simennt



**CASA FIESTA**

**HUGSAÐU MEÐ BRAGÐLAUKUNUM**

# Völsadýrkun í Viðey

hringja í lögguna sér til skemmtunar til að siga henni á kyrrláta sakleysingja. Það er mjög nýstárleg afstaða til löggæslu að hafa samúð með þeim sem fremja afbrot en tortryggja þá sem verða fyrir barðinu á þeim. Samt er auðveldara að mæla hávaða heldur en þefa uppi áfengisáhrif eða láta menn blása í blöðru.



Kæra  
Dagbók

Práinn Bertelsson skrifar

MIÐVIKUDAGUR, 8. MARS

## Völsadýrkun í Viðey

Ekkert skil ég í þessu súluþrugli í Jóku Ónó en sennilega mun gripurinn risa í Viðey ef marka má þá völsadýrkun sem virtist skína út úr augum Stefáns Jóns og Alfreðs þegar þeir horfðu á listakonuna. Annars er þessi hugmynd ekki vitlausari en margt annað sem þetta borgarstjórnarfolk hefur látið prakka inn á sig á kostnað okkar hinna.



FIMMTUDAGUR, 9. MARS

## Álbræðsla í Kolbeinsey

Erfiðar samgöngur við Kolbeinsey úr þessu, hálfur þyrlupallurinn er hruninn og eyjan að sökkva í sæ, íslensk pínu-útgáfa af Atlantis. Af hverju slá menn ekki tvær flugur í einu höggi, fá Pólverja til að bjarga eynni náttúruverndarsinum til óblandinnar ánægju og Kínverja til að reisa álver þarna úti í ballarhafi öllum Íslendingum til aukinnar hagsældar?



REGATTA  
GREAT OUTDOORS

# NÝJAR VÖRUR

bolir  
skyrtur  
buxur  
zip-off buxur  
kvartbuxur  
vesti  
flíspeysur  
softshell peysur  
hettupeysur  
regnjakkar  
regnbuxur  
isotex jakkar  
isotex buxur  
bakpokar  
legghlífar  
gönguskór  
svefnpokar  
göngustafir  
töskur  
sandalar  
ofl. ofl.

Anvil bolir,  
ný sending,  
990,- tilboðsverð



Opíó  
virka daga 10 – 18  
laugard. 11 - 16

ÚTIVIST & SPORT

verslanir / hópa- og fyrirtækjaþjónusta

Reykjavík Faxafæn 12 S. 533-1550. Akureyri Strandgata 3 S. 464-4450. Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322  
Aðrir sölustaðir: Ísafjörður Hafnarbúðin S. 456-3245. Reyðarfjörður Molinn S. 474-1400. Höfn H. Hafnarbraut 34 S. 478-2216

Veldu HYUNDAI gæði, veldu TUCSON

TUCSON

2.0 bsk. kr. 2.390.000  
Kr. 25.388 á mánuði\*

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spólvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu við þurrkublöð
- 16" álfelgur
- Aftengjanlegur öryggisþúði farþegamegin
- Verðlaunabíll í sínum flokki



Með bílunum hanna þetta



HYUNDAI hefur gæðin

B&L Grjóthálsi 1 110 Reykjavík 575 1200 www.bl.is

Umboðsmenn um land allt

Keflavík 421 4444

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

Bíll á mynd: Tucson Sport á 17" álfelgum.  
\*Bíllasamningur til 84 mánaða með 30% útborgun. Mánaðanlegar greiðslur eru háðar vaxta- og gengisþróun.

# förum úr útsöluverðu

**þú sparar  
800 kr/stk**



**799** kr.stk

Verð áður 1.599 kr/stk

Russel Háskólapeysur

**nú er að ge**

**þú sparar  
400 kr/stk**



**1.599** kr.stk

Verð áður 1.999 kr/stk

Disney Nemo barnanáttföt

**þú sparar  
1600 kr/parið**



**1.999** kr.parið

Verð áður 3.599 kr/parið

Reebok hlaupaskór dömu og herra

**þú sparar  
700 kr/pk**



**1.299** kr.stk

Verð áður 1.999 kr/stk

Heathaway karla flísbuxur

**ódyrar  
merkjavörur**



**1.299** kr.pk

Verð áður 1.999 kr/pk

Oscar De La Renta náttskyrtur 2 í pakka

**allt í matinn á einum stað**

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur

Tilboðin gilda frá 11.mars til 12.mars. (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

# um og í rýmingarverð

ra góð kaup



frábærar  
merkjavörur

þú sparar  
600 kr/pk

**999** kr.pk  
Verð áður 1.599 kr/pk

Fila stuttbuxur 2pk. Svitaband fylgir með



þú sparar  
1000 kr/pk

**1.999** kr.pk  
Verð áður 2.999 kr/pk

Donna Loren kvenboxerar og toppar



þú sparar  
700 kr/pk

**1.299** kr.pk  
Verð áður 1.999 kr/pk

Cuddi Duds dömubolur og buxur



þú sparar  
1000 kr/pk

**2.599** kr.pk  
Verð áður 3.599 kr/pk

Perry Ellis herranáttföt



þú sparar  
600 kr/stk

**1.399** kr.stk  
Verð áður 1.999 kr/stk

Carole Hochman náttföt



þú sparar  
900 kr/pk

ódyrt

**999** kr.pk  
Verð áður 1.899 kr/pk

Espirit dömutoppar 2 í pk

ESPRIT

netto

ALEXANDER FLEMMING (1881-1955) LÉST PENNAN DAG

„Góður sopi af heitu viski fyrir svefninn – það er ekki mjög vísindalegt, en hjálpar engu að síður.“

Skoski vísindamaðurinn Alexander Fleming fékk nobelsverðlaun og riddaratign fyrir framlag sitt til læknisvísindanna.



## PETTA GERÐIST > 11. MARS 1990

### Litháen brýst undan Sóvétríkjunum

Á þessum degi árið 1990 lýsti Litháen yfir sjálfstæði frá Sóvétríkjunum. Ekki vakti ákvörðunin kátinu hjá stjórn Sóvétríkjanna og hún svaraði yfirlýsingunni með því að setja viðskiptabann á olíu og önnur efnahagsbönd á ríkið.

Saga Litháens er löng og að mörgu leyti merkileg en upphaf búsetu má rekja aftur til þúsund fyrir krist. Á miðöldum var ríkið eitt það stærsta í Evrópu en það sameinaðist Póllandi seint á fimmtánda öld. Árið 1795 gekk svo Litháen inn í Rússland við þriðju skiptingu Póllands.

Á tuttugustu öld urðu raddir um menningarlega sérstöðu Litháen háværari og í samningum Rússa og Þjóðverja 1918 óðlaðist Litháen sjálfstæði. Landinu



FRÁ VILNIÚS Í LITHÁEN

tókst þó ekki að halda sér óháðu og á næstu tveimur áratugum skiptu Pólverjar, Þjóðverjar og Sóvétmenn sér ítrekað af innanríkis-málum Litháa. 1940 réðust Sóvétríkin síðan inn í landið en töpuðu því árið eftir til Þjóðverja. Þegar stríðinu lauk var landið frelsað og ríkisstjórn sem var höll undir Sóvétríkin komið fyrir.

Sjálfstæðið hélt þó ekki lengi því í janúar 1991 réðust sóvískir skriðdrekar inn í Vilniús, höfuðborg Litháen. Stjórn þeirra hélt þó ekki lengur en til sjötta september sama ár þegar Sóvétríkin samþykku að veita Litháen og hinum Balkanskagalöndunum tveimur sjálfstæði.

## MERKISATBURÐIR

- 1702 Fyrsta dagblaðið á ensku, The Daily Courant, er gefið út í London.
- 1941 Þýskur kaþbátur gerir árás á línuveiðarann Fróða suður af Vestmannaeyjum. Fimm menn farast.
- 1961 Deilum við Breta um útfærslu landhelginna í tólf sjómílu lykum með samkomulagi um viðurkenningu þeirra.
- 1984 Guðlaugur Friðþórsson, 22 ára stýrimaður, syndir í land um fimm kílómetra leið þegar vélbáturinn Hellisey ferst austur af Heimaey.
- 1985 Mikhail Gorbatsjov tekur við leiðtogasæti í Sóvétríkjunum.
- 2004 Sprengingar á lestarstöð í Madrid verða 191 að bana.

# tímamót

tímamot@frettabladid.is

## ANDLÁT

**Sesar Þór Viðarsson**, Brakanda II, Hörgarbyggð, lést af slysförum laugardaginn 4. mars.

**Ögmundur Helgason**, Tómasarhaga 12, Reykjavík, lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 8. mars.

**Böðvar G. Baldursson**, Smáririma 74, Reykjavík, lést á heimili sínu miðvikudaginn 8. mars.

**Vilhjálmur Árnason**, hæstaréttarlögmaður, lést á Landspítala Fossvogi miðvikudaginn 8. mars.

**Helgi Pálsson**, fyrverandi leigubílstjóri, Hólmgarði 56, Reykjavík, lést á heimili sínu miðvikudaginn 8. mars.

**María Kristjana Angantýsdóttir**, Öldustíg 3, Sauðárkrúki, lést á

Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri þriðjudaginn 7. mars.

**Sigrún Gréta Guðrósadóttir**, Dalbraut 16, Reykjavík, lést á Landspítalanum við Hringbraut aðfaranótt 9. mars.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfari í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið [tímamot@frettabladid.is](mailto:tímamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 550 5000.



FRÍÐGEIR H. GUÐMUNDSSON Formaður félags áhugamanna um tréskurð segir að mikil gróska sé í listinni. Áhugasamir geta skoðað yfirlit síðustu tíu ára á sýningu í Ráðhúsi Reykjavíkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## FÉLAG ÁHUGAMANNA UM TRÉSKURÐ: TÍU ÁRA

# Áhuginn smítar út frá sér

Tréskurður hefur kannski ekki farið hátt hér á landi undanfarin ár. Engu að síður er um að ræða vaxandi listgrein hér á landi sem fjöldi manns ræktar í tómstundum sínum. Félag áhugamanna um tréskurð er tíu ára á þessu ári í tilefni að þeim tímamótum opnar félagið sýningu í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur klukkan eitt.

„Sýningin er yfirlitssýning á verkum félagsmanna og annarra á þessu tíu ára tímabili,“ segir Friðgeir H. Guðmundsson sem er formaður félags áhugamanna um tréskurð. Fjöldi þátttakenda á sýningunni gefur vísbendingu um hversu ríkt landið er af tréskurðarfólki en um fjörutíu listamenn sýna þar það sem í þeim býr. „Sýningin er haldin til að vekja athygli á þessari listgrein,“ segir Friðgeir en hann er sjálfur tréskurðarmaður og með verk á sýningunni.

En hvað er tréskurður, spyr sá sem ekki veit. „Við erum að vinna í alls

konar munum,“ segir Friðgeir og nefnir sem dæmi þekktu stíla eins og barokk og endurreisnina sem tréskurðarfólk sækir innblástur í. „Svo erum við í lágmyndum sem við köllum en þær eru hengdar á vegg og í rauninni af hverju sem er. Myndin getur verið bara úr sveitinni eða af ákveðnum hlut,“ segir Friðgeir. Einnig er mikið unnið með þriðju víddina og skornar út standmyndir. „Svo erum við með ýmsar nýjungar sem hafa gefið þessu skemmtilegan svip,“ segir Friðgeir en hann hefur með nemendum sínum lagt áherslu á að skapa ákveðinn grunn á bak við skurðinn. „Við notum dálítið mikið málverkið á bak við og svo höfum við líka verið með spegla, litað gler og ýmslegt fleira.“

Hann þakkar félaginu að meiri samgangur er nú á milli tréskurðarmanna og þeir ekki lengur að vinna hver í sínu horni. „Félagið hefur skapað þann grundvöll að menn eru farnir að hittast

miklu meira og sjá hvað hinir og þessir eru að gera. Þannig er hægt að fylgjast með nýjungum og menn eru að prófa sig áfram,“ segir Friðgeir. Hann bætir við að mikil gróska sé líka í tréskurðinum núna ekki síst vegna þess að nú er auðvelt að sækja sér kennslu. „Aðstæðurnar skapa grundvöll fyrir því að fólk geti lært þetta af einhverri skynsemi. Við erum einir fjórir sem erum að kenna af fullri alvöru,“ segir hann. „Þetta smitar allt út frá sér og að það verður meiri áhugi fyrir starfinu.“

Og áhuginn leynir sér ekki í félaginu þar sem Friðgeir segir að komi saman fólk af öllum stærðum og gerðum. „Karlur eru kannski í meirihluta en konur eru líka mikið í þessu,“ segir hann og bætir við að félagsmenn séu líka alls staðar að af landinu. „Svo er þetta alls konar fólk, bæði ungir og gamlir og allt frá því að vera verkafólk upp í framkvæmdastjóra,“ bætir hann við.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,

**Kristín Sigurðardóttir**

Hólmgarði 64, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjólí mánudaginn 6. mars. Útför verður frá Fossvogskirkju mánudaginn 13. mars kl. 15.00.

Örn Edvaldsson  
Sigrún M. Guðnadóttir  
Sesselja I. Guðnadóttir  
Sigurður Guðnason  
Sverrir Ó. Guðnason

Lena Anderssen  
Markús Þorvaldsson  
María Lilja Ialfante  
Steinunn Jensdóttir



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma

**Ragnheiður Gísladóttir**

Helgamagrastræti 42, Akureyri,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri fimmtudaginn 9. mars. Útför auglýst síðar.

Pálmi B. Aðalbergsson  
Andrés V. Aðalbergsson  
Stefán Aðalbergsson  
Guðmundur Páll Pálmason  
Snorri Pálmason  
og langömmubörn.

Björk Lind Óskarsdóttir  
Ólöf Konráðsdóttir  
Kristín Sesselja Kristinsdóttir



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýbug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaður, afa og langafa

**Þráins Jónssonar**

Ekrusíðu 9, Akureyri.

Sérstakar þakkir til Friðriks Yngvasonar læknis, starfsfólks Heimahlyningar á Akureyri og Oddfellowreglunnar á Akureyri.

Halla Gunnlaugsdóttir  
Ásta Þórunn Þráinsdóttir  
Gunnlaugur Þráinsson  
Halla Sjöfn Ágústsdóttir  
Anna Rut Ágústsdóttir  
Ágúst Orri Ágústsson  
Gauti Gunnlaugsson  
Sandra Ýr Gunnlaugsdóttir  
Birkir Már Friðriksson

Erla Margrét Haraldsdóttir  
Friðrik Már Steinþórsson  
Gunnar Pétur Hauksson

## JARÐARFARIR

13.30 **Halldór Guðmundsson**, fyrrv. rafvirkjameistari Pósts og síma, Suðurengi 30, Selfossi, verður jarðsönginn frá Selfosskirkju.

14.00 **Guðmundur Guðmundsson**, Hlíf II á Ísafirði, verður jarðsönginn frá Ísafjarðarkirkju.

14.00 **Bára Signý Sigurvinsdóttir**, Fjarðarstræti 55, Ísafirði, verður jarðsönginn frá Suðureyrarkirkju.

14.00 **Jóhann Kristinn Gunnarsson**, frá Flatey á Skjálfanda, Garðarsbraut 57, Húsavík, verður jarðsönginn frá Húsavíkurkirkju.

14.00 **Sigríður Hallgrímsdóttir**, Reykhúsum, Eyjafjarðar-

sveit, áður til heimilis á Miklubraut 58, Reykjavík, verður jarðsönginn frá Grundarkirkju.

14.00 **Elin Sigríður Gústafsdóttir**, frá Borgarholti, Djúpvaggi, síðast til heimilis í Gullsmára 7, Kópavogi, verður jarðsönginn frá Djúpvagaskirkju.



Kristín Steinsdóttir rithöfundur er 60 ára.



Sophia Hansen baráttukona er 47 ára.



Markús Þór Andr-ésson listamaður er 31 árs.



1899 Friðrik XI Dana-konungur.



## 50 ára afmæli

„Litla“ systir er 50 ára í dag. Hún verður með heitt á könnunni í dag hjá mömmu að Höfðagrund 2, Akranesi.

Innilegar hamingjuóskir, systkinin.



Puriður Pálsdóttir söngkona er 79 ára.



Sólveig Pétursdóttir forseti Alþingis er 54 ára.



# ▶ FERMINGARGJAFIR

PAKKFULL BÚÐ AF GRÆJUM Á GÓÐU VERÐI



## 3GB JUKEBOX PHILIPS

HDD085

JUKEBOX með 3GB hörðum disk sem tekur allt að 1500 MP3/WMA lög, stórum LCD skjá með baklýsingu, SuperScroll og SuperPlay - auðvelt að finna og spila lög, tónjafnara, diktafóni og USB 2.0 tengingu. Uppfærslulegur. Aðeins 78 grömm.

Hægt að nota sem diktafón!

**TILBOÐ ▶ 19.990**

FULLT VERÐ kr. 24.990

MP3 MEÐ ÚTVARPI



UNITED MP5518-256

MP3 SPILARI í lykklappstærð með innbyggðu 256MB minni, FM útvarpi, LCD skjá með baklýsingu, tónjafnara og MP3, USB tengi, heyrnartölum og rafhlöðum. Vistar tölvugögn.

Hægt að nota sem diktafón!

**TILBOÐ ▶ 4.990**

ALLT AÐ 128 LÖG

MP3 MEÐ ÚTVARPI



UNITED MP6519-512 TÖLVUGÖGN

Vandaður MP3 SPILARI með 512MB minni, LCD skjá, tónjafnara og USB 2.0 tengi. Hægt að nota sem diktafón. Heyrnartöl, taska og rafhlaða fylgir.

Frábær í skokkið eða í líkamsræktina. Má festa um upphandlegginn.

**TILBOÐ ▶ 7.990**

ALLT AÐ 256 LÖG



## 5 MEGA PIXEL

OLYMPUS® FE115

Digital MYNDAVÉL með 5 milljóna punkta upplausn, 2.8x Optical Zoom og 4x Digital, 6.2 - 17.4mm linsu, 1.5" LCD skjá, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure, hreyfimyndatöku, 3 myndstærðir, Auto Flass og Red Eye Reduction, USB og 28mb innra minni og rauf fyrir xD kort.

**TILBOÐ ▶ 11.990**

FULLT VERÐ kr. 14.990



## 550 MYNDA RAFHLAÐA

CASIO® EXZ600

Digital MYNDAVÉL með 6 milljóna punkta upplausn, BESTSHOT, Anti Shake DSP, Super Life rafhlöðu sem endist 550 myndir, 2.7" LCD skjár (640x240), 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom, 6.2 - 18.6mm linsu, hreyfimyndatöku með hljóði, 8.3mb innra minni og rauf fyrir SD kort.

**VERÐ ▶ 29.990**

FRÁBÆRT VERÐ



## 7.1 MEGA PIXEL

OLYMPUS® MJU700

Digital MYNDAVÉL með 7.1 milljóna punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 5x Digital, 6.5 - 19.5mm linsu, 2.5" LCD skjá, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure, hreyfimyndatöku með hljóði, 8 myndstærðir, Auto Flass og Red Eye Reduction, USB og 19.1 mb minni. Tekur xD kort.

**TILBOÐ ▶ 24.990**

FULLT VERÐ kr. 29.990

FÆST Í FJÓRUM LITUM!



FRÁBÆR VIÐ ÖLL BIRTUSKYLIRÐI BrightLight Technology



PHILIPS MCM240

MÁ HENGJA Á VEGG

2x10w Míkró SAMSTÆÐA með MP3 geislaspilara og FM útvarpi með 40 stöðvaminnum, 2 way Bass Reflex hátölurum, Dynamic Bass Boost, Digital Sound Control og Surround, Aux inn, heyrnartölstengi og fjarstýringu.

**TILBOÐ ▶ 17.990**

FULLT VERÐ kr. 19.990



JVC UXS1 Spilar CD-R/RW

MÍKRÓSAMSTÆÐA með MP3 geislaspilara og 10w RMS magnara með Bass Boost, RDS útvarpi með stöðvaminnum, Auto Reverse segulbandi og fjarstýringu.

**VERÐ ▶ 14.990**

FRÁBÆRT VERÐ



JVC UXS59 Spilar CD-R/RW

MÍKRÓSAMSTÆÐA með 5 diska MP3 geislaspilara og 120w RMS magnara, RDS útvarpi með 30 stöðvaminnum, Active Hyper-Bass PRO, Aux tengi og fjarstýringu.

**TILBOÐ ▶ 29.990**

FULLT VERÐ kr. 39.990



1971 - 2006

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Samkaup, Borgamesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRDIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangnesi. Þristur, Ísafirði. NORDURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húsvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki. Ljósgejafinn, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúá, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kaupún, Vopnafirði. KF Héraðsbúá, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Verslunin Vík, Reyðarfirði. Martólvan, Höfn Hornafirði. SUDURLAND: Mosfell, Hellu. Fosshaf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuhúsið, Grindavík. Rafeldatækni, Keflavík. Rafagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.



**ANDRI SNÆR MAGNASON MEÐ ELÍNU FREYJU DÓTTUR SINNI**  
„Hæfileiki mannsins til sköpunar og að laga sig að breytingum er ótrúlegur, en sömuleiðis viljinn til að halda í breytingar.“  
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Að gera orð ómerk

Í bókinni 1984 eftir George Orwell er búið til nýtt tungumál - NýYrði eða NewSpeak. Markmið þess er takmörkun orðaforðans og þar af leiðandi hugsunarinnar.

Í Draumalandinu bendir Andri á hvernig tungumálinu hefur verið hagrætt í þeim tilgangi að móta umræðuna á Íslandi; með því að vísa í vonirnar og bjartsýnina sem óreist álver á Reyðarfirði hefur skapad eru orð eins og stóriðja gerð merkingarþrungin.

„Innan við hálf prósent af vinnandi fólki á Íslandi starfar við stóriðju. Það þarf ekki nema eina sveiflu á heimsmarkaði til að gera út af við hana, en samt er talað um stóriðju sem eina af „stöðum atvinnulífsins“. Hún er orðin svo lífsnauðsynleg að það þarf að skýra hvernig er hægt að lifa við skort á henni. Í útvarpinu var þáttur þar sem kom fram að Hólaskóli væri stóriðja Skagafjarðar. Orð hafa gildi og merkingu og þarna þarf að auka gildi hins 600 ára gamla Hólaskóla með því að nota orðið stóriðja. Ef við þýðum þetta á ensku: „Harvard is Boston's Heavy Industry“ sjáum við hvað þessi líking er fáránleg. Orðið menntun hefur ekki nógu mikið gildi og því þarf að styrkja það með þessum hætti. Þetta lýsir mjög vel andlegu ástandi þjóðarinnar.“

þar sem hann má bara tala hlutlægt. Annars er hann á móti hagvexti.“

Þá bendir Andri á það þversagnakennda ástand þegar friður er orðinn vágestur. „Þegar kalda stríðinu lauk var það persónulegt áfall fyrir venjulegt fólk á Suðurnesjum sem vann á herstöðinni á Miðnesheiði, því ef herinn fer blasir ekkert við. Ímyndum okkur þetta ástand í stærra samhengi; ef þorra vopnaverksmiðja í Bandaríkjunum væri lokað myndu jafnvel brjótast út óeirðir í þeim landslutum sem yrðu verst úti. „Friður vofir yfir!“ Fólk treystir á einhverja vél án þess að gera sér grein fyrir að það heldur vélinni uppi, en ekki öfugt.“

## Alió á sundrung

Andri telur að á undanförmum árum hafi stjórnvöld alió á sundrung í samfélaginu. „Það hefur verið höggvið svo nærri fólki, fyrst fyrir austan og á meðan það sár er ennþá opið er höggvið aftur á Húsavík. Þetta er ekki hagvöxtur. Hagvöxtur snýst um samskipti, þar sem fólk vinnur saman að því að ná settu marki, ekki þegar sigur eins merkir ósigur annars. Það versta sem hægt er að gera samfélagi er að ala á sundrung.“

Titill bókarinnar segir Andri að vísi í mörg draumalönd. „Ég man að þegar ég bjó í Bandaríkjunum hafði ég ákveðna ímynd af Íslandi sem gerði að verkum að mig langaði alltaf að fara aftur heim. Landið stóð líka alveg undir væntingum þegar ég sneri aftur og frelsið og gildin sem Ísland stóð fyrir voru nokkuð skýr. En mér hefur fundist þessi gildi vera komin á dálítið flöt, sem getur jafnvel endað með því að heimurinn fer að skilja landið og þjóðina að; Ísland verður tákn fegurðar en Íslendingur er það sem ógnar henni. Þetta verða ekki aðeins aðskilin hugtök heldur hreinar andstæður. Ég held að tími sé kominn til þess að við ræðum hvað við erum orðin og hvað við viljum vera.“ ■

# Þegar friðurinn vofir yfir

Íslenskur „raunveruleiki“ er viðfangsefni Andra Snæs Magnasonar í nýjstu bók hans, Draumalandinu - sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð. *Bergsteinn Sigurðsson* ræddi við Andra um tækifærin sem liggja í loftinu, óttann við óvissuna og óskrifuð blöð.

Þetta er eins konar loftárás á orð, hugmyndir og hugarfar sem hafa legið allt of lengi í loftinu án þess að hafa verið skotin almennilega niður,“ segir Andri Snær Magnason um Draumalandið sem kemur út innan skamms.

Hann kveðst fyrst og fremst hafa viljað fjalla um ástandið á Íslandi sem honum finnst hafa einkennt vanmati á möguleikum mannsins til að skapa sín eigin tækifæri. „Þess í stað er okkur fleytt áfram af hverri fimm ára áætluninni á fætur annarri, sem eiga að bjarga öllu. Markmiðið er ekki að virkja heldur að vera að virkja.“

Orðin sem liggja í umhverfi okkar segir Andri að séu hönnuð og búin til af stjórnmalamönnum og hagfræðingum. „Mig langaði til að skoða þessi orð og hvernig þau virka á okkur. Orð eins og hagvöxtur, sem enginn skilur, hefur verið notað eins og Grýla á þjóðina. Ef maður les blöðin er alltaf yfirvofandi kreppa og atvinnuleysi er handan við hornið.“

Í sjálfstæðisbaráttunni var stálinu stappað í fólk og því sagt að það gæti slitið sig laust og staðið á eigin fótum. Nú er þessu öfugt farið; því er stöðugt dinglað fram-

an í okkur að við getum ekki slitið okkur laus, því þá verðum við fátæk. Það eru ekki settir fram valkostir, bara afarkostir.“

## Eitthvað gerist alltaf

Draumalandið er ekki skáldsaga, heimspeki eða sagnfræði - kannski „hálfspakir“ svo vitnað sé í höfundinn. „Mig langaði til að skrifa spennandi bók um samtímann og ég held að menn hafi beðið lengi eftir því að einhver tæki sig til og skrifaði bók af þessu tagi. Þetta er bók fyrir fólk sem vill átta sig á

okkar á veruleikanum; hvernig er hægt að njörva sjóndeildarhring fólks eða beina því í átt sem það hefði aldrei valið af sjálfssdáðum.“

„Um miðja síðustu öld vildu Bandaríkjamenn reisa þrjár herstöðvar á Íslandi, þar á meðal risavaxinn herflugvöll á Rangárvöllum fyrir sprengjuflugvélar. Hann hefði verið kallaður „stoð atvinnulífsins“, hann hefði orðið hagvöxtur, útflutningstekjur, verg þjóðarframleiðsla, honum hefðu fylgt margföldunarhrif. Trúin á að það væru aðrir kostir í stöðunni gerðu

” Trúin á að það væru aðrir kostir í stöðunni gerðu hins vegar að verkum að það var ekki reistur flugvöllur á Rangárvöllum. Allt fólkið sem fékk ekki vinnu við að byggja upp völlinn fór að gera eitthvað annað.“

heiminum og ég lagði mikið á mig til að gera hana aðgengilega.“

Bókinni má lýsa sem samfélagslegri ádeilu en Andri beinir spjótunum ekki síður að þeim aragrúa möguleika og tækifæra sem bíða þess að einhver grípi sig og geri að raunveruleika. Hann veltir upp Íslöndum sem hefðu getað orðið og speglar í þeim skynjun

hins vegar að verkum að það var ekki reistur flugvöllur á Rangárvöllum. Allt fólkið sem fékk ekki vinnu við að byggja upp völlinn fór að gera eitthvað annað.“

## Sandmelar og sölnuð grös

Framtíðin er og verður alltaf óskrifuð blað, bendir Andri á. „Samt hanga alltaf í loftinu frasar

eins og „á hverju eigum við að lifa?“ Ef við horfum á lönd eins og Danmörku, þá er ekki svar - spurningin heyrir varla. Þeir verða bara að gera eitthvað. Fjölbreytta hluti til að komast af. Við lifðum á landbúnaði, síðan á fiski og nú finnst okkur eins og eitthvað eitt eigi að koma í staðinn og viljum vita hvað. Þá er smíðuð fimm ára áætlun sem heldur fólki uppteknu, sem gerir að verkum að það missir af ótal öðrum tækifærum sem það gæti fengið. Hæfileiki mannsins til sköpunar og að laga sig að breytingum er ótrúlegur, en sömuleiðis viljinn til að halda í breytingar.“

Í þessu ljósi skoðar Andri stóridjustefnuna, þar sem honum finnst koma upp spennandi mynstur sem vert er að kanna nánar. „Samkvæmt stóriðjunni er ál rómantískt og tengist hreinni orku. Náttúran er hins vegar tákn óskynsemi - sandmelar og sölnuð grös - sem stóriðjan ætlar að bjarga okkur frá, skjóta stöðum undir okkur og auka lífsgæðin. Og hvað getur ógnað þessu? Upplýsingar og lýðræði. Líffræðingur er allt í einu orðinn ógn, því hann gæti bent á eitthvað sem kemur sér illa. Það þarf því að steypa hann í mót

# Úrval af húsgögnum á vaxtalausum kjörum

Vaxtalaust tilboð!  
aðeins **1.500\***  
á mán. í 10 mánuði  
Verð 15.000,-

**Borð** 2640  
gegnheil eik  
48x48x70



Vaxtalaust tilboð!  
aðeins **1.999\***  
á mán. í 10 mánuði  
Verð 19.990,-

**Sófaborð**  
70x42x70



**Sófaborð**  
135x42x70

Vaxtalaust tilboð!  
aðeins **1.499\***  
á mán. í 10 mánuði  
Verð 14.990,-

Vaxtalaust tilboð!  
aðeins **2.000\***  
á mán. í 10 mánuði  
Verð 20.000,-

**Borð**  
gegnheil eik  
53x35x76



Vaxtalaust tilboð!  
aðeins **1.999\***  
á mán. í 10 mánuði  
Verð 19.990,-

**Sófaborð**  
70x40x70



**Sófaborð**  
135x40x70

Vaxtalaust tilboð!  
aðeins **1.499\***  
á mán. í 10 mánuði  
Verð 14.990,-

Vaxtalaust tilboð!  
aðeins **5.000\***  
á mán. í 24 mánuði  
Verð 120.000,-



**Borðstofuskápur**  
gegnheil eik  
200x61x215

## Eingöngu fánlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri

Fullt verð  
**168.000**  
Fánlegt m. vaxtalausum  
greiðslum í allt að 24. mán.



**Leðursófasett** 3+1+1 Dany

**99.000**  
Fánlegt m. vaxtalausum  
greiðslum í allt að 24. mán.



**Leðursófasett** 3+1+1 1980

Fullt verð  
**144.000**  
Fánlegt m. vaxtalausum  
greiðslum í allt að 24. mán.



**Hornsófi** 2+h+2 Bycast

**99.000**  
Fánlegt m. vaxtalausum  
greiðslum í allt að 24. mán.



**Leðursófasett** 3+1+1 1852

**99.000**  
Fánlegt m. vaxtalausum  
greiðslum í allt að 24. mán.



**Leðursófasett** 3+1+1 Kansas

Fullt verð  
**156.000**  
Fánlegt m. vaxtalausum  
greiðslum í allt að 24. mán.



**Púðahornsófi** 2+h+2 Paris

Fullt verð  
**237.600**  
Fánlegt m. vaxtalausum  
greiðslum í allt að 24. mán.



**Leðursófasett** 3+1+1 3002

Fullt verð  
**168.000**  
Fánlegt m. vaxtalausum  
greiðslum í allt að 24. mán.



**Leðursófasett** 3+1+1 3057

Fullt verð  
**168.000**  
Fánlegt m. vaxtalausum  
greiðslum í allt að 24. mán.



**Leðurhornsófi** 2+h+2 3130

\*Stimpil-, seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

Gildir til 13. mars eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



ELÍAS ANTONIO SACA, FORSETI EL SALVADOR OG FORMADUR HÆGRIFLOKKSINS ARENA Forsetinn ávarpar stuðningsmenn ARENA-flokksins um síðustu helgi. Formlegri kosningabaráttu lauk á miðvikudag en þá kom til átaka milli fylgismanna tveggja stærstu flokkanna í nokkrum stærstu borgum landsins. AFP PHOTO/MARLON GÓMEZ

# Vandi og væntingar í El Salvador

Gengið verður til þing- og borgarstjórnarkosninga á morgun í El Salvador. Ljóst er að mikill vandi bíður þeirra sem halda munu um stjórnartaumanna þar í landi. Íbúar hafa miklar áhyggjur af ofbeldinu í landinu, sem við Íslendingar höfum heldur ekki farið varhluta af, en Jón Þór Ólafsson, sem vann fyrir fyrirtækið Enx þar í landi, var myrtur á hrottalegan hátt fyrir skemmstu.

Jón Sigurður Eyjólfsson kynnti sér málin.

Með þessum baráttan stendur á milli tveggja stærstu flokkanna í landinu en það eru Alianza Republicana Nacionalista eða ARENA og Frente Farabundo Martí para la Liberación Nacional eða FMLN. Síðarnefndi flokkurinn var skæruliðahópur sem árið 1980 gerði uppreisn gegn hægristjórninni sem þá var við völd og naut stuðnings Bandaríkjaþjórnar. Þar með var mannskæð borgarastyrjöld hafin þar sem um 75 þúsund manns létu lífið. Friðarviðræður hófust svo árið 1989 og formlegt vopnahlé komst á eftir milligöngu Samein-

uðu þjóðanna 1992. Þá var FMLN viðurkenndur sem stjórnmalaflokkur. Þingsætin eru 84 og í kosningunum 2003 náðu hvorki FMLN né hægriflokkurinn ARENA meirihluta svo nú er samsteypustjórn við völd. Kristilegi demókrataflokkurinn PDC, sem er með sextán þingmenn, á einnig sæti í þeirri stjórn.

## Glæpagengin verða til í Bandaríkjunum

Lögregluþingmenn hafa skorið upp herör gegn glæpagengjum sem erfitt hefur verið að koma lögum yfir. Rannsóknir hafa leitt í ljós að morðtíðni í El Salvador er með þeim hæstu í heiminum. Violeta Polanco, fjölmiðlafulltrúi lögreglunnar í El Salvador, segir sex til átta morð vera framin í landinu að meðaltali á degi hverjum. Sérstök lög sem jafnan eru kölluð La Mano Dura eða Með harðri hendi gera lögreglunni heimilt að handtaka hvern þann sem grunaður er um að tilheyrja glæpagenginu La Mara Salvatrucha.

Hólmfríður Garðarsdóttir, dósent í spænsku, bjó til margra ára í Mið- og Suður-Ameríku og þekkir forsögu þess og annara gengja. „Meðan borgarastyrjöldin ríkti flyktust íbúar El Salvador til Bandaríkjanna, bæði þeir sem voru ofsóttir af hægrimönnum og þeir sem voru ofsóttir af vinstrimönnum. Oftast var þetta barnmargt fólk og örlög barnanna í nýja landinu voru að alast upp í úthverfátækt í borgum eins og Los Angeles. Þegar bandarísk yfirvöld ákváðu svo, fyrst árið 1996 og svo tveimur árum síðar,

að gera skurk í málefnum ólöglegra innflytjenda voru þessir krakkar orðnir ungt fólk; menntunarlaust, utangátta og talaði tungumál sem var mitt á milli spænsku og ensku. Þessi hópur var stöðin í mörgum glæpagengjum til dæmis í Los Angeles. Þessu unga fólk var svo skóflað upp í rútur og flutt til San Salvador en þar átti það ekkert. Ríkari uppsprettu fyrir glæpi og ofbeldi er varla hægt að hugsa sér. Þessi hópur stofnaði með sér glæpagengi og þá tóku heimamenn við sér og stofnuðu sín glæpagengi til höfuðs þessum nýbúum og enginn réð við neitt.“

## Barátta yfirvalda við glæpagengin

Carlos Henriquez er blaðamaður hjá dagblaðinu La Prensa Grafica og hefur hann skrifað mikið um ofbeldið í landinu. Hann segir að til átaka hafi komið í nokkrum borgum landsins á miðvikudagskvöld en þá var síðasti dagur kosningabaráttunnar. „Þó borgarastyrjöldin sé litið undir lok eru sárin enn opin og lítið þarf svo að upp úr sjóði,“ segir hann.

Blaðamaður Fréttablaðsins spurði Henriquez hvað frambjóðendur segðu við kjósendur, sem flestir hafa þungar áhyggjur af ofbeldinu í landinu. „Það hefur lítið gengið hjá lögregluþingmönnum að stemma stigu við ofbeldi glæpagengja hér í landi og það verður sífellt grófara. Upp á síðkastið hefur til dæmis verið gengið milli bols og höfuðs manna í bókstaflegri merkingu svo þetta verður sífellt hrottalegra. Eru þar menn úr glæpagengjum að drepa andstæðinga sína, óviðkomandi fólk og jafnvel gera þeir út um mál sín á milli með þeim hætti að það endar með hrottalegum morðum. Illa gengur að hafa hendur í hári misindimannanna þar sem fólk er almennt óttaslegið, þeir ekki að bera vitni og vill helst ekki koma að málum með neinum hætti. En þó er ekki allt ofbeldi í landinu runnið undan rifjum glæpagengja þó þau séu stærsta vandamálið.

Flestir virðast sammála um að lausnirnar felist ekki eingöngu í hertri löggæslu heldur þurfi einn-



CARLOS HENRIQUEZ BLAÐAMAÐUR Henriquez segir að leita verði leiða svo að ungt fólk taki þátt í samfélaginu svo undirheimarnir gleppi það ekki.



VIOLETA MENJIVAR, BORGARSTJÓRKAANDÍÐAT FMLN FLOKKSINS Margir binda vonir sínar við Violetu Menjívar sem borgarstjóra í San Salvador en áhersla FMLN-flokksins á samfélagsleg úrræði við ofbeldið í landinu fær sífellt meiri hljómgrunn. AFP PHOTO/YURI CORTEZ

ig að grípa til samfélagslegra úrræða. Fátækt og atvinnuleysi er mikið í landinu og því þarf að reyna að virkja unga fólk til að

taka þátt í samfélaginu svo það lenti ekki í slagtoگی við misindismenn. Þetta hefur ekki gengið sem skyldi og allt of margir hætta í skóla áður en þeir ljúka við grunnskóla og þar sem ekki er mikið um atvinnu geta þeir auðveldlega orðið utanveltu. Það er því verkefni þeirra sem halda munu um stjórnartaumana að draga úr atvinnuleysi og leggja aukna áherslu á menntun og aðra samfélagslega bætti.“

## Nýir menn boða breytta tíma

Kosningarnar á morgun marka að mati margra viss þáttaskil í landinu. „Merki eru á lofti um að pólitíska landslagið sé að breytast í landinu með nýju fólk,“ segir Hólmfríður. „Schafik Handal, sem stofnaði FMLN og var hálfgerður guðfaðir þeirra sem unnu eftir hugmyndafræði andspyrnuhreyfingarinnar, lést í þarsíðasta mánuði og Roberto D'Aubuisson, sem svipuðu hlutverki gegndi há hægrimönnum, féll frá í lok síðasta árs. Þar með eru þessi beinu tengsl stjórnmalanna við borgarastyrjöldina smátt og smátt að mást út. Hingað til hefur umræðan verið nokkuð óvæginn en nú virðist sem nýir menn séu tilbúnir að ræða málin á öðrum forsendum.“

Borgarstjóraframbjóðandi FMLN í San Salvador er Violeta Menjívar og er það eitt merkið enn um breytta tíma í landinu en konur hafa hingað til ekki þótt eiga erindi í æðstu embætti landsins. ■




HÓLMFRÍÐUR GARÐARSDÓTTIR, DÓSENT Í SPÆNSKU Hólmfríður segir að nýir tímar getu verið að renna upp í El Salvador þar sem menn eru til í að grafa stríðsöxina og ræða málin á öðrum grundvelli.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## BORGIN SEM FRUMSKÓGUR-INN GLEYPTI

Angkor í Kambódíu er stærsta trúarlega minnismerki jarðar.

FERDIR 2



## SMART SMÁBÍLAR

Ýmsir smábílar voru kynntir til sögunnar á bílasýningunni í Genf.

BÍLAR 4



# allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERDIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

## ALLT HITT

[BÍLAR OG FERDIR]

Rísaútsala verður um helgina hjá Bílaþingi Heklu, Kletthálsi, á notuðum bílum. Útsalan verður á sama tíma hjá söluumboðum Heklu í Reykjanesbæ, á Selfossi og Höldi Akureyri. Bílaþing Heklu á Laugavegi 174 verður lokað laugardaginn 11. mars vegna útsölnnar.

Spennandi ferð til Kosta Ríka er nú á boðstólum hjá Icelandair.

Ferðin verður frá 27. október til 7. nóvember. Hægt er að nálgast allar nánari upplýsingar á heimasíðu Icelandair, icelandair.is.



Raðganga Útivistar um Reykjaveginn heldur áfram á á sunnudag eftir viku. Síðast tóku um sjötiú manns þátt í göngunni. Að þessu sinni verður gengið frá Stóru-Sandvík að Þorbjarnarfelli. Nánari upplýsingar má nálgast hjá Útivist.



Valdimar Ágúst við hinn ógnvænlega eðlagn sem er í eigu Gold Limo.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.O.L.

## GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn 11. mars, 70. dagur ársins 2006.



| Sólarupprás | Hádegí | Sólarlag |
|-------------|--------|----------|
| Reykjavík   | 8.01   | 13.38    |
| Akureyri    | 7.47   | 13.22    |

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

## Til í enn lengri bíl

Valdimar Ágúst Emilsson hefur það öfundsverða hlutverk að keyra langstærsta eðlagn landsins. Í grunninn segir Valdimar að akstri bílsins megi líkja við akstur venjulegrar fólksbifreiðar.

Eðlagninn var fenginn til landsins fyrir síðustu áramót og hefur Valdimar rúntað með fólk um borg og bæi síðan þá. Valdimar segir að ástæða komu bílsins til landsins hafi verið hrein og bein ævintýramennska. „Að gera eitthvað nýtt og skemmtilegt var ástæðan fyrir komu hans.“

Að sögn Valdimars er eðlagninn, sem er af Hummer-gerð, með 325 hestöfl í húddinu. Vélin er átta strokka og sex lítra. „Þetta er náttúrlega jeppi. Hann er reyndar meiri um sig og lengri og þarf þess vegna meira pláss. Þú skýst ekki á honum í Kringluna að kíkja á kaffihús. Annars er þetta eins og að keyra venjulegan bíl,“ segir Valdimar

spurður um hvernig sé að keyra bílinn. Farþegar sem Valdimar hefur keyrt láta mjög vel af bílnum. Hann segist hafa hlotið mikið þakklæti frá farþegum eðlagnsins fyrir öruggan akstur og þægindi. Valdimar segir að hann hafi vanist bílnum fljótt og þess vegna eigi hann auðvelt með að keyra hann nokkuð mjúklega.

Valdimar segir að afar þægilegt sé að keyra bílinn. „Bíllinn er þægilegur bæði fyrir farþega og bílstjóra. Hann getur hins vegar verið erfiður niðri í bæ, getur verið þungur í beygjum og svona.“ Valdimar segir að hann hafi ekki hafa lent í neinum teljandi vandræðum né tjóni og á vonandi aldrei eftir að lenda í slíku.

Valdimar er nokkuð viss um að betra vinnutæki sé vart hægt að finna. „Þetta gerist ekki mikið betra.“ Valdimar væri meira að segja frekar til í að fá aðeins lengri bíl en styttri. Spurður hvort verið sé að vinna að því að fá inn stærri bíl játar Valdimar því. „Við sjáum hvað framtíðin ber í skauti sér.“

steinthor@frettabladid.is

## Áhersla á belti og hjólbarða

FÍB HLEYPIR AF STOKKUNUM ALPJÓÐLEGU UMFERÐARÖRYGGISVERKEFNI Á ÍSLANDI.

FÍB tekur þátt í alþjóðlegu umferðaröryggisverkefni sem á íslensku nefnist „Hugsaðu áður en þú heldur af stað“. Verkefnið hófst að frumkvæði FIA, alþjóðasamtaka bifreiðaeigendafélaga. Framkvæmd þess í hverju landi fyrir sig er í höndum bifreiðaeigendafélaganna.

Verkefnið „Hugsaðu áður en þú heldur af stað“ er þegar hafið hér á Íslandi með birtingu fyrsta kafla myndasögu í nýttkomnu FÍB-bláði og á næstunni fer í dreifingu bæklingur á vegum átaksins. Í honum eru nokkrar einfaldar meginreglur sem allir sem aka bílum ættu að fara eftir og geta skipt sköpum ef slys verður. Bæklingnum verður dreift inn á hvert einasta heimili á Íslandi. Markmið verkefnisins er að styrkja ábyrga og örugga aksturshegðun og biðja ökumenn að framkvæma fáeinir einfaldar aðgerðir áður en haldið er af stað. Einfaldar aðgerðir sem geta bjargað mannlífum.

(Af www.fib.is)



# BRA

## BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNNS

### Tjónaskoðun

- Nútíma verkstæði og fullkominn tækjabúnaður
- Gæðavottað verkstæði af Bílgreinasambandinu
- Bílaleigubíll á meðan viðgerð stendur
- Sérþjálfaðir starfsmenn
- Fljót og góð þjónusta

CABAS  
Verkstæði



TOYOTA-þjónusta

## Réttum og málum allar tegundir bíla

Nýbýlavegi 10 · Kópavogi · Sími 554 2510 · www.bilasprautun.is · bilasprautun@bilasprautun.is



# Glæsilegar sérferðir Heimsferða í apríl, maí og júní (síðustu sætin)



## Kína 23. apríl - 7. maí

Einstök upplifun á fallegum tíma – örfá sæti  
Shanghai – Peking - Stíflurnar miklu - Sigling um gljúfrin þrjú.  
Fararstjóri: Hédinn Björnsson

## Fjallaperlan Bled 17. - 24. maí.

Fáir standast fegurðina í Slóveníu.  
Fararstjóri: Gunnhildur Gunnarsdóttir

## Ítalska rivíeran 31. maí - 7. júní

Rómantískasta svæði Ítalíu um hvítasunnuna.  
Fararstjóri: Una Sigurðardóttir

## Austurríki – Ítalía (Sumar í Tírol) 22. júní - 5. júlí

Hin sívinsæla ferð "Sumar í Tírol" með Feneyjum í kaupbæti.  
Fararstjóri: Gunnhildur Gunnarsdóttir

## Ævintýrasigling 14. apríl – 5. maí

Miðjarðarhaf – Atlantshaf - Karíbahaf  
19 daga páskaferð – aðeins 9 vinnudagar – örfá sæti

## Vorsigling um Miðjarðarhaf 17. – 31. maí

Róm - Sikiley – Malta - Túnis – Líbía

## Glæsisigling um Eyjahaf 7. - 21. júní

Slóvenía – Ítalía – Grikkland – Króatía



Angkor er heilagur staður í augum búddamunka.

# Borgin sem frumskógurinn

*Ferðamenn sækja helst í tvo staði innan landamæra Kambódíu. Þeir eru Morðakrarnir, þar sem Rauðu Kmerarnir frömdu mörg af verstu illvirkjum sínum, og Angkor, sem er stærsta trúarlega minnismerki jarðar.*

Angkor var áður fyrr mannmörg borg þar sem flókið og fullkomið veitukerfi gerði íbúum kleift að rækta hrísgrjón í miklu magni. Í dag standa eftir fjölmörg hof hindúa og búddatrúarmanna sem dreifið eru yfir rúmlega 100 ferkílómetra svæði. Hofin voru byggð frá 8. öld og fram á 13. öld og geyma þau minningar siðmenningar sem blómstraði á sama tíma og veldi víkinganna var sem víðfeðmast. Konungar kepptust við að reisa grafhýsi og minnismerki, sjálfum sér og guði til dýrðar. Svo dundu hörmungarnar yfir og borgin hefur í gegnum tíðina orðið fyrir ómetanlegu tjóni vegna óbilgirni frumskógarins, skemmdarverka erlendra herja og voðaverka Rauðu Kmerana.

### Siem Riep

Það er tiltölulega auðvelt að ferðast til Kambódíu og Angkor. Hægt er að fljúga frá nágrennalöndunum til annað hvort Phnom Penh eða Siem Riep. Frá flugvælinum í Siem Riep liggur beinn vegur til Angkor og meðfram honum hefur risið hvert glæsihótelíð á fætur öðru. Öll eru þau full af Bandaríkjamönnum, Japönnum og Kóreubúum sem komnir eru í stuttar lúxusferðir. Sé hins vegar farið inn í miðborg Siem Riep blasir raunveruleikinn við og auðséð að lífsbaráttan er hörð. Bílar eru ekki margir en þeim mun fleiri mótorhjól og skellinöðrur. Bensinstöðvar eru á hverju horni, en þær bjóða upp á fjöldann allan af notuðum gos- og bjórflöskum fullum af bensíni. Á markaðnum er hægt að fá ávexti og krydd sem aldrei berast norður í höf og sértu heppinn býðst þér að veida engisprettur í húsasundi með götustrákum. Ef þú ert enn heppnari er þér boðið í

mat þar sem aðalrétturinn er einmitt engispretturinn sem veiddar voru fyrir um daginn.

Það er hlægilega ódýrt að lifa í Kambódíu. Ef þú átt nokkra dollara eru þér allir vegir færir. Þú getur leigt þér tuktuk (vélnúíð þríhjól) með bílstjóra og haldið sem leið liggur til Angkor. Ferðin tekur um tuttugu mínútur og þá ertu kominn að fyrsta hliði borgarinnar. Þriggja daga passí að Angkor kostar fimmtíu dollara. Kambódísk stjórnvöld hafa farið þá leið að leigja út rekstur, viðhald og endurbyggingu Angkor til japansks einkafyrirtækis. Hvort þetta fyrirkomulag er hagsælt fyrir kambódísku þjóðina skal ósagt látið en það verður að viðurkennast að undirritaður setur spurningamerki við slíkt fyrirkomulag, sérstaklega þar sem sama leið var farin með morðakrana.

### Hvað er að sjá?

Stærsta hofið og höfuðjásn Angkor, sem sómir sér vel sem niunda undur veraldar, er Angkor Wat. Margir leggja leið sína þangað við sólarupprás, en svæðið er opnað klukkan fimm árla dags. Það er vissulega ólýsanlegt að sjá sólna rísa bak við hofið og brjóta sér leið gegnum lauffykkið í frumskóginum allt í kring. Einn og einn api skýst út úr skóginum og inn í hann aftur en enginn hættir sér nær forviða ferðamönnum sem fylgjast með gegnum myndavélalinsurnar.

Eins og áður kom fram er Angkor gríðarstór. Best er því að leiga tuktuk allan daginn og leyfa bílstjóranum að blunda á meðan hofin eru skoðuð. Það tekur að minnsta kosti þrjú daga að skoða allar rústirnar en þeim tíma er vel varið vegna þess að engin tvö hofanna eru eins. Þegar menn þyrstir eða svengir er ávallt stutt í næsta veitingastað, sem í raun er lítið annað en skýli með borðum og stólum hulið dúkum erlendra stórfyrirtækja. Allan liðlangan daginn er þér boðin hressing og minjagripir á einn dollara og ef þú skilur ekki ensku þarftu ekki að örvænta því ein-



Á markaðnum í Siem Riep leggja allir sitt á vogarskálarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/TRYGGVI



Angkor Wat er gríðarlegt mannvirki. NORDIC PHOTO/GETTY IMAGES



Frumskógurinn eirir engu. FRÉTTABLAÐIÐ/TRYGGVI

# Leiksvæði hinna efnuðu

Vetrariþróttir eru vinsælar á meðal spennufikla. Að þjóta niður brekkurnar með vindinn í eyrunum og púðrið undir fótunum getur verið mjög spennandi.

Lúxusskiðastaðir eiga auknu fylgi að fagna. MSNBC-sjónvarpsstöðin gerði á síðasta ári lista yfir tíu dýrustu skíðasvæði heims.

Þar má meðal annars finna skíðasvæðið í Aspen í Bandaríkjunum þar sem einungis meðlimir geta notið skíðabrekkanna. Á þessum stöðum er lúxusinn allsráðandi og ætlast er til þess að meðlimir eigi fyrir salti í grautinn.

Þeir sem vilja tilheyra þessum lúxusklúbbum þurfa að greiða á milli 1,2 til 60 milljónir króna í árgjöld og geta þess í stað notið alls hins góða sem vetrariþróttir hafa upp á að bjóða. Í gjöldunum er innifalinn þjónusta bryta allan sólarhringinn og barnapössun. Í brekkunum eru svo þjónar sem aðstoða skíðamennina með hvaðeina sem þá vanhagar um, hvort sem það er aðstoð við að renna upp snjógallanum eða að hella upp á heitt kakó.

Gististaðirnir eru þeir glæsilegustu sem völ er á og fjöldi hágæðaveitingastaða er að finna í kringum fjöllin. Við skíðasvæðið í Aspen er átján hólur einkagolfvöllur þar sem meðlimir geta spilað á

milli þess sem þeir renna sér í brekkunum og láta nudda sig í heilsulindunum.

Þeir sem vilja lúxus en eru ekki tilbúnir til þess að gerast meðlimir geta leitað í aðrar brekkur. Chalet du Mont D'Arbois skíðahótel í Megève í Frakklandi er eitt dýrasta hótel í Evrópu. Í íbúðum hótelsins eru arinn, leðurklæddir hægindastólar og aðgangur að gufubaði og sundlaugum. Allt þetta kostar 140.000 krónur fyrir hverja nótt og gerir hótelið þær kröfur að gestir gisti í þrjár nætur í það minnsta. Það er aðeins byrjunin, því þá er ótalinn reikningurinn fyrir allar glæsímáltíðirnar og skemmtunina sem gestir borga sérstaklega fyrir. Margar frábær-



Chalet du Mont D'Arbois skíðahótel í Megève í Frakklandi er eitt dýrasta hótel í Evrópu.

ar skíðaferðir eru í boði fyrir meðalmanninn en þeir sem vilja eitthvað alveg sérstakt og geta leyft sér það skella sér í þessar lúxus ferðir.



NORDIC PHOTO/GETTY IMAGES

## gleypti

hvers staðar eru tvær telpur sem kunna að segja „viltu kaupa póstkort á dollara“ á átta tungumálum. Fyrirgefíð, þau eru víst orðin nú því síðasta sumar bættist íslenska í safnið.

Það síðasta sem hver ferðalangur í Angkor ætti að sjá er sólarlagið séð frá toppi Sólarhofsins. Frumskógurinn teygir sig svo langt sem augað eygir og endar í ávölum hæðum sveipuðum mistri. Snarbrattur klettastiginn upp að hofinu, sem höggvinn var fyrir þúsund árum, er svo sannarlega ekki fyrir hvern sem er en það sem uppi bíður er erfiðisins virði. Jafnvel þó svo að það taki þrjár tilraunir að sjá sólina setjast. Sumarfrí okkar Íslendinga ber nefnilega upp á monsúntíma í Suður-Asíu, sem er ekki besti tíminn til sóldýrkunar.

Svæðinu er lokað klukkan sex síðdegis og þá er tilvalið að halda inn í Siem Riep og gæða sér á kambódískum mat. Einhverra hluta vegna fá fæstir ferðamenn sama matseðil og innfæddir. Hann er á ensku, verðið er í dollurum í stað rheela (sem er innlendi gjaldmiðillinn) og maturinn mildari. Mörg veitingahúsanna skarta fögrum skiltum þar sem því er lofað að á þessum veitingahúsum sé ekki framreitt rottu-, hunda- eða kattakjöt.

### Ferðalok

Kambódía er land sem enn er í sárum eftir borgarastyrjöld. Fyrir einungis 25 árum var Kambódía stjórnað af Rauðu Kmerunum sem miskunnarlaust börðu niður alla mótspyrnu og myrtu á aðra milljón samlanda sinna. Þó svo að sárin ríski djúpt og örín séu varanleg ríkir bjartsýni og trú á betri tíma hjá þjóðinni.

Fyrir okkur sem leitum að ævintýrum og viljum komast frá neyslumeningunni er Kambódía kjörinn kostur. En ekki bíða með það of lengi. Hætt er við að vegna aukins ferðamannastraums og gróðahyggju hverfi friðsæld og töfrar Angkor og verði lítið annað en minningar og myndir í albúnum áræðinna ferðalanga.

tryggvi@frettabladid.is

- Starfandi yfir 25 ár
- Hjálpað yfir 30,000 fjölskyldum við að finna heimili á Spáni
- Eitt það breiðasta sírval af nýjum og eldri eignum á Costa Blanca, Costa Calida, Costa Almeria
- Þinn eigin þjónustufulltrúi
- ISO 9001 Gæðastimpill
- Meðlimur FOPDAC




L A T T U D R A U M I N N R E T A S T I L I



## Kynnir stórsýningu á Spánareignum

Í Perlunni helgina 11. og 12. mars 2006. 14:00 - 17:00



Kynnir og biður upp í spænskan tætt.



Fyrir þá sem vilja hafa tekjur af eigninni



Kynnir spænsku KARL K. KARLSSON



Sími: 550 2000 | www.sph.is



Skoðunarferð fyrir 15.500 kr. Flug, gisting og uppihald innifalið!!!

# allt bílar o.fl.

**Bílavottur** getur verið mjög skemmtilegur í góðum félagsskap. Þegar veðrið er sæmilegt er ágætt að nota tækifærið og þvo bílinn.



**BIFREIÐAVERKSTÆÐI  
FRÍÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.**  
Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi  
Sími: 567 7360 · www.bfo.is

**SUBARU** Þjónusta  
**HONDA** Þjónusta  
**NISSAN** Þjónusta

**SÉRHÆFD ÞJÓNUSTA FYRIR**

**Jeep** **CHRYSLER** **DODGE**

**BÍLJÖFUR**  
BIFREIÐAVERKSTÆÐI

Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

**ALLT Á EINUM STAÐ**

- VETRARDEKK
- HEILSÁRSDEKK
- OLÍS SMURSTÖÐ
- BÓN OG ÞVOTTUR
- HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
- RAFGEYMAÞJÓNUSTA
- BREMSUKLOSSAR
- ÞÚSTÞJÓNUSTA

**SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN**  
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066

Gabriel höggdeyfar, **AISIN** kúplingssett, **TRISCAN** spindilkúlar, stýrisendar, gormar. Drifliðir, drifliðshlífar, ballansstangir. Tímareimar, ökuljós, stefnuljós ofl. Sætaáklæði, sætahlífar á stóla – vatnsheldar fyrir veiðimenn, hestamenn o.fl. Kerruljós, bretti og nef-hjól á kerrur. Bílamottur.

**Gsvarahlutir**  
Sími 567 6744 • Bíldshöfða 14 • 110 Reykjavík

**Meirapróf – Nýir tímar**  
Nýlegir kennslubílar sem uppfylla  
Euró 2 mengunarstaðal, lærdú í nútímanum

**ÖKU SKOJINN I MJÖDD**

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300  
Næsta námskeið hefst 15. mars.



Thomas LaSorda, stjórnarformaður Daimler-Chrysler í Bandaríkjunum, stendur stoltur við nýja Dodge Hornet-hugmyndabílinn. Bíllinn hefur vakið mikla athygli og gæti valdið straumhvörfum í þróun nýrra smábíla. NORDICPHOTOS/AFP

## Smart smábílar í Genf

Ýmsir smábílar hafa verið kynntir til sögunnar á bílasýningunni í Genf. Þar getur að líta bæði ný og gömul andlit.



Nýr bíll frá Peugeot, Peugeot 207, var frumsýndur á blaðamannafundi rétt áður en sýningin hófst. Enn einn framleiðandi sem reynir að koma til móts við kröfur neytenda um örlítið stærri smábíla sem þó eru þægilegir í innanbæjarakstri og eyða litlu. NORDICPHOTOS/AFP

Alþjóðlega bílasýningin í Genf fer nú fram í 76. skiptið. Hátíðin hófst 2. mars síðastliðinn og stendur til 12. mars. Eins og venjulega koma fram á sýningunni margar athyglisverðar hugmyndir og áhugaverðir bílar. Margir þeirra eru þó hugmynda-bílar sem aldrei eiga eftir að koma á almennan markað.

Á sýningunni má einnig finna keim af þeirri þróun sem bílaheimurinn allur stefnir í.

Einn af þeim flokkum sem hafa verið að þróast hvað mest á undanförunum misserum er án efa smábílar. Margir bílaframleiðendur hafa verið að svara eftirspurn almennings eftir sparneytnari og umhverfisvænni fólksbílum. Einfaldasta svarið við því kalli eru smábílarinnir.

Flestir bílaframleiðendur veraldar eyða nú miklum peningum og tíma við þróunarvinnu á smábílum. Meira að segja hafa stóru bandarísku framleiðendurnir slegist í hópinn og blanda sér nú í baráttuna um hylli fólks. Bandarísku risarnir sjá nefnilega ýmis sóknartækifæri á evrópskum markaði eftir mikla lægð á þeim bandaríska.

Þróun smærri bíla hefur einnig beinst að því að auka öryggi þeirra og vélaráfl. Smábílar hafa einmitt verið nokkuð áberandi á bílasýningunni í Genf, í kringum alla hina fínu og framúrstefnulegu bílana. Nokkrir bílaframleið-



Sbarro GT C1 frá Citroën er nokkuð frumlegur smábíll með talsverðu afli þrátt fyrir smæð sína. Hann er þó frekar sýningarbíll en hagkvæmur fjölskyldubíll. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

endur hafa þar kynnt nýja smábíla á meðan aðrir hafa kynnt endurbættar útgáfur af gömlum og góðum bílategundum. Flestir þessara bíla miða að því að auka hagkvæmni, menga minna og

skila jafnframt auknu öryggi og krafti. Inn í þetta fléttast svo frumleg og skemmtileg hönnun, allt til hagsbóta fyrir hinn almenna bifreiðaeiganda.

steinthor@frettabladid.is



Honda frumsýndi í Genf nýja Type-R útgáfu af betrubættum Civic sem nýlega kom á markað. Civic er gott dæmi um smábíl sem hefur yfir geysimiklu afli að ráða. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



## Áfram veginn

Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

### Náttúra eða séra náttúra?

Ætli ég hafi ekki verið svona fjórtán ára. Það var áður en jeppavírusinn tók að gerjast innra með mér og ég og vina-hópurinn eyddum flestum helgum í að labba á fjöll í hvaða veðri sem var. Hellið var í okkar augum einn stór sandkassi, fullur af leikföngum. Svo stutt að fara til að detta út úr síðmenningunni. Og endalaus fjölbreytni í landslaginu.

Ég stunda enn heiðina. Ekki eins oft og ég vildi og oftar á bíl en ekki. Enn er það fjölbreytnin sem heillar. Slóðar og vegir sem liggja um dali og hæðir, yfir ár og torfætur. Í raun frábært sýnishorn og góð skemmtun. Og heitir lækir til að baða sig í eftir erfið.

Á veturna er heiðin oft þéttskipuð fólki; gangandi, á jeppum eða vélsleðum. Hellið er ennþá sandkassi Sunnlendinga.

Á allra síðustu árum hefur verið unnið að því að virkja Hellið. Ekki með uppistöðulóni, heldur með því að bora eftir heitu vatni og reisa gufaflsvirkjun. Í dag eru á Hellið tæplega þrjátíu borplön þar sem vatni er dælt upp úr jörðinni og í pípum að virkjuninni. Í undirbúningi eru tæplega sextíu plön í viðbót. Frá flestum þeirra munu líka

liggja pípur, allar ofanjarðar. Til að tengja þessi mannvirki er búið að byggja vegi þvers og kruss. Vinnandi fólk, farartæki og vinnuvélar, og gufan streymir upp í himininn. Hvað útivistarparadísina varðar er Hellið aðeins farið að tapa ljómanum í mínum augum.

Í síðustu heimsókn minni gat ég ekki stillt mig um að bera þessa virkjun saman við Kárahnjúkavirkjunina - þó að það sé náttúrulega ekki hægt, stærðarmunar vegna. En ég hugsaði til þeirra mörgu sem risu upp á afturfæturna og mótmæltu þeim framkvæmdum. Á stað sem fæstir vissu að væri til. Þar var hiti í jörð. Þótti allsérstakt. Vissulega illa farið með fallegan stað, þó að fleiri hafi fengið hans notið eftir að allt umtalið hófst.

Hellið er hins vegar fyrir allra augum. Grámyglulegur hversdagsleikinn? Maður þarf að taka ein fimm tíu skref út fyrir veginn til að sjá hvernig heiðin er í raun og veru - ólgandi uppsprettur og hverir, fallegir dalir, lækir og fossar. Þarna stundar fólk útivist grímt, allt árið um kring. Af hverju fór Hellið aldrei í umhverfismat? Af hverju mótmælti enginn?



Hópurinn við bílana áður en þeir voru settir í skip á Íslandi.

## Rétt vefslóð

Leiðrétting á vefslóð heimskautaleiðangurs.

Glöggur lesandi hafði samband við Fréttablaðið og benti á villu í grein um heimskautaleiðangur Íslendinga á slóðir Vilhjálmssonar.

Í greininni var gefin upp röng vefslóð á síðu leiðangursins en rétt slóð er [www.arctictrails.is](http://www.arctictrails.is).

Af heimskautaförum er það að fréttar að um miðja viku voru þeir komnir til Edmonton þar sem þeir sóttu spil á bílana og gervihnattasíma. Nýjustu fréttir af leiðangrinum eru á vefsíðunni [www.arctictrails.is](http://www.arctictrails.is)

## Ólympíuleikar jaðaríþrotta

Sigurvegari í meistaraflokki í snjókössi vinnur sér keppnisrétt á X-games næsta vetur.

Nú eru þrjár umferðir búnar á Íslandsmótinu í snjókössi. Fjórdi umferðin fer fram í Mývatnssveit um aðra helgi og lokaumferðin á Egilsstöðum 1. apríl, sem er alþjóðlegt mót. Sigurvegari í meistaraflokki á því móti vinnur sér keppnisrétt á X-games næsta vetur, en þar keppa allir bestu snjókössökumenn heims.

Leikarnir eru eins konar ólympíuleikar jaðaríþrotta og er snjókössið einn af hápunktum þeirra. „Þessi ákvörðun er mikil viðurkenning og mikill heiður fyrir snjókössökumenn á Íslandi og sportið í heild.“ segir Gunnar Hákonarson hjá WPSA Íslandi. Hann bætti við að hugsanlega myndi þetta draga fleiri erlenda keppendur á alþjóðamótið, enda þurfa öllum í Bandaríkjunum að heyja harða keppni til að ávinna sér keppnisrétt á X-games.

# MAZDA SPEED 6

Vel búinn og rúmgóður fjórhjóladrifinn fjölskyldubíll en jafnframt fullvaxinn orkubolti með 274 hestafla vél.

Komdu og finndu....



Komdu og reynsluaktu!



**X4** ehf.

Opið virka daga 10-18:30 - Laugard. 12-16

2ja ára verksmíðjuábyrgð - Þjónustuaðili: Ræsir hf.

Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500 - Netfang: [x4@x4.is](mailto:x4@x4.is) - [www.x4.is](http://www.x4.is)

**LÖÐUR**

miðstöð bílaunnenda  
sími 544 4540 | [www.lodur.is](http://www.lodur.is)

## SVAMPBURSTAR BYLTINGARKENND NÝJUNG Í BÍLAÞVOTTI Á ÍSLANDI

LÖÐUR KYNNIR FRÁBÆRA ÞJÓNUSTU Í NÝRRI KYNSLÓÐ BÍLAÞVOTTASTÖÐVA.

- Betri meðferð á bílum með mjúkum og fleyglaga burstaendum.
- Bónið endist lengur og bíllinn verður áberandi hreinn og glansandi með úrvals hreinsiefnum og sápum.
- Alvöru bílaþvottastöð sem ræður við flestar stærðir bíla.
- Nánast engin bið eftir þvotti, afkastagetan er allt upp í 60 bílar á klukkustund sem er mun meira en hjá hefðbundnum stöðvum.

Opið virka daga kl. 8-19 og um helgar kl. 10-18

Fullkomnasta þvottastöðin á Íslandi er í Bæjarlind 2, kjallara



**DEVINO**  
ROAD CONCEPT

635BM  
18"/20"

635C  
17"/18"

220BM  
17"

**Hjólbarðahöllin**  
Fellsmúla 24 · 108 Reykjavík  
**530 5700**  
[www.hollin.is](http://www.hollin.is)

**Gúmmivinnustofan**  
Réttarhálsi 2 · 110 Reykjavík  
**587 5588**  
[www.gvs.is](http://www.gvs.is)

**Bíla**naust

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**

## Til sölu mjög vel með farinn Knaus Sun Ti 658

Knaus Sun Ti 658  
Árg 2001  
Undirvagn Fiat Ducato Qli 18  
Vél 2,8 Jtd Common Rail 127 hp  
Bíll mjög vel búinn aukahlutum  
Ekinn 39.000 km



**VERÐ 4.950.000**

S: 633-5151 **BALDUR**

**Panther**  
**EMR 429AM**  
18"/19"

**Panther**  
**EMR 310C**  
17"/18"

**Panther**  
**348BM**  
18"

**Hjólbarðahöllin**  
Fellsmúla 24 · 108 Reykjavík  
**530 5700**  
www.hollin.is

**Gúmmivinnustofan**  
Réttarhálsi 2 · 110 Reykjavík  
**587 5588**  
www.gvs.is

**Bilanaust**

AUGLÝSINGASÍMI

**550 5000**

**FRÉTTABLAÐIÐ**

Veldu HYUNDAI gæði, veldu TUCSON

**TUCSON**

2.0 bsk. kr. 2.390.000  
Kr. 25.388 á mánuði\*

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spólvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 6 loftprúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu við þurrkublið
- 16" álfelgur
- Aftengjanlegur öryggispúði farþegamegin
- Verðlaunabíll í sínum flokki



Bíll á mynd: Tucson Sport á 17" álfelgum.  
\* Biltasamningur til 84 mánaða með 30% útborgun. Mánaðarlegar greiðsur eru háðar vaxta- og gengisþróun.



Volkswagen Passat hlaut nýlega hin eftirsóttu Auto 1 verðlaun.

## Passat nær fyrsta sæti í Evrópu

40 milljónir lesenda, sérfræðingar og ritstjórar velja Passat í annað sinn sem sigurvegara.

Yfir fjörutíu milljónir lesenda evrópskra bílblaða tóku nýlega þátt í að veita Volkswagen Passat hin eftirsóttu Auto 1 verðlaun. Að lokum stóð valið á milli þrettán bifreiða og valdi fjörutíu manna dómnefnd, skipuð aðalritstjórum, tækni- og mótorsérfræðingum, Passat sem sigurvegara með nokkrum yfirburðum.

Stjórnarformaður Volkswagen samsteypunnar, dr. Wolfgang Bernhard, tók á móti hinum fimm kílóa þungu Auto 1 verðlaunum á

bílasýningunni í Genf fyrir skemmstu. „Auto 1 verðlaunin eru punkturinn yfir i-ið á samfelldri sigurgöngu,“ sagði Bernhard. Hann þakkaði lesendum og dómnefnd fyrir þennan mikla heiður og minntist á hin fjölmörgu verðlaun sem Passat hefur sópað að sér að undanförunum og lítur á það sem mikla viðurkenningu fyrir alla þá hugmyndavinnu sem liggur að baki hinum nýja Passat.

Dr. Bernhard sagði enn fremur: „Frægð og frami er góð undirstaða, en ánægðir viðskiptavinir og góður viðskiptalegur árangur eru þeir þættir sem við viljum láta dæma okkur af.“

## Spenna í snjókrossi

Allt getur gerst í næstu tveimur umferðum.

Um síðustu helgi fór fram á Húsvík 3. umferðin í íslensku snjókrossi þar sem hart var barist í öllum flokkum.

Vegna meiðsla eru aðeins þrjú keppendur eftir í unglingsflokknum en hver þeirra vann einn riðil um síðustu helgi. Keppnin um efstu sætin til Íslandsmeistara er æði jöfn í öllum flokkum en úrslit voru sem hér segir:

16.00 **Dominique Ambroise** opnar sýningu á nýjum olíuverkum í **Listhúsi Ófeigs** en sýningin ber heitið **Sjónhorn**. Sýningin er opin virka daga frá 10-18 og laugardaga frá 11-16 og stendur til 5. apríl.

Handverkssýningin **Trans Form** - nýtt handverk á gömlum merg opnar í Norræna húsinu. Hönnuðir og handverksfólk frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi sýna sköpunarverk sín úr ýms konar hráefnum. Sýningin stendur til 16. apríl.

#### SKEMMTANIR

22.00 **Danshljómsveit Friðjóns** leikur fyrir dansi í Vélsmiðjunni á Akureyri. Frítt inn til miðnættis.

23.00 Spikfeitt **Hip Hop** djamm á Gauknum þar sem koma **Pörupiltar, Ramses, Hoochie, Eftirspurn, 7berg** og til að halda fjörinu í hámarki spila **Dj Ace** og **Dj Frigor** á milli atriða.

23.00 Hip Hop djamm á **Gauk á Stöng**. Fram koma **Pörupiltar, Ramses, Hoochie, Eftirspurn, 7berg** og **Dj Ace** og **Dj Figor** halda fólk við efnið milli atriða. Aðgangseyrir 1000 kr.

23.00 **Hljómsveit Geirmundar Valtýssonar** skemmtir á Kringlukuránni.

Hljómsveitin **Signia** spilar á Lukku Láka í Grindavík.

**Vignir Sigurþórsson** úr Borgarnesi (Gammeldansk) spilar og syngur á Catalínu í Kópavogi.

#### FYRIRLESTRAR

12.00 **Dr. Hallfríður Þórarinsdóttir** mannfraeðingur heldur fyrirlestur á vegum **ReykjavíkurAkademíunnar** um málefni innflytjenda. Hringbraut 121, 4. hæð.

14.30 Lilja Oddsdóttir heldur fyrirlestur um ilm kjarnaoliur í **Kaffi Hljómalind**.

#### SAMKOMUR

10.00 Yoga í **Kaffi Hljómalind** við Laugaveg, Kiirtan og hugleiðsla

13.00 Ráðstefnan **Skógar í þágu lýðheilsu** á Íslandi verður haldin í Öskju, Náttúrufræðahúsi HÍ á vegum **Skógræktarfélag Íslands, Rannsóknarstöðvar skógræktar á Mógilsá** og **Skógræktarfélag Reykjavíkur**. Ráðstefnan stendur frá 13-17.15

#### SÝNINGAR

**Margeir Sigurðarson** sýnir sjálfsmyndarleg verk í Studio 6, Skipagötu 6 á Akureyri. Sýningin stendur til loka mars.

#### SÍÐUSTU FORVÖÐ

18.00 Síðasta sýningarhelgi á verkum **Hönnu Christelar Sigurkarlsdóttur** í Gallerí Dverg, að Grundarstíg 21.

#### LJÓSMYNDASÝNINGAR

13.00 Árleg ljósmyndasýning á vegum **Blaðaljósmyndarafélags Íslands** í Gerðubergi ásamt yfirlitsýningu á ljósmyndum **Gunnars V. Andréssonar**. Síðasta sýningarhelgi

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is) ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Aðalfundur

Björgunarsveitar Hafnarfjarðar

Verður haldinn 25. mars í húsnæði björgunarsveitarinnar að Flatahrauni 14. Fundurinn hefst kl 12:00 og á dagskránni verða venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum Björgunarsveitar Hafnarfjarðar.

Stjórnin.

FRÉTTABLAÐIÐ **AUGLÝSINGASÍMI 550 5000**

THE KING OF THE WISDOM AND THE WISDOM

NARNIA

SYND KL. 3

PRIDE & PREJUDICE

SYND KL. 3

3 BÍÓ - 400 KR.

400 KR. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 3 UM HELGAR Í HÁSKÓLABÍÓI, LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA.

BAMBI

SYND KL. 12

THE PINK PANTHER

SYND KL. 12

HÁDEGISBÍÓ - 400 KR.

400 KR. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 12 UM HELGAR Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI, LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA.



### Prúttið við Valsstelpur

Meistaraflokkur kvenna í fótbolta hjá Val verður með flóamarkað í Kolaportinu á sunnudag á milli 11 og 17. Stelpurnar munu meðal annars selja fót, skó og spílastokka en þær eru að safna sér fyrir ferð til La Manga.

# sport

sport@frettabladid.is

FJALAR ÞORGEIRSSON MARKMAÐUR PRÓTTAR: VILL FARA TIL FYLKIS

## Pattstaða á milli Fjalars og Próttar

Markmanninum knáa Fjalari Þorgeirssyni gengur illa að losa sig frá 1. deildarfélaginu Prótti en hann hefur mikinn hug á því að ganga til liðs við Fylki. Árbæjarliðið hefur rætt við Fjalars og Prótt um að markmaðurinn gangi til liðs við Fylki en Próttarar vilja ómögulega sleppa hendinni af honum. „Við viljum að hann skrifi undir framlanginguna á samningi sínum, geri hann það erum við tilbúnir að lána hann í eitt ár. Við gerum okkur grein fyrir því að þegar við erum komnir upp eftir ár, og þurfum að fara að manna liðið okkar sem úrvalsdeildarfélag, þurfum við á manni eins og Fjalari að halda,“ sagði Kristinn Einarsson, formaður knattspyrnudeildar Próttar, í gær.

„Eins og ástandið er í félaginu í dag hef

ég engan áhuga á því að framlangja samning minn við Prótt,“ sagði Fjalari við Fréttablaðið en hann hefur neitað nýjum samningi sem Próttarar buðu honum. „Við erum búnir að vera að ræða við Fylki en málið er ekki klárað vegna þess að við viljum helst að hann verði einungis lánaður, en við höfum ekki fengið því framgengt. Við erum búnir að bjóða Fylki að fá Fjalars lánaðan. Það kemur alveg til greina að selja hann en fram að þessu höfum við ekki fengið það sem við viljum. Ég tel hagsmunum Próttar best borgið með því að hann skrifi

undir nýjan samning og Fylkir fái hann að lána,“ sagði Kristinn og bætti við að félagið vildi alls ekki missa Fjalars, sem Próttar metur mjög mikið, en eins og Fjalars sagði vill hann ekki framlangja samning sinn við liðið sem rennur út í haust.

Engar viðræður við Fylki eru í gangi eins og staðan er í dag en bæði Kristinn og Hörður Antonsson, formaður knattspyrnudeildar Fylkis, staðfestu það í gær. „Viðræðurnar við Fylki munu halda áfram. Einhvers staðar finnst lending í málinu,“ sagði Kristinn að lokum.



> Björn rak lestina

Björn Margeirsson, hlaupari úr ÍR, rak lestina í sínum undanriðli á Heimsmeistaramótinu í frjálsu íþróttum sem fer fram í Moskvu um helgina. Björn hljóp á tímanum 3:49,22 og var síðastur í sínum riðli þar sem sjö menn hlupu en tveir komust í úrslitin. Björn hefur þar með lokið keppni á mótinu en hann á best 3:47,84 en 3:48,00 á þessu ári.

Björn hafnaði samtals í 21 sæti af 23 á þessu sterka móti en hann var eini Íslendingurinn sem keppti í Moskvu. Þórey Edda Elisdóttir náði lágmarkinu fyrir mótið í stangarstökki en gat ekki tekið þátt þar sem hún á við erfið meiðsla á öxl að stríða. Það var ví stutt gamanið fyrir Íslendinga í Moskvu.



Meistaradeildin:

## Vieira snýr aftur á Highbury

**FÓTBOLTI** Það verður tilfinningaþrungin stund þegar Patrick Vieira snýr aftur á Highbury í átta liða úrslitum Meistaradeildarinnar þegar Arsenal og Juventus leiða saman hesta sína.

„Stundum koma örlogin á óvart. Auðvitað verða þetta sérstakir leikir fyrir mig en ég mun bara einbeita mér að því að vinna leikinn,“ sagði franskur miðjumaðurinn sem fór frá Arsenal til Juventus síðasta sumar.

### ÁTTA LIÐA ÚRSLITIN

ARSENAL-JUVENTUS  
BARCELONA-BENFICA  
AC MILAN-LYON  
INTER MILAN EÐA AJAX-VILLAREAL

### UNDANÚRSLITIN:

ARSENAL-JUVENTUS-INTER/AJAX-VILLAREAL  
BARCELONA-BENFICA-AC MILAN-LYON

## Við eigum að klára þetta verkefni

Valsstúlkur fóru með 25-21 sigur af hólmi gegn svissneska liðinu LC Bruhl í EHF-Áskorendakeppni Evrópu í gær. Aðeins klaufaskapur Valsstúlkna varð til þess að sigurinn varð ekki stærri en raun bar vitni í lokin.

**HANDBOLTI** Gestirnir frá Sviss áttu ekki roð í sterkar Valsstúlkur til að byrja með sem spiluðu frábæra 3-3 framliggjandi vörn sem kom Bruhl í opna skjöldu. Berglind Íris Hansdóttir lokaði markinu í fyrri hálfleik og varði fimmtán skot en gestirnir skoruðu aðeins sjö mörk í fyrri hálfleik gegn þrettán mörkum Valsstúlkna.

Í síðari hálfleik misstu Valsstúlkur dampinn og urðu kærulausar í sókninni. Alltof mörg mistök í sókninni urðu til þess að Bruhl minnkaði forskotið jafnt og þétt og komst inn í leikinn. Bruhl minnkaði muninn í tvö mörk áður en Valsstúlkur tóku við sér og náðu aftur upp fjögurra marka forskoti sem þær héldu svo til enda.

Ágústa Edda Björnsdóttir var markahæst í liði Vals en hún skoraði sjö mörk og átti stórgóðan leik. Drífa Skúladóttir skoraði fimm og Alla Georgísdóttir fjögur en Berglind Íris Hansdóttir var þó best í Valsliðinu en hún varði 25 skot í markinu og hélt Valsliðinu á floti á tímum.

„Ég er hundóánægður með að vinna ekki stærra en þetta. Við erum með sterkara lið en köstuðum þessu áður okkur. Í staðinn fyrir að bæta við í seinni hálfleiknum þá slökum við alltof mikið á og gerum of mikið af mistökum. Þau geta orðið dýrkeypt,“ sagði Ágúst Jóhannsson eftir leikinn.

„Þegar við urðum fyrir mótlæti og þær fóru að taka Öllu úr umferð

þá urðum við þínu ragar og óoruggar, eitthvað sem á ekki að gestast þar sem við erum með sterkt lið í þeirri stöðu og margar stelpur sem eru góðar maður á móti manni. Því miður kom bakslag í þetta en við eigum að klára verkefnið á morgun. Það verður erfitt en við ætlum okkur að sjálfsögðu áfram,“ sagði Ágúst að lokum.

Síðari leikur liðanna fer svo fram í Laugardalshöll í dag klukkan 14.


- hþh

**VALSSTÚLKUR** Voru óheppnar að missa niður gott forskot sem þær náðu í fyrri hálfleik. Þær eru samt sem áður í góðri stöðu fyrir seinni leikinn sem verður í dag klukkan 14.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



# NÚ GETUR ÞÚ UNNIÐ MAGNAÐAR MINNINGAR



TIPPAÐU Á ENSKA BOLTANN UM HELGINA OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ FERÐ FYRIR TVÖ Á LEIK BARCELONA OG REAL MADRID 2. APRÍL NK.

Kauptu miða á netinu eða á næsta sölustað fyrir kl. 14 á laugardag – aðeins 10 krónur röðin og mundu að geyma miðann!

Nafn vinningshafa eða raðnúmer á sölukvittun verður birt á 1x2.is

1X2  
WWW.1X2.IS

Við tippum!

\*Innfalið er flug og gisting í Barcelona 3 nætur og að sjálfsögðu miðar á leikinn.

Ílla gengur að manna kvennalið ÍBV:

## Spilar lið ÍBV/Selfoss í Landsbankadeildinni?

**FÓTBOLTI** Kvennarád knattspyrnudeildar ÍBV hefur sent frá sér tilkynningu þar sem fram kemur að félagið sé í viðræðum við Selfoss varðandi samstarf í meistaraflokki kvenna.

Í tilkynningunni kemur fram að félagið sé tilbúið að semja við fjölda útlendinga en athygli vekur að „Eyjastelpurnar“ gengi á bak orða sinna, samkvæmt kvennaráðinu, um að spila með. 2. flokkur félagsins er mjög þunnskipaður og eru líklega þrjú ár í að ÍBV geti teft fram frambærilegum meistaraflokki með heimastelpum.

Rætt hefur verið um að leggja meistaraflokkinn niður á meðan en það hugnast ráðinu ekki og því var ákveðið að athuga með samstarf við Selfoss.

- hbg



**EYJASTÚLKUR** eru í vandræðum með að ná í lið og svo gæti farið að þær og Selfoss verði með sameiginlegt lið. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÖL

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

8 9 10 11 12 13 14

### Laugardagur

#### LEIKIR

- 14.00 Fylkir og ÍBV mætast í DHL-deild karla í handbolta í Árbænum.
- 14.00 Valur og LC Bruhl mætast í Evrópukeppni kvenna í handbolta í Laugardalshöllinni.
- 14.00 KA/Þór og ÍBV mætast í DHL-deild kvenna í handbolta á Akureyri.
- 16.15 Afturelding og Valur mætast í DHL-deild karla í handbolta á Varmá.
- 16.15 Vík/Fjö og Þór Ak. mætast í DHL-deild karla í handbolta í Víkinni.
- 16.15 Stjarnan og Haukar mætast í DHL-deild kvenna í handbolta í Garðabænum.

- 16.15 Víkingur og Fram mætast í DHL-deild kvenna í handbolta í Víkinni.

#### SJÓNVARP

- 10.50 Formúla 1 á Ruv. Bein útsending frá tímatökunni fyrir kappaksturinn í Barein.
- 13.05 HM í frjálsu innanhúss á Ruv. Bein útsending frá Moskvu.
- 12.40 Enska knattspyrnan á Enska boltanum. Bein útsending frá leik Chelsea og Tottenham.
- 14.50 Á vellinum á Enska boltanum. Upphitun fyrir leiki dagsins.
- 15.00 Enska knattspyrnan á Enska boltanum. Bein útsending frá leik Everton og Fulham.
- 17.15 Enska knattspyrnan á Enska boltanum. Bein útsending frá leik Blackburn og Aston Villa.
- 20.50 Spænski boltinn á Sýn. Bein útsending frá leik Valencia og Real Madrid.
- 22.50 A1 Grand Prix á Sýn.

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Evrópukeppni kvenna:

VALUR-LC BRÜHL 25-21  
**Mörk Vals:** Ágústa Edda Björnsdóttir 7, Drífa Skúladóttir 5, Alla Georgíjssdóttir 4, Hafrún Krístjánsdóttir 3, Ama Grímsdóttir 2, Rebekka Skúladóttir 2, Sigurlaug Rúnarsdóttir 1, Katrín Andrésdóttir 1.  
**Varin skot:** Berglind Íris Hansdóttir 25 (2 víti).

DHL-deild karla:

HK-ÍR 29-27

STAÐA EFSTU LIÐA:

|          |    |    |   |           |    |
|----------|----|----|---|-----------|----|
| FRAM     | 19 | 14 | 2 | 3 540:496 | 30 |
| HAUKAR   | 19 | 14 | 1 | 4 578:521 | 29 |
| VALUR    | 19 | 13 | 1 | 5 580:527 | 27 |
| FYLKIR   | 19 | 11 | 4 | 4 557:520 | 26 |
| STJARNAN | 19 | 10 | 2 | 7 526:489 | 22 |
| KA       | 19 | 8  | 3 | 8 529:527 | 19 |
| HK       | 20 | 9  | 3 | 9 577:568 | 20 |
| ÍR       | 20 | 8  | 3 | 9 639:617 | 19 |

ÚR SPORTINU

Michael Ballack virðist nær örugglega ganga til liðs við Chelsea í sumar. Inter Milan og Real Madrid voru ásamt Englandsmesturum í samkeppninni um Þjóðverjann en eru nú hætt við. „Inter reyndi að fá Ballack en það var alltof seint. Ég er viss um að hann muni klára að ganga frá sínum málum við Chelsea,” sagði Karl-Heinz Rummenigge, stjórnarformaður Bayern München, í gær en Ballack verður samningslaus í sumar og kostar því ekki krónu.



Rasíliumaðurinn Adriano segir að hann vilji ekki fyrir nokkra muni yfirgefa Inter Milan en hann hefur verið sterklega orðaður við sölu til Chelsea í sumar. „Ég vil aldrei yfirgefa Inter. Ég hef lesið margar hræðilegar sögur um mig en þið ættuð ekki að trúa þeim. Ég er mjög ánægður með lífið hérna, fjölskyldan mín er ánægð hér og ég dýrka stuðningsmennina, sem dýrka mig á móti,” sagði Adriano.

Danska handboltadrottningin Anja Andersen, þjálfari Danmerkur- og Evrópumeistara Slagelse í handknattleik kvenna, hefur verið dæmd í eins árs keppnisbann frá handbolta í Danmörku. Refsinguna fékk hún fyrir að ráðast að dómara í leik í dönsku deildinni nýverið en hún er þekkt fyrir að láta skapið hlaupa með sig í gönur annað slagið. Forráðamenn Slagelse hafa ákveðið að áfrýja leikbanninu.

Öldungalandslið Íslands í krullu varð í næstneðsta sæti í B-flokki á heimsmeistararamótinu sem lauk í gær. Ísland tapaði lokaleiknum gegn Wales, 8-2 en mótið fór fram í Tårnby í Danmörku. Íslenska liðið vann einn leik á mótinu en tapaði fimm leikjum.

Benjamin Raich er nánast öruggur sigurvegari í heimsbikarmótinu í alpagreinum eftir sigur á svígmóti í Japan í gær. Austurríkismaðurinn hefur aldrei orðið heimsmeistari en hann hefur staðið sig feikilega vel á tímabilinu. Raich hefur löngum verið talinn einn efnilegasti skíðakappi í heimi en er nú kominn á hærri stall og á meðal þeirra allra bestu.

Liverpool hefur enn mikinn hug á því að kaupa kantmanninn Símao frá Benfica en hann er fyrirlíði liðsins. „Það var heldur kaldhæðnislegt að leikmaður sem var nálægt því að skrifa undir samning hjá okkur skyldi slá okkur út með marki sínu. Við útilokum ekki að við ræðum frekar um hann við Benfica eftir að tímabilinu lýkur,” sagði Rick Parry, stjórnarformaður Liverpool, í gær en liðið var nálægt því að kaupa Portúgalann síðasta sumar.



Wayne Rooney ryðst fram á ritvöllinn: Stærsti bókasamningur íþróttamanns í sögunni

**FÓTBOLTI** Wayne Rooney verður seint sakaður um að vera mesta mannvitsbrekkan í bransanum en þrátt fyrir þá staðreynd er þessi tvítugi gutti búinn að skrifa undir stærsta bókasamning sem nokkur íþróttamaður hefur gert. Samningurinn er við útgáfurisann Harper Collins og er til tólf ára. Rooney á að „skrifa“ að minnsta kosti fimm bækur á þessu tímabili. Fyrir þiggur hann 5 milljónir punda, eða tæpar 600 milljónir króna, ásamt einhverjum bónusum sem eru sölutengdir.

Júlí og er ævisaga. Í bókinni gefur að finna kafla um HM í Þýskalandi sem verður nýlökkið þegar bókin kemur út. „Fólk hefur gott af því að heyra í mér aldrei þessu vant,” sagði Rooney. „Þegar fólk talar við mig þá segist það ekki hafa búist við því að ég væri eins og ég er. Vonandi kemst það til skila í bókinni hvaða mann ég hef að geyma. Ég er bara venjulegur ungur maður sem spilar fótbolta. Það verða líka hlutir sem koma á óvart í bókinni.“ Hinar bækurnar um Rooney munu einnig fjalla um líf kappans.



WAYNE ROONEY Sést hér með langveiku barni eftir leik. Hann fær væna fúlgu fyrir að skrifa fimm bækur á næstu tólf árum.

Formúla 1: Alonso getur ekki beðið

**FORMÚLA 1** Heimsmeistarinn Fernando Alonso getur ekki beðið eftir að tímabilið byrji aftur í Formúlu 1 en fyrsta keppnin fer fram á morgun í Barein. Í dag fara tímátökurnar fyrir kappaksturinn fram en Spánverjinn telur niður mínúturnar í kappaksturinn. „Ég er eins og lítill strákur sem er að bíða eftir jólinum, ég get ekki beðið. Það verður líka sérstakt að fara út á brautina með númerið 1 framan á bílnum mínum,” sagði Alonso eftir æfingu í gær þar sem hann náði fimmta besta tímanum, en flestir eru á því að hann verði á meðal efstu öku-manna í ár.

**HOLE IN ONE OG SPORTDEILDIN**

**50% AFSLÁTTUR**

**RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM**

**RÝMINGARSALA**

**OUTLET HORNID - 50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM**

**SPORTDEILDIN**

- Hlaupabretti frá Hammer - verð: 79.500.- verð áður: 159.000.-
- Fótboltaspil stórt - verð: 14.950.- verð áður: 29.900.-
- Borðtennisborð lítið - verð: 6.950.- verð áður 13.900.-
- Boxpúði m/hönskum og kennsluspólu - verð 4.950.- verð áður: 9.900.-
- Bumbubaninn - verð 1.600.- verð áður: 3.200.-
- Rafmagnshlaupahjól - verð: 4.950.- verð áður: 9.900.-
- Lyftingabekkur verð: 9.750.- verð áður: 19.500.-

**Hole in One GOLFVERSLUN**

**HOLE IN ONE**

- Golfpokar verð frá 3.900.-
- Xtech járnasett 4-Pw - verð: 9.900.- verð áður: 19.800.-
- Golfhanskar verð frá 575.-
- Golfskór verð frá 2.950.-
- Regnhlífur - verð: 1.200.- verð áður: 2.400.-
- Rafmagnskerrur - verð: 9.900.- verð áður: 29.900.-
- Notaðar kylfur mikið úrval 50%
- Fatnaður mikið úrval 50%

**Opnunartími:**

Mán - fös.....10 - 18  
 Laugardaga.....10 - 16  
 Sunnudaga.....12 - 16

**Hole in One GOLFVERSLUN** | **SPORTDEILDIN**

Hole in One & Sportdeildin • Bæjarlind 1-3 • 201 Kópavogur • Sími: 577 4040 • www.holeinone.is

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„We're all heroes if you catch us at the right moment.“

Svar: John Bubber í Hero árið 1992.


# dagskrá



## Í TÆKINU: JOAQUIN PHOENIX LEIKUR Í GLADIATOR Í SJÓNVARPINU KL. 22.15 Í KVÖLD.

### Fæddist í Puerto Rico

Joaquin Phoenix, öðru nafni Leaf Phoenix, fæddist í Puerto Rico árið 1974. Foreldrar hans, sem eru af írskum, spænskum, ungverskum og rússneskum ættum, tilheyrðu sértrúarsöfnuði og ferðuðust sem sendiboðar um Suður-Ameríku. Þegar Joaquin var sex ára skráðu foreldrarir sig úr söfnuðinum og fluttust til Los Angeles. Móðirin fékk vinnu sem ritari hjá NBC og faðirinn gerðist garðyrkjumaður. Þau hvöttu börn sín til að rækta skapandi hæfileika og réðu til sín umboðsmann sem útvegaði börnunum fimm leikhlutverk. Systkini Joaquins hétu öll nöfnum sem skírskotuðu til náttúrunnar (River, Rain, Liberty Butterfly og Summer) og Joaquin ákvað að breyta nafni sínu yfir í Leaf. Joaquin birtist fyrst á skjánum sem gestaleikari í tveimur sjónvarpsþáttum. Árið 1986 fékk hann fyrsta kvikmyndahlutverkið og þremur árum síðar



lék hann í Parenthood og varð þar með orðinn fræg barnastjarna. Eftir það ákvað Joaquin að draga sig í hlé og flutti með föður sínum til Mexíkó. Árið 1993 lést bróðir Joaquins og upprennandi leikari, River Phoenix, eftir að hafa tekið of stóran skammt af eiturlyfjum. Í framhaldinu öttu vinir Joaquins honum aftur út í leiklistarbransann og hann breytti nafni sínu úr Leaf yfir í Joaquin. Á tíunda áratugnum lék Joaquin í fjölmörgum myndum svo sem Gladiator, Quills, Signs og The Village. Hann hefur hlotið þónokkrar tilnefningar og í janúar hlaut hann Golden Globe-verðlaunin fyrir leik sinn í myndinni Walk the Line. Joaquin skráði sig nýlega inn á meðferðastofnun vegna misnotkunar á áfengi.

▶ 20.40  
**Kvikmyndir**  
THE BABY-SITTERS CLUB

▶ 20.40  
**Söngur**  
ÞAÐ VAR LAGIÐ

▶ 20.00  
**Lífstill**  
KALLARNIR

▶ 22.30  
**Spenna**  
STRANGE

▶ 20.50  
**Fótbolti**  
VALENCIA – REAL MADRID

SIJÓNVARPIÐ

8.00 Morgunstundin okkar 8.01 Gurra grís (45:52) 8.08 Búi! (5:26) 8.19 Lubbi læknir (2:52) 8.32 Arthúr (100:105) 8.59 Sigga ligga lá (2:52) 9.13 Matta fóstra og ímynduðu vinir hennar (27:40) 9.35 Gló magnaða (41:52) 10.00 Kóalabirnir (24:26) 10.25 Stundin okkar 10.50 Formúla 1

12.10 Kastljós 12.40 Handboltakvöld 13.05 HM í frjálsum íþróttum innanhúss 17.50 Táknmálsfréttir 18.00 Hope og Faith (42:51)

18.30 Frasier (Frasier XI)  
18.54 Lottó  
19.00 Fréttir, íþróttir og veður  
19.40 Fjölskylda mín (3:13) (My Family) Bresk gamanþáttaröð um tannlækninn Ben og skrautlega fjölskyldu hans.  
20.15 Spaugstofan  
▶ 20.40 Barnapiuklúbburinn (The Baby-Sitters Club) Bandarísk bíómynd frá 1995 um sjö vinkonur sem fást við að gæta barna og lenda í hverju ævintýrinu á fætur öðru.  
22.15 Skýlmingaþrállinn (The Gladiator) Bandarísk bíómynd frá 2000. Eftir að spilltur prins svikur rómverskan hershöfðingja og myrðir fjölskyldu hans kemur sá síðarnefndi til Rómars í leit að hefnd. Stranglega bönnuð börnum.

0.45 Á báðum áttum 2.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Path to War 8.40 Just For Kicks 10.10 Maid in Manhattan 12.00 A Shot at Glory 14.00 Path to War 16.40 Just For Kicks 18.10 Maid in Manhattan 20.00 A Shot at Glory (Stefnt á toppinn) 22.00 Lara Croft Tomb Raider 2 Fornleifafræðingurinn LaraCroft er hetja nýrra tíma. Bönnuð börnum. 0.00 Quicksand (Stranglega bönnuð börnum) 2.00 O (Stranglega bönnuð börnum) 4.00 Lara Croft Tomb Raider 2 (Bönnuð börnum)

SIRKUS

7.00 Jellies 7.10 Músti 7.15 Pingi 7.20 Magic Schoolbus 7.45 Engie Benjy 7.55 Tiny Toons 8.15 Barney 8.40 Með afa 9.35 Kalli á þakinu 10.00 Jón Oddur og Jón Bjarni 11.35 Home Improvement 4

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Bold and the Beautiful 12.40 Bold and the Beautiful 13.00 Bold and the Beautiful 13.20 Bold and the Beautiful 13.40 Bold and the Beautiful 14.05 Idol – Stjörnuleit 16.05 Meistarinn 17.05 Sjálfstætt fólk 17.45 Martha

18.30 Fréttir, íþróttir og veður  
19.00 Íþróttir og veður  
19.10 Lottó  
19.15 The Comeback (Endurkoman)  
19.45 Stelpurnar Spányir og ferskir þættir með Stelpunum sífýndu. Nýr leikstjóri er tekin við, Ragnar Bragason, og nýir aukaleikarar koma ríkulega við sögu; þ.á.m. Pétur Jóhann „Strákur“ Sigfússon.  
20.10 Bestu Strákarnir  
▶ 20.40 Það var lagið  
21.50 Laws of Attraction (Lögmál ástarinnar) Pierce Brosnan og Julianne Moore eftirsóttá skilnaðarlögfræðinga sem fella hugi saman -nokkuð sem á eftir að valda þeim ómældum og grátbroslegum óþægindum í starfi. Bönnuð börnum.

23.15 The Juror (Stranglega bönnuð börnum) 1.10 The Tuxedo (Bönnuð börnum) 2.45 Undercover Brother (e) (Bönnuð börnum) 4.10 Shot in the Heart (Bönnuð börnum) 5.45 The Comeback 6.15 Fréttir Stöðvar 2 6.50 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

10.30 Dr. Phil (e)

17.30 Fashion Television Nr. 17 (e) 18.00 Laguna Beach (12:17)

18.30 Fréttir NFS  
19.00 Friends (11:24) (Vínir 7) (The One With All The Cheesecakes)  
19.30 Friends (12:24) (Vínir 7) (The One Where They're Up All Night)  
▶ 20.00 Kallamir (e) Það eru þeir Gillzenegger og Party-Hans munu taka hina ymsu karlmann úr þjóðfélaginu og markmiðið er að breyta þeim í hnakka.  
20.30 Sirkus Rvk (e) Sirkus Rvk er í umsjá Ásgeirs Kolbeinssonar, þar sem hann tekur púlsinn á öllu því heitasta sem er að gerast.  
21.00 American Idol 5 (14:41) (e) (Bandaríska stjörnuleitin 5) Fimmta þáttaröðin af vinsælasta þætti heims.  
22.20 American Idol 5 (15:41) (e) (Bandaríska stjörnuleitin 5) Í kvöld eru það strákarnir sem að stíga á sviðið.

23.40 American Idol 5 (16:41) (e) 0.30 Supernatural (4:22) (e) 1.40 Splash TV 2006 (e)

E! ENTERTAINMENT

12.00 101 Most Awesome Moments in... 13.00 101 Most Awesome Moments in... 14.00 Gastineau Girls 14.30 Gastineau Girls 15.00 Gastineau Girls 15.30 Gastineau Girls 16.00 Gastineau Girls 16.30 Gastineau Girls 17.00 Gastineau Girls 17.30 Gastineau Girls 18.00 Gastineau Girls 18.30 Gastineau Girls 19.00 E! News Weekend 20.00 50 Biggest Celebrity Break-Ups 22.00 Awards Fashion Police 23.00 Celebrity Soup 23.30 Girls of the Playboy Mansion 0.00 Wild On Tara 0.30 Wild On Tara 1.00 The E! True Hollywood Story 2.00 Dr. 90210

AKSJÓN

12.45 Yes, Dear (e) 13.15 According to Jim (e) 13.40 Top Gear (e) 14.30 Game tívi (e) 15.00 One Tree Hill (e) 16.00 Dr. 90210 (e) 16.30 Celebrities Uncensored (e) 17.15 Fast-eignasjónvarpið 18.10 Everybody loves Raymond (e)

18.35 Sigtíð (e)  
19.00 Family Guy (e)  
19.30 Malcolm in the Middle (e)  
20.00 All of Us Robert og Tia eru á taugum yfir því að Bobby Jr. hafi séð þau stunda kynlíf.  
20.25 Family Affair Mr.French á stefnumót við dularfulla konu og Sissy ákveður að elta hann.  
20.50 The Drew Carey Show  
21.10 Dr. 90210 í þáttunum Dr. 90210, frá E sjónvarpsstöðinni, er fylgst með lytlæknum fina og fræga fólksins í Beverly Hills við störf sín.  
21.45 Law & Order: Trial by Jury  
▶ 22.30 Strange Stúlka finnst myrt í íbúð sinni og grunur leikur á að morðinginn sé allt annað en menskur.

23.30 Stargate SG-1 (e) 0.15 Law & Order: SVU (e) 1.05 Boston Legal (e) 1.55 Ripley's Believe it or not! (e) 2.40 Tvöfaldur Jay Lenó (e) 4.10 Östöðvandi tónlist

ENSKI BOLTINN

10.00 Ítölsku mörkin 10.30 Ensku mörkin 11.00 Spænsku mörkin 11.30 World Poker

13.00 Gillette World Cup 2006 13.30 Meistaradeild Evrópu (Barcelona – Chelsea) 15.10 Meistaradeildin með Guðna Bergs 15.40 Skólahreysti 2006 16.30 US PGA 2005 16.55 Súpsport 2006 17.00 World Supercross GP 2005-06 17.55 Harlem Globetrotters

18.50 World's Strongest Man (World's strongest man 1990)  
19.50 A1 Grand Prix (Heimsbíkarinn í kappakstri) (A1 Grand Prix – samantekt) Ítarleg umföllun um heimsbíkarinn í kappakstri.  
20.50 Spænski boltinn (Valencia – Real Madrid) Bein útsending frá leik Valencia og Real Madrid í spænska boltanum. Hér erum sannkallaðan stórleik að ræða en þessi lið hafa verið í harðri baráttu í öðru og þriðja sæti. Eftir leikina um síðust helgi situr Real Madrid í 2.sæti en þeir höfðu betur gegn nágrönnum sínum Atl. Madrid.  
22.50 A1 Grand Prix (Heimsbíkarinn í kappakstri) (USA Homestead, Miami) (Keppni 10, dagur 1) Útsending frá næst síðustu keppnishelginni í A1 Grand Prix kappakstrinum.

0.55 Hnefaleikar (Floyd Mayweather vs. Sharmba Mitchell)

**VIÐ MÆLUM MEÐ ...**

**Valencia-Real Madrid**

**Sýn, 20.50**

**Spænski boltinn á Sýn**

Stórleikur fer fram í spænska boltanum í kvöld þegar Valencia tekur á móti Real Madrid. Leikurinn verður sýndur beint á Sýn og hefst útsending kl. 20.50. Liðin eru sem stendur hnífjöfn að stígum í öðru og þriðja sæti og eru í raun þau einu sem geta velgt toppliðinu Barcelona undir uggum. En það er á brattann að sækja því Barcelona hefur tíu stiga forskot á þau og leikurinn því nánast úrslitaleikur um það hvort liðið hefur burði til að halda í við meistarana. Bæði lið hafa verið á góðu skriði upp á síðkastið og liðsmenn Valencia fara væntanlega fullir sjálfstrausts í viðureignina gegn þessum mikla risa eftir að hafa lagt hinn stóra risann, Barcelona, 1-0, í febrúar. Sýn, Valencia-Real Madrid, kl. 20.50.



*Spennandi verður að fylgjast með brasilíska undrabarninu Robinho, hjá Real Madrid, í kvöld.*

**■ Sudoku dagsins**

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á [www.sudoku.com](http://www.sudoku.com). Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 |   |   | 1 | 5 |   |   |   |   |
|   |   | 9 |   | 5 |   |   |   |   |
|   |   | 8 | 9 | 2 |   |   |   | 1 |
|   |   |   | 8 |   | 2 | 4 |   |   |
|   | 2 |   |   |   |   |   | 1 |   |
|   | 9 | 7 |   | 3 |   |   |   |   |
| 6 |   |   |   | 9 | 4 | 1 |   |   |
|   |   |   | 6 |   |   | 4 |   |   |
|   |   | 3 |   | 5 |   |   |   | 2 |

**Lausn á gátu gærdagsins**

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 5 | 9 | 1 | 4 | 2 | 3 | 7 | 8 |
| 3 | 7 | 2 | 5 | 6 | 8 | 1 | 4 | 9 |
| 4 | 1 | 8 | 7 | 9 | 3 | 6 | 2 | 5 |
| 5 | 6 | 4 | 8 | 3 | 1 | 7 | 9 | 2 |
| 2 | 9 | 1 | 6 | 5 | 7 | 8 | 3 | 4 |
| 7 | 8 | 3 | 4 | 2 | 9 | 5 | 1 | 6 |
| 8 | 2 | 6 | 3 | 1 | 4 | 9 | 5 | 7 |
| 9 | 3 | 7 | 2 | 8 | 5 | 4 | 6 | 1 |
| 1 | 4 | 5 | 9 | 7 | 6 | 2 | 8 | 3 |

**▶ 16.10 Heimildamynd**  
HÆTTUR HAFSINS

**NFS**  
10.00 Fréttir 10.05 Helgin – með Eiríki Jónssyni 11.00 Fréttavikan m. Þorfinni Ómarss

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Skaftahlíð 13.00 Dæmalaus veröld – með Óla Tynes 13.15 Fréttavikan 14.00 Fréttir 14.10 Helgin – með Eiríki Jónssyni 15.00 Víkuskammturinn 16.00 Fréttir ▶ 16.10 Hættur hafsins 17.25 Skaftahlíð

18.00 Veðurfréttir og íþróttir  
18.30 Kvöldfréttir/veður  
19.10 Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur Maður vikunnar.  
19.45 Helgin – með Eiríki Jónssyni  
20.45 Fréttavikan m. Þorfinni Ómarss  
21.35 Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur Maður vikunnar.  
22.10 Veðurfréttir og íþróttir  
22.40 Kvöldfréttir/veður

23.20 Síðdegisdagskrá endurtekin 9.00 Fréttavikan m. Þorfinni Ómarss

**RÁS 1** FM 92,4/93,5

6.50 Bæn 7.05 Laugardagur til lukku 8.05 Músik að morgni dags 9.03 Út um græna grundu 10.15 Í þágu íbúanna 11.00 Víkulok-in  
12.00 Hádegisútlarp 13.00 Laugardagsþátturinn 14.00 Er ofbeldi myndi? 14.35 Tónlist á laugardegi 15.00 Til í allt 16.10 Orð skulu standa 17.05 Til allra átta  
18.26 Leikhúsmýslan 19.00 Kríngum kvöldið 22.15 Lestur Passíusálma 22.21 Uppá teningnum 23.10 Danslög

0.10 Útlarp að samtengdum rásum

**RÁS 2** FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 8.00 Fréttir 8.05 Morguntónar 9.00 Fréttir 9.03 Helgarútgáfan 10.00 Fréttir 10.05 Helgarútgáfan  
12.20 Hádegisfréttir 12.45 Helgarútgáfan 16.00 Fréttir 16.08 Geymt en ekki gleymt  
18.00 Kvöldfréttir 18.25 Auglýsingar 18.28 Tónlist að hætti hússins 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 PZ 22.10 Næturvörðurinn 0.00 Fréttir

**BYLGIJAN** FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. 7.00 Ísland í Bitið 9.00 Ívar Guðmundsson  
12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádegis Bylgjunnar 13.00 Bjarni Arason 16.00 Reykjavík Síðdegis  
18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. 19.30 Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

**ÆDRAR STÖÐVAR**

FM 90,9 TALSTÖÐIN  
FM 99,4 ÚTVARP SAGA  
FM 95,7 Effemm / Zúóber tónlistarstöðin  
FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp  
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni  
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying  
FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni  
FM 89,5 Kiss / Nýja bitíð í bænum  
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni  
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying  
FM 104,5 Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying

**SONY**

# Allur pakkinn

**Práðlausir bakhátalarar**

**Kaupauki**

**KLVS32A10 SONY 32" LCD SJÓNVARP**

- 32" LCD sjónvarp
- 768x1366 pixel upplausn
- Borðstandur (hægt að snúa)
- High Definition Ready
- 8 ms sóknartími grátt/grátt
- HDMI tengi
- 2 Scart tengi
- Component tengi

**Tilboðsverð: 279.950 krónur**  
eða 23.329 krónur\* á mánuði í tólf mánuði vaxtalaust.  
**Listaverð: 319.950 krónur**

**DAVDZ700 SONY HEIMABÍÓ DAVDZ700**


- Práðlaust 1000W Heimabíókerfi
- Spilar öll svæði
- Spilar allar gerðir diska
- MP3 og DivX

**Ein fjarstýring fyrir öll tækin!**

like.no.other™

**Sony Center Kringlunni**  
588-7669 / 588-SONY [www.sonycenter.is](http://www.sonycenter.is)

\*Miðað við 12 vaxtalaugar fjafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætt við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.



## HRÓSIÐ

...fær Birgir Hilmarsson, söngvari og gítarleikari Ampop, fyrir að gefa loksins út sólóplötu.

## NÚNA

Sniglar. Lostæti í forrétt með fullt, fullt af hvítlauksmjöri.



Húðlitur. Kemur sterkur inn í sumar og er fallegur við svart.

Kampavín með ferskum jarðarberjum. Settu nokkra jarðarberjahelminga í glas og fylltu það svo af Veuve Cliquot.



Karlmenn með lítað hár. Hvað eigum við að segja þetta oft?



Bling. Nú er um að gera að vera klassískur og naumhyggjulegur.

## BÚIÐ

Sykrud freyðivín. Ekki kaupa jarðarberjalitað gutl í flösku. Not kúl.



|    |    |    |    |    |    |
|----|----|----|----|----|----|
| 1  |    | 2  | 3  | 4  | 5  |
| 6  | 7  |    | 8  |    |    |
| 9  |    | 10 |    | 11 |    |
| 12 |    |    | 13 |    |    |
|    | 14 |    |    |    | 15 |
| 16 |    |    | 17 |    |    |
| 18 |    | 19 |    | 20 |    |
| 21 |    |    |    |    |    |

### LÁRÉTT:

2 skraut 6 bardagi 8 grastegund 9 hrökk við 11 tveir eins 12 fall 14 glóra 16 einnig 17 hækkar 18 óðagot 20 ónefndur 21 traðkaði.

### LÓDRÉTT:

1 plat 3 hæð 4 matarlím 5 kraftur 7 trúr 10 fiskur 13 skír 15 ána 16 margsinnis 19 eldsneyti.

### LAUSN:

16 oft, 19 mó, 7 trýggur, 10 áll, 13 lær, 15 asna, LÓDRÉTT: 1 gabð, 3 ás, 4 gelafrín, 5 fun, 20 n, 21 tróð. LÁRÉTT: 2 faga, 6 at, 8 set, 9 brá, 11



BIRTA OG BÁRÐUR Fjögur ár eru liðin síðan vinirnir birtust fyrst á skjánum en nú eru þau hætt og ætla leikararnir að snúa sér að einhverju öðru.

BIRTA OG BÁRÐUR: HÆTT MEÐ STUNDINA OKKAR

## Tillitssemi við börnin

Birta og Bárður hafa verið umsjónarmenn Stundarinnar okkar í fjögur ár en nú finnst þeim þetta vera komið gott í bili og eru þau því hætt á RÚV. Persónurnar sjálfar lifa í hjörtum og minningum fjölda barna líkt og umsjónarmenn Stundarinnar hafa gert en þeir hafa verið æði skrautlegar og skemmtilegar persónur, allt frá Bryndísi Schram til Gunna og Felix. Þóra Sigurðardóttir og Jóhann G. Jóhannsson standa því á ákveðnum tímamótum og horfa um öxl á skemmtilegt tímabil í sínu lífi. Þau voru þó spennit fyrir nýjum tímum þegar Fréttablaðið náði tali af þeim.

Þóra og Jóhann vildu ekki meina að Birta og Bárður væru horfin fyrir fullt og allt. Þau hefðu

bara sagt starfi sínu lausu en persónurnar ættu sér framhaldslíf. „Þetta er gert í góðu og í raun meðvituð ákvörðun. Við ákváðum að eftir fjögur ár væri þetta hreinlega komið gott,“ segir hún og Jóhann tók undir það með henni, hættu berri leik þá er hæst standi. „Við höfum verið á fullu að gera sömu hlutina og þetta hefur verið ákaflega lærdómsríkt. Starfið er krefjandi og skapandi en nú þurfum við að gera eitthvað nýtt,“ segir hann. Þá telja þau ekki að tímabært hafi verið fyrir börnin að sjá eitthvað nýtt. „Þetta er eina íslenska barnaefnið og því þarf að vanda það,“ segir Jóhann. „Það má því segja að við gerum þetta ekki síst af tillitssemi við börnin,“

bætir Þóra við og hlær. „Sumir eiga eftir að gráta, aðrir fagna og einhverjum verður eflaust alveg sama,“ skýtur Jóhann inn.

Þóra hefur komið víða við að undanförunu og segist hafa mikinn áhuga á að starfa við eitthvað skapandi en framtíðin sé engu að síður óráðin. Jóhann tók þátt í gerð myndarinnar Flags of our Fathers sem Clint Eastwood tók upp hér á landi en sagðist þó ekki vita hvert hugurinn stefndi. „Kannski fer ég að skrifa eða sný mér aftur að leikhúsinu,“ segir hann. Bæði eru þó sammála um að þau séu með mikinn fiðring í maganum. „Þetta var skemmtilegt og krefjandi starf en því er nú lokið,“ segir Þóra.

freyrgjiga@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Egill Gilzenegger hefur vakið umtalsverða athygli með bók sinni Biblía fallega fólksins en í henni birtir hann ítarlegar leiðbeiningar um hvernig meðaljóinn getur breytt sér úr leppalúða í glæsilegan „hnakka“. Gagnrýnendur hafa alveg haldið vatni yfir bókinni og finna henni flest til foráttu. Aðdáendur Gilz virðast þó láta þær predikanir sem vind um eyru þjóta þar sem bókinn er komin í áttunda sæti yfir mest seldu bækurnar í verslunum Pennans, Eymundssonar og Máls og menningar. Þá er bókinn í 6. sæti á lista handbóka, fræðiritra og ævisagna. Gilzenegger er því til alls líklegur á bókamarkaðnum en ef bókinn heldur áfram að klífra upp söluhluta má gera fastlega ráð fyrir að ljósabrúnunum, vöðva-stæltum og ljósstrípuðum karlmönnum muni fjölga verulega á næstunni.



Það var heldur betur handgangur í öskjunni þegar Borgarleikhúsið opnaði fyrir miðasölu á leikritið Fullkomið brúðkaup. Yfir fjögur þúsund miðar seldust á örskömmum tíma og voru lætin það mikil að símkrefi miðasöluar hrundi. Það merkilega er að sýningin fer ekki á fjálfirnar fyrr en eftir einn og hálfan mánuð og því ljóst að Leikfélag Akureyrar á eftir að slá í gegn á mölenni. Verkið hefur fengið frábæra dóma en þau Alfrún Helga Órnólfsdóttir, Guðjón Davíð Karlsson, Jóhannes Haukur Jóhannesson, Marianna Clara Lúthersdóttir, Esther Thalia Casey og Þráinn Karlsson þykja fara á kostum í þessu verki Robins Hawdon sem Örn Arnason þýddi. Magnúsi Geir Þórðarsyni hefur tekist að rífa leikhúsið

upp fyrir norðan því Oliver Twist auk Litlu hryllingsbúðarinnar gerðu góða hluti en sú síðarnefnda varð þó að vikja fyrir Fullkomnu brúðkaupi enda er hún aðsóknarmesta sýningin í sögu leikfélagsins.

- fgg/bþ



**allt**  
atvinna  
Alla sunnudaga

## SKÖTUSELUR HUMAR TÚNFISKUR

FISKBÚÐIN  
HAFBERG  
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686

opið alla laugardaga 10-14

## Flökkukind með eigin þátt

Klukkan ellefu á sunnudagsmorgun hefur göngu sína nýr þáttur á fréttastöðinni NFS í stjórn Höllu Gunnarsdóttur og nefnist hann Þetta fólk. Halla tekur eitt land fyrir í hverjum þætti og skoðar það ofan í þaula. Gestir hennar koma úr öllum áttum þjóðfélagsins og deila með áhorfendum reynslu sinni. „Þetta er fólk sem hefur skrifað ritgerðir um viðkomandi land, ferðast um það eða er þaðan,“ útskýrir hún. Löndin eru af öllum stærðum og gerðum en eiga það flest sameiginlegt að vera okkur hulinn heimur en sérstök áhersla verður lögð á svokölluð þriðja heims ríki. Halla stundar nú meistaranám í Alþjóðasamskiptum við Háskóla Íslands auk þess sem hún sinnir verkefnum fyrir Morgunblaðið og má því segja að hún hafi í nógu að snúast. Nafnið á þættinum vísar til ákveðinnar orðræðu sem okkur er samt að nota þegar rætt er um framandi slóðir. „Mannfólkið á það til að



HALLA GUNNARSDÓTTIR Nýr þáttur hefur göngu sína á NFS sem Halla stýrir en þar verða kynnt lönd sem eru okkur framandi. FRÉTTABLAÐIÐ / E.ÖL

flokka þjóðir í ákveðna hópa, sem í sjálfu sér er allt í lagi, en það má aldrei stýra framkomunni við aðra,“ segir hún.

Halla er mikil flökkukind þó hún vilji sjálf gera lítið úr eigin ferðalögum en viðurkennir að áhugi á öðrum löndum hafi lengi verið til staðar. „Mér þykir hjákátlegt að segjast hafa ferðast mikið. Þeim mun meira sem ég sé af heiminum því minna finnst mér ég hafa séð af honum,“ útskýrir Halla og tekur sem dæmi lítið ferðalag sem hún fór í til Malí í janúar. „Úr fjarlægð virkar Afríka á marga sem mjög einsleit heimsálfa en þetta eru í kringum fimmtíu lönd sem hvert og eitt hefur sína fjölbreyttu menningu,“ segir hún. Halla telur þó mikilvægustu uppgötvunina vera þá hvað við eigum mikið sameiginlegt. „Vinkona mín í Íran og ég erum aldar upp við mismunandi aðstæður en erum þrátt fyrir það ekki svo ólíkar.“

- fgg

# NÝJAR VÖRUR DAGLEGA!



OPIÐ 11-19 ALLA DAGA!

ÞÚSUNDIR GEISLADISKA, DVD  
OG TÖLVULEIKJA Á ÆVINTÝRALEGU VERÐI!

## FRÁ 199,-

EKKI MISSA AF ÞESSU!

LAGERSALA SENU FELLSMÚLA 28  
(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)

...GERÐU BESTU KAUPIN ►





## BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR  
STEINGRÍMSSONAR

### Skuldafen

Alveg væri það týpískt ef það reyndist rétt að íslenska bankakerfið væri reist á brauðfötum og að öll útrásin væri fjármögnuð á yfirdrætti. Þar með yrði það skjalfest að Íslendingar sjái í raun engan mun á því að kaupa plasmásjónvarp og að kaupa verslana-keðjur. Yfirdráttur hefur nefnilega alltaf fallið vel inn í þetta-reddast-eðlið sem er svo ríkt í þjóðinni. Landnámsmennirnir voru örugglega að flýja einhvers konar yfirdrátt þegar þeir sigldu frá Noregi undan Haraldi hárfagra á sínum tíma. Kannski voru skipin þeirra fjármögnuð á raðgreiðslum.

**UMRÆDD** lán ku falla á banka-ana árið 2008 og upphæðin hljómar eitthvað svo há að manni dettur helst í hug að fyrir svona fé gæti maður hæglega keypt tunglið. (Sem er reyndar spurning fyrir þá útrásarmenn: Hver á tunglið?) En það sem gerir þessar fréttir um óhóflega skuldaföfnun svo grát-broslegar er það að margir voru virkilega farnir að trúá því að upp-gangurinn væri reistur á einhverju öðru en bara lánum, eins og vanalega, og að nú væru runnir upp þeir tímar á Íslandi að Íslendingar gætu virkilega vasað um og keypt hluti fyrir fé sem þeir ættu sjálfir í einhverjum skilningi.

**EN** hvaðan hefði það svosem átt að koma? Af hinnum? Auðvitað hlaut þetta að vera svona. Í þessari stöðu gildir þó ekki að missa móðinn og brotna saman. Það sem skýrslur hinna erlendu fjármála-stofnana segja okkur öðru fremur er að Íslendingar eru jú bara alltaf Íslendingar. Það hefur alltaf hent-að okkur ágætlega að skuldsetja okkur fyrst og vinna svo eins og berserkir í nokkur ár til þess að vinna okkur upp úr súpunni. Við viljum lifa á brúninni, þótt það sé kannski ekki endilega æskilegt út frá ýmsum skynsemissjónarmið-um. Við mættum spara meira.

**EF** við ætlum hins vegar að hafa þetta svona, þá er lykilatriði að eyða þessu lánsfé ekki í vitleysu. Hin raunverulega prófraun banka-anna mun auðvitað snúast um það á endanum hvort eitthvað fútt hafi verið í þessum fjárfestingum öllum. Og margt bendir til að þær séu í öllu falli betri en mannsins sem einu sinni flutti inn þúsund hvít gervijólatré í júní og ætlaði að selja.

**PANNIG** að þetta er ekki alslæmt. Það væri nú líka laglegt ef allt færi á hausinn. Og svo myndi kannski fuglaflensan koma á sama tíma. Þá yrðum við aftur bæði fátæk og peningalaus, en það er blanda sem Íslendingar máttu búa við í riflega sjó aldir. Sú reynsla gæti þá komið að gagni. Við kunnum að liggja í bælinu í marga mánuði í sömu nærfötunum og að stytta okkur stundir með rímnakveðskap. Það er reyndar huggun í þeirri allra svörtustu framtíðarsýn að gárungar segja að fuglaflensan muni að öllum líkindum einungis herja á monthana, vindhana, hermikrákur, furðufugla, spéfugla og grallara-spóa. Gæsa- og steggjapartí gætu líka orðið mjög illa úti. Og allir þessir gaukar í skuldafeninu mega sem sagt líka vara sig. En þorsk-hausar sleppa.

# Bjart og ferskt!



290,-

PRALIN vínglas 30 sl



HAKE hnífablokk með 4 hnífum 390,-



95,-  
PLASTIS  
ísmolabakki



CHARM mæliskeiðar 95,-



IRIS diskaburrkur 4 stk. 50x70 sm 350,-



190,-

DRÁLLA skurðarbretti 37x29 sm



BEKVÂM trappa, birki 45x39x48 sm 1.490,-



CHARM spaghettskeiðar 2 stk. 150,-



SEPTIM loftljós Ø37 sm 1.990,-



TREVLIG kökustandur Ø31 sm 990,-



REDA matarílát 5 stk. 290,-



ANNONS pottasett 3 stk. 1.490,-



Barnamáltíð  
kjúklinganaggar,  
franskar og safi

290,-

IKEA Restaurant

**Tilefni til breytinga**  
**Dagana 9. mars - 22. apríl**

Laugardaga kl. 10:00 - 18:00 | Sunnudaga kl. 12:00 - 18:00 | Mánudaga - föstudaga kl. 10:00 - 20:00 | www.IKEA.is

